

Föstudagsviðtalið

Getum tekið á móti fleiri ferðamönnum

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segir tímabundin átaksverkefni ekki duga til þegar kemur að ferðaþjónustu landsins. Mönnun sé brýnasta verkefnið. Orðstír landsins sé í veði. ➔12



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bryndís færð í annað sætið

STJÓRNMÁL Sjálfstæðismenn ákváðu á fundi í Valhöll í gærkvöldi að breyta röð efstu manna á framboðslista flokksins í Suðvesturkjördæmi. Bryndís Haraldsdóttir, sem hafnaði í fimmta sæti í prófkjöri flokksins, var færð upp í annað sætið.

Jón Gunnarsson, Óli Björn Kárason og Vilhjálmur Bjarnason færðust því allir niður um eitt sæti á framboðslistanum. Þeir greiddu allir atkvæði með tillögunni.

Slakur árangur kvenna í prófkjöri Sjálfstæðismanna í Kraganum olli mörgum flokksmönnum vonbrigðum og sögðu nokkrar áhrifakonur sig úr flokknum í kjölfarið. — aó

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Öruggt húsnæði er grunnþörf allra, skrifar Almar Guðmundsson. 16

SPORT Fylkir vonast eftir góðri afmælisgjöf. 18

MENNING Horft frá brúnni frumsýnt í kvöld í Þjóðleikhúsinu 26

LÍFIÐ Engin kvöð að eyða sunnudagskvöldum í beinni með vinkonunum. 34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FYRIRTÆKJAGJAFIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

PRÓFAÐU TREFJARÍKT
ELDHÚSBRAUÐ FRÁ
ÖMMUBAKSTRI



Yfir hundrað milljónir í ferðakostnað

STJÓRNSÝSLA Starfsmenn og kjörnir fulltrúar Reykjavíkurborgar ferðuðust erlendis fyrir 21,4 milljónir króna á árinu 2015. Sé ferðakostnaður allra fyrirtækja borgarinnar og sviða hennar lagður saman nemur hann 121,3 milljónum króna.

Á fundi borgarráðs í gær var lagt fram yfirlit yfir heildarkostnað borgarinnar vegna utanlandsferða. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fór í níu ferðir á árinu 2015 sem kostaði borgina rúmar 2,6 milljónir króna. Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, er eini borgarfulltrúinn sem ferðaðist fyrir meira en milljón. Sigurður Björn Blöndal, borgarfulltrúi Bjartrar framtíðar og formaður borgarráðs, fór fyrir tæpa milljón og Jóna Björg Sætran, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, ferðaðist fyrir um 870 þúsund. Alls

121,3

milljónir greiddi borgin fyrir ferðalög árið 2015.

ferðuðust kjörnir fulltrúar fyrir 12 milljónir króna. Náms- og kynnisferð borgarfulltrúa til Alberta í Kanada var langdýrasta ferðin því þau Marta Guðjónsdóttir og Kjartan Magnússon, borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Skúli Helgason, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, Jóna Björg Sætran og Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, fengu öll 591 þúsund fyrir þessa einu ferð. Alls kostaði ferðin borgina um þrjár milljónir króna.

Heildarkostnaður embættis-

manna nam 9,2 milljónum króna. Þar sker Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, sig úr en hún ferðaðist fyrir 2,2 milljónir króna. Óskar Jörgen Sandholt, skrifstofustjóri þjónustu og reksturs, fór utan fyrir tæpar tvær milljónir og Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri eigna og atvinnuþróunar, ferðaðist fyrir 1,3 milljónir.

Yfirlit yfir kostnað fyrirtækja og sviða innan borgarinnar var einnig lagt fram og var heildarkostnaðurinn um 100 milljónir. Þar sker Orkuveitan sig úr og ferðuðust starfsmenn hennar fyrir 50 milljónir króna. Umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar ferðaðist fyrir um 9,4 milljónir og skrifstofa þjónustu og reksturs fyrir 5,7 milljónir króna.

benediktboas@frettabladid.is



20
ára

Heilsutjútt


26. sept. – 3. okt.

Nýttu tækifærið og hugaðu að heilsunni. Við bjóðum upp á frábær tilboð á ýmsum heilsuvörum.

Allt að
30%
AFSLÁTTUR
af heilsuvörum

www.lyfja.is

Veður



Hæglætisveður í dag og lítils háttar skúrir eða slydduél fyrir norðan. Rigning suðaustanlands, en áfram nokkuð bjart og fallegt veður suðvestan til. Hiti breytist lítið. **SJÁ SIÐU 22**



Allir viðskiptabankarnir þrjú sjá fram á áframhaldandi hagræðingu.

Ekki fleiri uppsagnir á dagskrá

VIÐSKIPTI Engar hópuppsagnir eru fyrirhugaðar hjá Landsbankanum og Íslandsbanka, en á miðvikudag var 46 starfsmönnum Arion banka sagt upp. Veigamesta ástæða uppsagnanna var sögð sú staðreynd að viðskiptavinir kjósi að nýta sér sjálfsafgreiðslulausnir eins og bankaapp netbanka og hraðbanka í stað útibúþjónustu.

Afkoma Arion banka og hinna viðskiptabankanna versnaði einnig milli ára á fyrstu sex mánuðum ársins. Heildarhagnaðurinn nam 34 milljörðum króna í ár, samanborið við 42 milljarða króna í fyrra. Hagnaður af reglulegri starfsemi Arion banka dróst saman um fimm milljarða, og hjá Íslandsbanka stóð hann nánast í stað.

Fram kemur í svari frá Íslandsbanka að á árinu hafi stöðugildum hjá bankanum fækkað um tuttugu vegna sameiningar útibúa og hafi þær breytingar að miklu leyti náðst í gegnum starfsmannaveltu. Engar uppsagnir liggja fyrir en ljóst sé að stöðugt sé reynt að hagræða. Í svari Landsbankans kemur fram að 23 færri stöðugildi voru hjá Landsbankanum og dótturfélögum hans eftir fyrstu sex mánuði ársins en um áramót, en fækkunin varð að langstærstum hluta af eðlilegum ástæðum. – sg

Bæjarins beztu sluppu vel



Litlu munaði að byggingarkrani félli á pylsuvagn Bæjarins beztu í miðbæ Reykjavíkur í gær. Ekki er vitað hvers vegna kraninn féll. Vinkonurnar Bryndís Arna Bridde og Tinna Marín Sigurðardóttir sátu á bekk við pylsuvagninn og litlu munaði að kraninn félli á þær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslensk þrívíddarlinsa fyrir síma

VIÐSKIPTI Kúla Bebe, þrívíddarlinsa fyrir snjallsíma úr smíðju íslenska fyrirtækisins Kúlu, er nú komin í forsölu á vefsíðu fyrirtækisins. Kúlunni er smellt á snjallsíma og svo má nota frítt smáforrit Kúlu og KúlaCode-tölvuforritið til að breyta myndunum, sem teknar hafa verið, í þrívíddarformat og skoða þær í tölvu eða síma.

Kúla Bebe er eins konar litla systir Kúla Deeper, þrívíddarlinsu fyrir DSLR-vélar sem fyrirtækið sendi frá sér á síðasta ári. Íris Ólafsdóttir rafmagnsverkfræðingur hannaði vörurnar og er stofnandi og framkvæmdastjóri Kúlu. Hún segir að fæðingin hafi verið löng, þróunarvinnan tók nokkur ár en Kúla fékk meðal annars styrk frá Tækniþróunarsjóði en lokavaran var svo fjármögnuð á Kickstarter. – sg

Hættulegt ferðalag fyrir fallegar trédúkkur

Íbúar í þorpi einu í Amasonfrumskóginum lögðust allir á eitt við að framleiða nokkur hundruð trédúkkur fyrir veitingastaðinn Sushi Samba í Reykjavík.

SAMFÉLAG „Ég var fengin til þess að aðstoða við hönnun á veitingastaðnum Sushi Samba. Leifur, einn af aðalhönnuðum veitingastaðarins, hafði í huga ákveðna innanstokksmuni sem hann var alveg staðráðinn í að finna til að skreyta staðinn, en hins vegar vissi ég að það gæti orðið mjög erfitt að nálgast þessa tilteknu hluti,“ segir Josy Zareen, spurð hvernig það kom til að sonur hennar, Bruno Beltrao, lagði upp í ferðalag til þorpsins Abaetetuba í Amasonfrumskóginum, til þess að kaupa handgerðar trédúkkur og skrautmuni sem nota átti í þeim tilgangi að fegra veitingastaðinn Sushi Samba í Reykjavík.

„Ég hafði samband við föður minn. Hann bjó á yngri árum í borginni Belem do Para í Brasilíu og kannaðist vel við trédúkkurnar sem ég var að leita eftir, hann sagði mér allt um hönnun þeirra og gaf mér upplýsingar um hvar ég gæti fengið þær,“ segir hún og bætir við að upphaflega hafi trédúkkurnar verið tálgaðar fyrir fátæk börn til að leika sér með.

Josy hafði samband við son sinn, Bruno Beltrao, og fékk hann til þess að ferðast til þorpsins sem er í Amasonfrumskóginum, en ferðalagið þagað er talið hættulegt.

„Ég var alls ekkert viss um að ég væri til í að ferðast þangað einn því þetta er frekar hættulegt ferðalag. Ég fékk vin minn til að koma með mér, þar sem hann þekkti aðstæður betur en ég. Eina leiðin til þess að nálgast handgerðu trémunina er að mæta á staðinn og ræða við heimamenn,“ segir Bruno.

„Abaetetuba er mjög lítið þorp og mikil fátækt er á þessum slóðum. Þegar ég kom þangað í fyrsta skipti fyrir um það bil sex árum var



Trédúkkurnar eru handgerðar í þorpinu Abaetetuba í Amason-frumskóginum.

Eina leiðin til þess að nálgast handgerðu trémunina er að mæta á staðinn og ræða við heimamenn



Bruno Beltrao

heimamaður sem ég ræddi við fyrst virkilega hissa á þessari heimsókn minni. Mér fannst skemmtilegt að sjá hvernig hann brást við: hann bað alla í þorpinu um aðstoð en ákvað að taka ekki allan gróðann fyrir sig, það leið því ekki að löngu þar til allir í þorpinu lögðust á eitt og gerðu fjögur hundruð dúkkur fyrir mig á metíma,“ segir Bruno.

Inn í þorpið koma ekki miklir

peningar, þar sem ekkert er um söluvarning á staðnum. Var það því mikil hjálp þegar Bruno kom í þeim tilgangi að kaupa trédúkkurnar.

„Þeir notuðu peningana til þess að byggja upp þorpið og nú þegar eru þeir farnir að geta hannað vörurnar af meiri nákvæmni.“

Bruno lagði leið sína aftur til Abaetetuba í febrúar síðastliðnum í þeim tilgangi að kaupa fleiri trédúkkur sem verður komið fyrir á Sushi Samba.

„Þegar ég fór aftur til Abaetetuba snemma á þessu ári, voru heimamenn mun betur í stakk búinir til að taka við pöntun minni. Þeir eru orðnir stoltir af tréhönnun sinni og vita að dúkkurnar eru vinsælar hér á landi. Núna eru þeir búinir að bæta við alls konar smáatriðum og dúkkurnar eru orðnar mjög vandáðar og flottar,“ segir Bruno að lokum.

gudrunjona@frettabladid.is

Parftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann

elja
Starfsmannþjónusta

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

— NÝ — COROLLA

Frum-sýning
laugardaginn 1. október kl. 12-16
hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Verð frá: 3.380.000 kr.

Kynntu þér Toyota FLEX

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram-tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur

Mest seldi bíll í heimi!

Við frumsýnum nýja Corollu, næsta skref í 50 ára sigurgöngu endingar og gæða. Sjáðu nýja hönnun með flæðandi línur að utan. Njóttu þess að hafa aukið rými að innan, endurhannað mælaborð og margmiðlunartækni með afþreyingu og meira öryggi í þægilegum akstri. Komdu, skoðuðu og reynsluaktu mest selda bíl í heimi.

Kynntu þér nýja Corollu nánar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Spurðu söluráðgjafa okkar út
í spennandi sértilboð á öðrum
gerðum í leiðinni.

Sala flugvélaeldsneytis á Íslandi tvöfaldaðist á sex árum

ORKUMÁL Sala á eldsneyti á flugvélar hérlendis jókst um 90 prósent milli ára 2009 og 2015, fór úr 116 þúsund tonnnum í 220 þúsund tonn.

„Þetta er gríðarlegt og þetta sér maður í farþegatölunum líka,“ segir Ágústa Loftsdóttir, sérfræðingur hjá Orkustofnun.

Ágústa stýrir gerð spá um eldsneytisnotkun á Íslandi. Samkvæmt síðustu spá sem gefin var út í júlí í sumar og gildir til ársins 2050 er gert ráð fyrir áframhaldandi miklum vexti í sölu þotuelsneytis.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir aukningu í sölu olíu og bensíns á bíla og magnið hefur ekki

verið að aukast mjög mikið síðustu ár þrátt fyrir vaxandi umferð bæði Íslendinga og erlendra ferðamanna. Salan í fyrra var 259 þúsund tonn. Til samanburðar var salan 256 þúsund tonn á árinu 2010.

„Ástæðan er líklega sú að bíla-leigurnar eru alltaf með minnstu og sparneytnustu gerðirnar af bilum,“ segir Ágústa sem nefnir einnig sparnað sem felist í að margir fari um í rútum.

„Svo erum við heimamennirnir, Íslendingarnir, svolítið búnir að leggja stóru jeppunum. Við erum kannski orðin skynsamari þegar kemur að okkar eldsneytisnotkun. Frá 2002 til 2007 var gríðarlegt

220

þúsund tonn af eldsneyti á flugvélar voru seld í fyrra.

aukning, þá voru allir að kaupa sér bensínjeppa. Nú sjást þeir varla lengur,“ bendir Ágústa á.

Þá segir Ágústa reyndar reiknað með að til lengri tíma dragi úr sölu olíu og bensíns á bíla. „Við höfum verið að gera ráð fyrir því að tækniþróunin haldi svolítið í við fjölgunina,“ segir Ágústa Loftsdóttir.



Flugvél Wow air þjónustuð á Keflavíkflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Keyptu gögn úr Panamaskjölum

DANMÖRK Skattayfirvöld í Danmörku hafa keypt gögn um 500 til 600 skattgreiðenda sem nefndir eru í Panamaskjölunum fyrir sex milljónir danskra króna eða um 102 milljónir íslenskra króna.

Danska ríkisútvarpið hefur það eftir fulltrúa skattayfirvalda að þau hafi fengið möguleika á að skoða gögnin áður en þau voru keypt. Gögnin voru keypt af óþekktum heimildarmanni sem hafði aðgang að Panamaskjölunum. – **ibs**

102

milljónir íslenskra króna fóru til kaupa á gögnunum.

Nær milljón til kennaranema

SVÍPÞÓÐ Hægri flokkurinn í Svíþjóð leggur til að þeir sem taka kennaraþróf fái 70 þúsund sænskar krónur í bónus eða sem samsvarar um 930 þúsundum íslenskra króna.

Markmiðið með slíkum bónusgreiðslum er að fá fleiri til að stunda nám í greinum þar sem skortur er á starfsfólki. Fyrir þriggja ára nám yrðu greiddar 50 þúsund sænskar krónur eða um 665 þúsund íslenskar krónur. Þeir sem fara í kennaranám eða hjúkrunarfræði fengu 10 þúsund sænskar krónur fyrir hvert viðbótarmisleri eða 133 þúsund íslenskar krónur.

Landssamband kennara í Svíþjóð er ekki hrifið af skammtímalausnum. Sambandið vill heldur hærri laun og betra vinnuumhverfi. – **ibs**

Húsnæðislán lífeyrissjóðanna hafa margfaldast milli ára

Heildarupphæð nýrra útlána lífeyrissjóða til heimila áttfaldaðist á fyrri helmingi ársins. Samtök fjármála-fyrirtækja vilja banna lífeyrissjóðunum að veita sjóðsfélagalán. Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, segir lánin vera góðan kost fyrir lífeyrissjóðina og sjóðsfélaga. Bannið yrði ekki í þágu þeirra.

VIÐSKIPTI Ný útlán lífeyrissjóðanna til heimila námu í heild 38,6 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins samkvæmt hagtolum Seðlabanka Íslands. Ný útlán námu hins vegar einungis tæplega 5 milljörðum króna á sama tímabili í fyrra. Upphæðin áttfaldaðist því næstum milli ára. Fjöldi nýrra útlána var 523 á fyrri helmingi árs í fyrra en er núna 2.470. Gera má ráð fyrir að þarna sé fyrst og fremst um húsnæðislán að ræða.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), segir eftirspurn eftir sjóðsfélagalánum hafa aukist mikið. „Það er bæði vegna þess að veðmörk hafa verið rýmkuð, en á sama tíma hafa verið hertar reglur um greiðslumót og láns-hæfismót. Þannig að lífeyrissjóðirnir hafa ekki verið að taka aukna áhættu með þessum lánum,“ segir Haukur. Hann segir lífeyrissjóðina líka hafa verið að bjóða upp á lán með hagstæðari vöxtum heldur en aðrir á þessum markaði. „En að hluta til endurspeglar þetta líka bara aukin umsvif í þjóðfélaginu og aukin umsvif á fasteignamarkaði.“

ViðskiptaMogginn greindi frá því í gær að Samtök fjármála-fyrirtækja hafa beint því til Alþingis að lífeyrissjóðum verði gert óheimilt að fjárfesta eignir sínar í beinum lánveitingum til einstaklinga og fyrirtækja. Þetta kemur fram í umsögn sem samtökin sendu efnahags- og



Umsvif á fasteignamarkaði hafa aukist verulega að undanförmu. Það er talið skýra að hluta aukna eftirspurn eftir lífeyrissjóðslánum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

viðskiptanefnd Alþingis í tengslum við frumvarp til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Telja samtökin að æskilegra væri að fjármögnun lífeyrissjóða á lánsfé til heimila og fyrirtækja færi fram í gegnum fjárfestingar í markaðsskráðum fjármálagerningum á borð við sértryggt skuldabréf.

Eðli málsins samkvæmt er skoðun Hauks algjörlega á skjön við skoðun Samtaka fjármála-fyrirtækja. „Lífeyrissjóðir hafa í gegnum tíðina

fjármagnað íbúðalán í einni eða annarri mynd,“ segir hann. Þetta hafi lífeyrissjóðirnir gert með því að fjármagna íbúðalánasjóð, með beinum lánveitingum til sjóðsfélaga og með kaupum á skuldabréfum og núna sértryggtum skuldabréfum af bönkunum.

„Ef lífeyrissjóðirnir geta boðið sjóðsfélögum að lána þetta milliliðalaust, að þá tel ég það vera eðlilega og hagkvæma leið bæði fyrir sjóðsfélaga og þjóðfélagið raunverulega. Þetta er fyrst og fremst spurning um

●● **Þetta er fyrst og fremst spurning um það hvort lífeyrissjóðir eigi að vera milliliðir og lána öðrum peninga til að lána sjóðsfélögum eða eiga þeir að geta boðið sjóðsfélögum upp á lán milliliðalaust.**

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins



það hvort lífeyrissjóðir eigi að vera milliliðir og lána öðrum peninga til að lána sjóðsfélögum eða eiga þeir að geta boðið sjóðsfélögum upp á lán milliliðalaust.“

Haukur bendir á að lífeyrissjóðir hafi lánað sjóðsfélögum um áratugi. Það hafi verið góður ávöxtunarkostur fyrir lífeyrissjóði og góður kostur fyrir sjóðsfélaga. „Þannig að ég skil nú ekki á hvaða forsendum ætti að banna þetta. Ég get ekki séð að hagsmunum almennings verði borgið með því.“ jonhakon@frettabladid.is

Nánari skoðun krefst rökstudds gruns

STJÓRN MÁL Bókhald forsetafram-bjóðenda er ekki skoðað ítarlega nema að rökstuddur grunur sé um að ekki sé allt með felldu. Ástæðan er sú að bókhaldið er yfirfarið af endurskoðanda eða skoðunarmanni þegar það berst Ríkisendurskoðun.

„Við tékkum á því að það sé búið að fara yfir reikningana af endurskoðanda eða skoðunarmanni. Og við skoðum hverjir hafa lagt til framboðsins og athugum hvort þar séu óleyfileg tengsl milli fyrirtækja og hvort það hafi þá nokkuð farið yfir hámarksupphæð,“ segir Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsinga-fulltrúi ríkisendurskoðanda. Þá sé jafnframt skoðað hvort heildarkostnaður við framboð hafi farið yfir leyfilegt hámark, sem er rétt rúmar 37 milljónir króna.

„Ef við teljum að þetta sé eitthvað dularfullt, þá er hægt að skoða það nánar. En af því að það er endurskoðað þá þarf að vera rökstudd ástæða.“ – **jhh**



Frambjóðendur vörðu misjafnlega miklu í baráttunni. Samkvæmt reikningum kostaði framboð Höllu talsvert minna en framboð Davíðs og Guðna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Starfsmannabjónusta

Þarftu að ráða öryggisvörð?

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannabjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

**TAX
FREE**

DAGAR

LEGO[®]

playmobil[®]

**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLU LEGO OG PLAYMOBIL
29. SEPTEMBER - 2. OKTÓBER**

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

168 fjölskyldur á biðlista

HÚSNÆÐISMÁL Alls eru 168 fjölskyldur í Kópavogi á biðlista eftir félagslegu húsnæði í sveitarfélaginu. Kópavogur á 430 íbúðir og í bókun Samfylkingarinnar í bæjarstjórn segir að þörfin fyrir fleiri íbúðir sé augljós. Ása Richardsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir að bókunin sé hvatning fyrir alla í bæjarstjórn að bretta upp ermarnar og stuðla að fleiri íbúðum fyrir efnaminnna fólk og námsmenn.

Ása Richardsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir að bókunin sé hvatning til allrar bæjarstjórnar Kópavogs að bretta upp ermarnar og stuðla að því að fleiri íbúðir verði í boði fyrir efnaminnna fólk og námsmenn.

„Nú er þetta nýja kerfi loks komið, það hefði alveg mátt kynna það betur, en þetta er tækifæri fyrir sveitarfélög og lögaðila,“ segir hún en samkvæmt nýjum lögum um almennar íbúðir geta sveitarfélög og lögaðilar nú



sótt um 18% stofnframlag til ríkisins til að byggja eða kaupa íbúðir fyrir efnaminnna fólk.

Bærinn gerði skýrslu um stöðu húsnæðismarkaðarins árið 2015 þar sem kom fram ein tillaga um að þeir sem hækka í tekjum og falla þannig úr félagslega kerfinu geti keypt þá íbúð sem þeir voru í. „Fyrsta íbúðin þar sem þetta átti við var einmitt seld fyrir nokkrum dögum og erum við ákaflega ánægð með það,“ segir Ása. Samkvæmt skýrslunni er leigjendum boðið að kaupa húsnæðið með 5% útborgun eigin fjár, 80% láni hjá fjármálfyrirtæki og 15% verðtryggingu, vaxtalaus viðbótarláni frá Kópavogsbæ. – bbb

Nú er þetta nýja kerfi loks komið, það hefði alveg mátt kynna það betur, en þetta er tækifæri fyrir sveitarfélög og lögaðila.

Ása Richardsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

Eliza afhjúpaði Bleiku slaufuna



Eliza Reid forsetafrú afhjúpaði í gær Bleiku slaufuna, barmnælu árlegs átaks Krabbameinsfélagsins gegn brjóstakrabbameini, í Kringlunni. Slaufa ársins kostar tvö þúsund krónur og er fánleg á fjölmörgum sölustöðum. Hönnuðir hennar eru gullsmíðirnir Lovisa Halldórsdóttir og Unnur Eir Björnsdóttir. Þær segja slaufuna tákna stuðningsnet kvenna sem greinast með krabbamein. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allt að fimmfaldur munur á kostnaði

Áætlað er að meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskóla nemi 1,72 milljónum króna á yfirstandandi skólaári. Rekstrarkostnaður grunnskóla á hvern nemanda var á milli ein og 5,5 milljónir króna árið 2015. Hæstur í Árneshreppi.

MENNTAMÁL Meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum landsins vegna yfirstandandi skólaárs er 1,72 milljónir króna samkvæmt tölum Hagstofunnar. Rúmlega fimmfaldur munur er á hæsta og lægsta kostnaði nemenda milli sveitarfélaga samkvæmt tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga.


Meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, árið 2015 reyndist vera 1,65 milljónir króna samkvæmt tölum Hagstofunnar og út frá því má áætla að rekstrarkostnaður á hvern nemanda á yfirstandandi skólaári sé 1,72 milljónir króna.

Samkvæmt tölum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2015 var rekstrarkostnaður grunnskóla á hvern nemanda hæstur í Árneshreppi þar sem hann nemur 5,5 milljónum króna, en lægstur í Garðabæ þar sem hann var ein milljón.

Vegjöld landsmeðaltal árið 2015 var 1,26 milljónir krónur samkvæmt tölum sambandsins. Tölurnar eru lægri en hjá Hagstofunni þar sem innri leiga og skólaakstur eru ekki meðtalin. Samkvæmt tölum frá sambandinu er kostnaður áberandi minni á þéttbýlum svæðum. Rekstrarkostnaður er milli 1,0 og 1,5

Rekstrarkostnaður grunnskóla á hvern nemanda í þúsundum króna árið 2015

Heimild: Sambandi íslenskra sveitarfélaga



5,5

milljónir króna kostar hver grunnskólanemi í Árneshreppi.

milljónir króna á höfuðborgarsvæðinu og 1,1 milljón í Akureyrarkaupstað. Aftur á móti er kostnaður með hæsta móti í Borgarfjarðarhreppi, eða 4,3 milljónir króna, og 3,7 milljónir í Kaldrananeshreppi.

Fram kemur í ársreikningi sveitarfélaga 2015 að rekstrarkostnaður grunnskóla á hvern nemanda á Íslandi sé með því hæsta sem gerist meðal OECD-ríkja.

saeunn@frettabladid.is



Styrkir úr Tónlistarsjóði 2017

Umsóknarfrestur til 15. nóvember


Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum úr Tónlistarsjóði til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 2017. Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2016 kl. 17:00.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Upplýsingar og umsóknargögn eru að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Auglýst verður eftir umsóknum í apríl 2017 vegna verkefna á seinni hluta ársins.

Fyrirspurnir óskast sendar á tonlistarsjodur@rannis.is



Þarftu að ráða starfsmann?

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannabjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

Nýr Hyundai Santa Fe

Fjór hjóladrif, sjálfskipting, 200 hestafla dísilvél



ENNEEM / SIA / NM77335

Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá 6.890.000 kr.

**HYUNDAI** | NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

LJÓSDAGAR

-30%



Áður: kr. 14.995

10.497 kr.

VEGGLJÓS

Litir: Svart/grátt/hvitt



-50%



Áður: kr. 7.985

3.993 kr.

HANGANDI LJÓS

Litir: Gull/silfur



20-50%
afsláttur af
inniljósum

-20%



Áður: kr. 6.995

5.596 kr.

LOFTLJÓS

Litir: Svart/grátt/hvitt



-20%

Áður: kr. 9.995

7.996 kr.

LOFTLJÓS

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík



John Cornyn, þingflokksformaður Repúblíkana í öldungadeild Bandaríkjaþings, að lokinni atkvæðagreiðslu. NORDICPHOTOS/AFP

Segir þingið skammsýnt

Bandaríkjaþing samþykkti að heimila bandarískum dómstólum að lögsækja erlend ríki. Obama óttast að með þessu hafi þingið gefið öðrum löndum fordæmi, sem gæti reynst Bandaríkjunum dýrkeypt.

BANDARÍKIN Yfirgæfandi meirihluti þingmanna á Bandaríkjaþingi samþykkti á miðvikudag lög, sem heimila bandarískum dómstólum að lögsækja önnur ríki.

Barack Obama forseti hafði beitt neitunarvaldi sínu á þessi lög, en nægilega stór meirihluti á þinginu er þyngrir á metunum en neitunarvald forsetans.

Það fór svo að í öldungadeildinni voru löggin samþykkt með 97 atkvæðum gegn einu, en í fulltrúadeildinni með 348 atkvæðum gegn 77. Það þýðir að flestir félagar forsetans í Demókrataflokknum á þingi hafa stutt þessa löggjöf.

Obama sakar þá um skammsýni. Þeir séu aðeins að hugsa um möguleika sína í næstu kosningum sem verða haldnar innan fárra vikna.

„Ef það lítur þannig út að menn séu rétt fyrir kosningar að kjósa gegn fjölskyldum þeirra sem létust 11. september, þá er skiljanlega erfitt að greiða atkvæði þannig,“ sagði Obama. „En það hefði samt verið rétt.“

Tílfni laganna er þrýstingur frá aðstandendum þeirra sem létust í hryðjuverkunum 11. september 2001. Aðstandendurnir vilja geta sótt yfirvöld í Sádi-Arabíu til saka fyrir bandarískum dómstólum, í von um að þá sannist að sádi-arabísk stjórnvöld hafi í reynd átt hlut að máli.

„Áhyggjur mína snúast í sjálfu sér ekkert um Sádi-Arabíu eða samúð mína með fjölskyldum fórnarlamba 11. september,“ tók Obama hins vegar fram. „Þær snúast um að ég

Ef það lítur þannig út að menn séu rétt fyrir kosningar að kjósa gegn fjölskyldum þeirra sem létust 11. september, þá er skiljanlega erfitt að greiða atkvæði þannig.

Barack Obama



vil ekki að við stöndum skyndilega frammi fyrir því að þurfa að greiða skaðabætur fyrir allt það starf sem við erum að vinna úti um allan heim og stöndum skyndilega frammi fyrir málaferlum.“

Með þessu hafi þingið sem sagt gefið öðrum ríkjum fordæmi, sem gæti komið Bandaríkjunum í erfiða stöðu. Þingmennirnir segja möguleikann á lögsókn gegn Sádi-Arabíu hins vegar mikilvægan. „Þetta er ekki ákvörðun sem mér finnst léttvæg,“ sagði Demókratinn og öldungadeildarþingmaðurinn Chuck Sumner, einn af höfundum frumvarpsins. „Þetta frumvarp er mér hjartfólgið vegna þess að ég er íbúi í New York og það myndi gefa fórnarlömbum 11. september möguleika á að ná fram örhlitlu réttlæti.“

gudsteinn@frettabladid.is

Tortryggni Bandaríkjanna

Bandaríkjaþing snerist í þessu máli þvert gegn stefnu sem Bandaríkin hafa lengi haft gagnvart erlendu dómvaldi hvers konar.

Þannig hafa þau hafnað aðild að Alþjóðasakadómstólum, sem er stríðsglæpadómstóll Sameinuðu þjóðanna, með aðsetur í Haag. Dómstóllinn tók til starfa árið 2002 og nú eiga 124 ríki aðild að honum, sem þýðir að hægt er að sækja þessi ríki til saka fyrir stríðsglæpi.

Sem aðilar að stofnsamningi Sameinuðu þjóðanna eru Bandaríkin sjálfkrafa aðilar að Alþjóðadómstólum, en árið 1986 komst dómstóllinn að niðurstöðu sem Bandaríkin voru ekki sátt við; að Bandaríkin ættu að greiða stríðsskaðabætur til Níkaragva fyrir að hafa stutt Contra-skæruliða gegn

Sandinista-stjórninni. Bandaríkin brugðust við með því að segja að stjórnarskrá Bandaríkjanna hefði meira vægi en Alþjóðadómstóllinn og beittu neitunarvaldi í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til að koma í veg fyrir að dómnum yrði framfylgt. Í krafti þessa neitunarvalds geta Bandaríkin ákveðið að taka einungis mark á úrskurðum dómstólsins þegar þeim hentar.

Nú í sumar fóru svo Kinverjar að fordæmi Bandaríkjanna og neituðu að taka mark á úrskurði alþjóðadómstóls í deilumáli við nágrennaríki sín um yfirráð á Suður-Kínahafi. Það var reyndar Alþjóðahafréttardómstóllinn en fari svo að reynt verði að fá Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til að framfylgja þessum dómi, þá er Kína rétt eins og Bandaríkin með neitunarvald þar.



Persónuvernd

Nýjar persónuverndarreglur 2018

Hvað þýðir það fyrir þig og þína starfsemi?

Föstudaginn 30. september 2016 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura 13:15-15:00

Persónuvernd boðar til málstofu um nýjar reglur á sviði persónuverndar sem munu taka gildi árið 2018. Hið nýja regluverk markar tímamót í sögu persónuverndarlöggjafar í Evrópu. Um er að ræða umfangsmestu endurbætur á löggjöfinni sem gerðar hafa verið í rúma tvo áratugi. Meðal þess sem verður rætt er:

- Öll íslensk fyrirtæki og aðrir sem vinna persónuupplýsingar fá nýjar skyldur
- Grundvallarréttur einstaklinga til persónuverndar er styrktur
- Stórauðnar sektarheimildir - aukin samvinna evrópskra persónuverndaryfirvalda

Dagskrá:



Setning og fundarstjórn

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar



Aukin réttarvernd einstaklinga

Vigdís Eva Líndal, verkefnisstjóri EES-mála hjá Persónuvernd



Nýjar og breyttar skyldur í starfsemi fyrirtækja og stofnana

Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd

Málstofan er sú fyrsta í fundaröð Persónuverndar um hið breytta regluverk og fer fram á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi, föstudaginn 30. september 2016, kl. 13:15 - 15:00. Vinsamlegast skráið þátttöku á postur@personuvernd.is.

5

Fimm ára ábyrgð

HAGSTÆÐARA GENGI
**LÆKKUM
VERÐ**
Á ÖLLUM NÝJUM BÍLUM!




Verð frá aðeins
3.490.000 kr.

Velkomin í Tivoli!

Fjór hjóladrifinn / Sjálfskiptur / Ríkulega búinn

Bílabúð Benna kynnir sportjeppann Tivoli, nýjasta smellinn frá bílaframleiðandanum SsangYong í Suður-Kóreu. Tivoli er allt í senn, flottur, ríkulega búinn, fjór hjóladrifinn og einstaklega lipur í akstri. Tivoli er fyrir þá kröfuhörðu sem kunna að meta stílhreina hönnun, gegnheil gæði og frábært verð – velkomin í Tivoli!



**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum


Kíktu í heimsókn á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.

Reykjavík
Tangarhófa 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

 **SSANGYONG**



Áherslur stjórnvaldaflokkanna í skattamálum

Áherslur stjórnvaldaflokkanna eru mjög ólíkar. Margir þeirra vilja hins vegar nýta kerfið bæði til tekjuöflunar og sem jöfnunartæki.

Björt framtíð

- Einfalda virðisaukaskattskerfið og fækka undanþágum. Tekjuskattskerfið hentar betur til tekjujöfnunar heldur en virðisaukaskattskerfið.
- Lækka tryggingagjaldið enn frekar, enda hefur atvinnuleysi minnkað mjög.
- Fjölga tekjustofnum fyrir sveitarfélög, t.d. af ferðamennsku og komast að framtíðarsamkomulagi um skiptingu tekjustofna.

Framsóknarflokkurinn

- Haldið verði áfram að einfalda skattkerfið.
- Persónuafsláttur verði hækkaður.
- Varlega verði farið í frekari breytingar á virðisaukaskattskerfinu.
- Virðisaukaskattur á fötum og skófatnaði fyrir börn verði felldur niður.
- Erfðafjárskatturinn verði endurskoðaður.

Viðreisn

- Skattkerfið verði endurskoðað og búin til stefna um tekjuöflun ríkisins til lengri tíma með það að markmiði að auka skilvirkni þess.
- Endurskoðunin leiði til þess að undanþágum og þyngjandi reglum verði fækkað.

Sjálfstæðisflokkurinn

- Sköttum verði haldið í lágmarki.
- Undanþágum í virðisaukaskattskerfinu verði fækkað.
- Fjármagnstekjuskattur og erfðafjárskattur verði lækkaður.
- Lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið.
- Haldið verði áfram að afnema vörugjöld og tolla af fleiri vöruflokkum, t.d. af ýmsum matvælum.

Íslenska þjóðfylkingin

- Stefna að hækkan persónuafsláttar þannig að 300 þúsund verði skattfrjálsar.
- Hér verði 20 prósent flatur skattur á línuna, sem myndi gerast í skrefum.
- Farið verði varlega í skattahækkanir, lægra skattahlutfall skili ríkinu hærri skatttekjum.
- Tryggingagjald á fyrirtæki verði lækkað, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki.

Flokkur fólksins

- Allar undanþágur er varða virðisaukaskattskerfið verði afnumdar.
- Fiskveiðistjórnunarkerfið verður endurskoðað og veiðiheilmildir boðnar upp.

Húmanistaflokkurinn

- Lækka tryggingagjald á fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki
- Sköttum beitt til að færa til fjármagn og minnka tekjumun í þjóðfélaginu
- Tobin-skattur verði lagður á allar fjármagnstílfærslur
- Háa skatta á eignir og auð ofurríkra einstaklinga
- 70 prósent skattur lagður á hæstu laun
- Endurheimta skatta úr skattaskjólum
- Skattar ekki lagðir á tekjur undir lágmarksframfærslu

Píratar

- Ákveðið hlutfall skatta af rekstri og störfum fyrirtækja skulu renna beint til þess sveitarfélags þar sem starfsemi eða verslun fer fram
- Vilja að einstaklingar, 16 ára og eldri, fái greiddan ónýttan persónuafslátt
- Fjármagnstekjuskattur verði hækkaður úr 20% í 30%
- Tollar á matvælum og innflutningshömlur aðrar en af heilbrigðisástæðum lækki í áföngum og falli að lokum niður

Alþýðufylkingin

- Skattar verði færðir frá tekjum almennings og yfir á hagnað fyrirtækja
- Fjármagnstekjuskattur sé ekki lægri en efsta þrep tekjuskatts
- Landshlutatengdar skattaívilnanir verði notaðar til að hafa áhrif á samfélagslega þætti eins og umhverfismál, orkunýtingu og byggðamál

Samfylkingin

- Tekjuskattur skal vera þrepaskiptur og vera tekjustofn og jöfnunartæki. Skoða þarf hvort ástæða sé til að auka bilið milli skattþrepa og fjölga þeim
- Efla á barnabótakerfið og koma á skilvirku kerfi húsnæðisbóta sem taki við af núverandi vaxta- og húsaleigubótakerfi
- Tryggja þarf sanngjarnt framlag tekjuhærra hópa og stóreignafólks til samfélagsins í gegnum skattkerfið

Dögun

- Persónuafsláttur þarf að vera nógu hár til að laun sem nema lágmarksframfærslu séu skattfrjáls
- Skattkerfið verði þrepaskipt með stighækkandi skatti á hæstu laun
- Sveitarfélög fái hlutfeld í fjármagnstekjuskatti
- Tryggingagjald verði lækkað

Vinstri græn

- Skattkerfið sé nýtt bæði til tekjuöflunar fyrir sameiginlega uppbyggingu og til kjarjöfnunar
- Staðinn verði vörður um þrepaskipt tekjuskattskerfi
- Hlutfall fjármagnstekjuskatts verði hækkað til samræmis við almennan tekjuskatt
- Notendur auðlinda, þar á meðal orkuauðlinda og sjávarauðlindarinnar, greiði fyrir það sanngjarnt gjald til þjóðarinnar

Vilja að fleiri greinar greiði auðlindagjald

Forystumenn stjórnvaldaflokkanna eru almennt sammála um að fleiri atvinnugreinar en sjávarútvegur greiði auðlindagjald. Forsætisráðherra segir óraunhæft að fækka virðisaukaskattsþrepum niður í eitt. Formaður VG segir þörf á að efla heilbrigðisþjónustuna.

Kosningar
2016

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Forystumenn stjórnvaldaflokkanna á Alþingi eru almennt sáttir við hugmyndir verkefnisstjórnar um breytingar á skattkerfinu. Hugmyndirnar voru birtar opinberlega í sumar en Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði, kynnti þær á fundi Viðskiptaráðs og Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í gær.

Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra og formannsframþjóðandi í Framsóknarflokkinum, sagði þó að sér hugnaðist síst tilagan um eitt virðisaukaskattskerfi. „Það eru margar ástæður fyrir því. Það eru ekkert mörg lönd í kringum okkur sem hafa farið þessa leið. Fyrst og fremst Danmörk,“ sagði Sigurður Ingi. Hann bætti við að með þessari breytingu yrði samkeppnisstaða Íslands við önnur lönd verri og þrýstingur myndi skapast á að setja virðisaukaskattinn niður í núll. „Þetta er útópía sem er falleg fyrir marga í hagfræði en pólitískt held ég að hún sé mjög erfið,“ sagði Sigurður Ingi.

Oddný G. Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagðist í raun vera hrifin af hugmyndinni um eitt virðisaukaskattþrep.

„En vandinn sem er þarna er að maturinn fer þá úr 11 prósentum í 19,“ sagði Oddný. Hún segist sannfærð um að slík hækkan kæmi sér illa fyrir fólk sem hefði ekki mikil á milli handanna. „Þess vegna set ég spurningarmerki við þetta. Það yrði þá að koma einhver kröftug mótvegisáðgerð til þess að mæta þessu,“ sagði Oddný. Björt framtíð telur að einfalda megi virðisaukaskattskerfið með fækkun undanþága en Óttarr Proppé, formaður flokkans,



Fulltrúar stjórnvaldaflokkanna ræddu skattamál í gær. Þeirra á meðal voru Bjarni Benediktsson, Smári McCarthy, Óttarr Proppé og Þorsteinn Viglúndsson. FRÉTTABLAÐIÐ/

GVA

sagði að það þyrfti að fara varlega í þær breytingar.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að það gæti verið flókið að gera virðisaukaskattskerfið að einu þrepi og breytingarnar sem hingað til hefðu verið gerðar hefðu verið flóknar. „En ég held að það geti verið sóknarfæri í vaskbreytingunni með því að horfa á hana sem skattalækkan.“

Sigurður Ingi segir mikilvægt að þegar auðlindagjöld séu ákveðin sé mikilvægt að horfa heildstætt á atvinnulífið, en ekki einungis á

sjávarútveginn. „Við Framsóknarmenn höfum sagt að það er mikilvægt að horfa á heildarmyndina og segja að það verði að vera eitthvert jafnræði í gjaldtöku á þessum auðlindum okkar allra,“ sagði hann.

Sigurður Ingi sagðist hlynntur hugmyndum um gistináttagjald og gjaldtöku á bílastæðum við ferðamannastaði. Þá sagði Sigurður Ingi að veiðigjaldakerfið væri ekki nægjanlega gott. Það þyrfti að snúast um arðsemina. En forsætisráðherrann sagði mjög brýnt að horfa á heildarmyndina. Gagnrýndi hann

hugmyndir vinstri flokkanna um ókeypis heilbrigðiskerfi sem fjármagna ætti með auknum álögum á sjávarútveginn. „Það er enginn að fara að taka tugi milljarða, til dæmis af sjávarútvegi, til þess að standa undir einhverjum skattalækkanum fyrir alla aðra eða að allt í einu verði einhver kerfi ókeypis. Við verðum að horfa á heildarmyndina og hvað er raunhæft,“ sagði hann.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sagði að efnahagsmál á Íslandi væru í ágætum farvegi en það væri þörf fyrir uppbyggingu innviða. Gjöld á

sjávarútveg væru bara ein leið til að fjármagna það. „Við teljum að það sé hægt að sækja ýmsar tekjur. Við lögðum á sínum tíma á orkuskipt, sem er einhvers konar auðlindatekjuskattur,“ sagði hún. Eðlilegt sé að taka gjald af hverjum þeim auðlindum sem nýttar eru í arðsemiskyni.

„Ferðaþjónustan hefur ekki fengið verðskuldaða athygli í stefnumótun stjórnvalda. Þar hefur tími farið til spillis og við höfum verið á rangri leið í því að hugsa hvernig við viljum að ferðaþjónustan skili tekjum til samfélagsins,“ sagði Katrín.

Gólfefna- og hreinlætistækjadagar



Afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI
– það er gott verð!

15-50% AFSLÁTTUR



2.971 kr. m² **15% AFSLÁTTUR**
Harðparket EVEREST Hvíttuð eik verð áður 3.495

15% AFSLÁTTUR

CERAVIVA 60X60
2.797 kr. m² VERÐ ÁÐUR KR. 3.290

15x60
30x60
60x60

25% AFSLÁTTUR

2mm undirlag 16,5m² kr. ~~2.890~~ **2.168**

15% AFSLÁTTUR

EUROWOOD 8 mm Harðparket TWO STRIP bandsöguð áferð 19,3x138cm ~~1.995~~ kr. m² **1.696**

AC4

15% AFSLÁTTUR

3.392

WINEO harðparket planki Tirol eik grá 1845x195x10mm kr. **3.990**

15% AFSLÁTTUR

2.542

WINEO harðparket (LA048SV4) Dökk eik 1380x160x8 mm kr. **2.990**

20% AFSLÁTTUR

1.595 **1.276**

Breidd: 67cm
Verð pr. lengdarmeter

KRAIBURG og PROLINE
GÆÐA UNDIRLAG FYRIR PARKET OG FLISAR **25% AFSLÁTTUR**

Hitastýrð blöndunartæki

GUOREN

20% afsláttur

Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja. **20% afsláttur**

Guoren TLY Sturtusett ~~39.990~~ **31.992**

BOZZ hitastýrt baðtæki m/úrtaki ~~13.990~~ **11.192**

20% afsláttur

Guoren-AL Hitastýrt tæki með uppstút ~~13.990~~ **11.192** **20% afsláttur**

Guoren-BO Hitastýrt tæki með niðurstút ~~13.990~~ **11.192**

15% afsláttur

Guo 539-1 með veggstálplötu, grind fylgir, 1mm stál ~~16.990~~ **14.442**

Ido Trevi vegghengt með setu ~~18.990~~ **16.142**

15% afsláttur

Cisa Layer kr. ~~5.990~~ **5.092**

15% afsláttur

Schutte blöndunartæki 79110 ~~9.890~~ **8.407**

15% afsláttur

Ceravid Basic handlaug - Sett með öllu ~~16.900~~ **14.365**

25% afsláttur

1.043

Hágæða flísalím og fúga

Murexin Flísalím 25kg kr. 3.190 **20% afsl. kr. 2.552**
Murexin Rakapéttkvoða 7kg kr. 6.290 **20% afsl. kr. 5.032**
Murexin flísa fúga 8kg kr. 2.795 **20% afsl. kr. 2.236**
Murexin Silicone kr. 1.395 **20% afsl. kr. 1.116**



Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18

Tilboð gilda 22/9-15/10 2016 meðan birgðir endast - Fyrirvari um prentvillur.



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ



Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segir að allt bendi til þess að ferðamenn komi ánægðir úr ferðum hingað til lands og að Íslendingar séu gestrisin þjóð sem vilji gera vel við gesti sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Ókkur hættir til að horfa á ferðaþjónustuna sem lífræna atvinnugrein sem bara vex. Eins og hún sé andstæð við ósjálfbærar atvinnugreinar eins og stóriðju. En hana þarf að styðja.“ Þetta segir Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri ríkisins. Hún veitir forstöðu Ferðamálastofu sem sér um leyfisveitingar til ferðaþjónustufyrirtækja, rannsakar viðhorf almennings til ferðaþjónustunnar og ferðamanna til Íslands og reynir að láta allt ganga upp í samfélagi þar sem ferðaþjónustan hefur vaxið umfram allar spár síðastliðin ár.

Óg ófugt við það sem margir halda fram virðist dæmið vera að ganga upp. „Samkvæmt könnunum sem við erum að gera er ánægjustuðullinn mjög hár. Bæði segir fólk að langstærstum hluta að ferðin hafi uppfyllt væntingar en jafnframt segjast margir vilja koma aftur. Nýjasta spurningin okkar, sem er notuð sem mælikvarði í mörgum öðrum löndum, er hvort ferðamaðurinn sé líklegur til að mæla með áfangastaðnum við aðra og þar er stuðullinn í kringum 80. Það er bara mjög hátt.“ Til samanburðar má nefna að Danmörk mælist með 70 stig og Nýja-Sjáland með 76 stig.

Vetrarkönnun Ferðamálastofu sýnir svo ekki verður um villst að ferðamenn eru ánægðir. 95,9 prósent ferðamanna frá október í fyrri og fram í maí segja ferðina til Íslands hafa staðist væntingar. En eru Íslendingar ánægðir með aukinn ferðamannastraum til landsins? „Samkvæmt þeim könnunum sem bæði við og Reykjavíkurborg höfum staðið fyrir þá er langstærstur hluti þeirra sem svara jákvæður gagnvart ferðamönnum. Vissulega eru uppi raddir sem eru gagnrýnar og stundum á köflum neikvæðar og það eru áhrif sem við verðum að hlusta á. En þegar við skoðum af hverju fólk hefur áhyggjur þá kemur í ljós að við erum gestrisin þjóð og áhyggjurnar snúa að aðgerðum stjórnvalda um hvernig á að byggja upp. Mér finnst þær áhyggjur sýna mikla umhyggju í garð okkar gesta.“

Kerfisbreytinga þörf

„Þegar þú ert með atvinnugrein sem vex svona ofboðslega hratt eins og ferðaþjónustan hefur gert þá muntu alltaf mæta áskorunum.

Nóg komið af átaksverkefnum, nú þarf kerfisbreytingu

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segir að það hljóti að verða að kosningamáli hvernig hlúa eigi að ferðaþjónustunni. Tímabundin átaksverkefni dugi ekki til þegar bregðast þurfi við ferðamannastraumnum með auknum fjárútlátum í samgöngur, löggæslu og grunnstoðir samfélagsins.

Óundirbúinn á fjöllum

Samhliða því að vera ferðamálastjóri hefur Ólöf sinnt leiðsögn á sumrin. Henni eru sérstaklega minnisstæðir tveir ungir ferðamenn, annars vegar maður sem laug sig inn í hestaferð yfir Sprengisand alveg óreyndur hestamaður, og hins vegar óreyndur göngumaður sem ætlaði að ganga Laugavegin í engu nema lycra-stuttermabol og þunnum jakka. „Það lá snjór yfir öllu og hann hafði engin fót með sér, ekki húfu, vettlinga eða ullarnærföt.“

Ferðaþjónustan tengist svo mörgu af því sem við teljum til almanna-gæða. Við erum enn með kerfi sem að mörgu leyti tekur ekki tillit til ferðaþjónustunnar. Heilsugæslan fer ekki varhluta af fjölgun ferðamanna. Öll öryggisgæsla, allt frá lögreglu og að hálendisvaktinni, er undir meira álagi. Það er ráðist í alls konar átaksverkefni en lögreglan á Suðurlandi er ekki farin að fá fjármuni til að setja inn í sína rekstraráætlun þá staðreynd að ferðamönnum hefur fjölgað gríðarlega. Þarna þarf bara að verða kerfisbreyting.“

Ólöf nefnir sem dæmi að áætlanir Vegagerðarinnar taki ekki mið af þörfum ferðamanna. „Það kom fram hjá starfsmanni Vegagerðarinnar á fundi um daginn að þjónusta þeirra sé byggð upp á því að það sé sótt mjólk og börnum komið í skólann. Hún byggir ekki á því að það sé heil atvinnugrein sem grundvallist á að hægt sé að keyra um vegi landsins.“

Kerfisbreytingar taka tíma því það þarf að breyta hugsunarhætti

þannig að ég þurfti að lána honum öll fötin mín. Það var vont veður í þessari ferð og rigndi og rigndi og hópurinn var pinulítið bugaður. Síðasta daginn þegar við erum að fara yfir Fimmvörðuháls stoppa ég hópin og segi að nú sé góða veðrið bæði flöt en Ólöf vill meina að fyrst þurfi að komast að niðurstöðu um hvað edlilegt þyki að svo sértækt gjald eigi að fjármagna.

Mér finnst umræðan einskorðast of mikið við það hvernig við „náum peningum“ af ferðamönnum.

hjá fólk. Ég vænti þess að þegar nær dregur kosningum komi flokkarnir með mjög skýr svör um hvaða pláss þeir ætli þessari atvinnugrein í framtíðinni.“

Þarf umræðu um gjaldtöku

Á síðustu tveimur kjörtímabilum hafa ýmsar áætlanir stjórnvalda um að afla meiri tekna í gegn um ferðaþjónustuna ekki skilað árangri. Gistinnáttagjaldið og náttúrúpassinn féllu bæði flöt en Ólöf vill meina að fyrst þurfi að komast að niðurstöðu um hvað edlilegt þyki að svo sértækt gjald eigi að fjármagna.

„Þess ber að geta að ferðaþjónustan skilar gríðarlega miklu inn í samfélagið. Öll umræða um aðrar leiðir þarf að taka mið af því. Sérstakur gjaldstofn mun aldrei standa undir öllu því sem

á næsta áfangastað okkar. Ég sagði eins móðurlega og ég gat: „Ég er ekki reið við þig. Þú hefur bara valdið mér svo miklum vonbrigðum.“ En það gladdi mig daginn eftir, þegar við gengum í mjúkrí rigningu, hvað hann var ánægður með ferðina og búinn að ákveða að halda gönguferðum áfram. Það gleður mann fátt meira eftir rigningu, slyddu og lárétt hagléi að fólk komi ánægt úr slíkum ferðum. Það er íslensk ferðaþjónusta í hnotskurn.“

við gætum mögulega flokkað sem kostnað. Ef við viljum auka tekjur ríkisins er sjálfsagt að fara í gegn um skattkerfið með það. En ef við viljum fjármagna uppbyggingu almennt á ferðamannastöðum þá eru ýmsar leiðir til í því,“ segir Ólöf.

Hún bendir á að ekki sé búíð að ákveða hvort ríkið eigi aðeins að koma að uppbyggingu á ferðamannastöðum í opinberri eigu eða hvort ríkið taki þátt í að fjármagna ferðaþjónustu sem einkaaðilar geti svo nýtt til gróða.

Hún finnst umræðan einskorðast of mikið við það hvernig við „náum peningum“ af ferðamönnum. Það er verið að byrja á röngum stað. Eiga ferðamenn að fjármagna það að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegum? Við notum þær líka.“

Hún segir að hið opinbera þurfi einnig að vera ákveðnara í ákvarðanatöku. „Á sama tíma þarf líka að sýna meiri vilja og skilning á því að ferðaþjónustan er alvöru atvinnugrein og í hana þarf að verja alvöru fjármunum.“

Brýnasta verkefnið

„Við erum mjög verkfræðileg í þessari nálgun okkar á hugtakið uppbygging. Við sjáum alltaf fyrir okkur að það sé verið að byggja eitthvað. Það má samt ekki gleyma því að ferðaþjónustan er mannleg atvinnugrein. Það er ekkert sem mun tryggja öryggi ferðamanna betur en að þeim séu veittar góðar upplýsingar og ekkert sem tryggir náttúruvernd betur en að á staðnum sé manneskja sem getur frætt þig og passað að þú gerir ekki eitthvað sem á ekki að gera. Hamarinn og naglinn koma ekki í staðinn fyrir það,“ segir Ólöf.

Hún spyr sig hvernig eigi að manna öll þau störf sem verða til í geiranum. Á komandi árum muni erlent vinnuafli þurfa að setjast hér að til að fullmanna öll störf tengd ferðaþjónustunni. Það sé fólksfjölgun sem verði að mæta með húsbýggingum, fjölgun plássá í leikskólum og grunnskólum og svo framvegis.

Ekkert bendi til þess að ferðamönnum fari að fækka eða fólk vilji hætta að upplifa ævintýri. „Þessi fjölgun hefur verið gígantísk. Auðvitað eru ýmsar áskoranir og verkefni sem við þurfum að tala um. Ef við setjumst með hendur í skaut þá myndi fljótleiga fara að syrta í álinn.“

Fjölgun ferðamanna hefur verið langt umfram væntingar og spár á undanförunum árum. Ég tel að á næstu misserum sé ekkert sem bendir til annars en að fjölgunin haldi áfram. Fjölgun sem væri á pari við fjölgun ferðamanna í Evrópu, sem er um fimm prósent, væri að mörgu leyti æskilegri því þá höfum við yfirsýn, ekki síst varðandi menntun fólks inn í greinina.“

Ferðamálastofa hefur tekið upp eftirlitskerfi sem heitir Vakinn og er gæðakerfi fyrir ferðaþjónustufyrirtæki. 72 fyrirtæki hafa farið í gegnum ferlið og 80 eru að vinna í að uppfylla staðla verkefnisins. „Það er það sem skilur á milli feigs og ófeigs ef það skellur á ný heimskreppa. Að af ferðaþjónustunni fari gott orð. Það kemur í ljós að 40 prósent af okkar gestum segjast hafa ákveðið að koma til Íslands á grundvelli þess sem einhver vinur eða vandamaður sagði þeim um landið. Þeir segja að á eftir náttúrunni sé helsti styrkleiki íslenskrar ferðaþjónustu fólkíð og samskipti við það. Fólkíð er frábær auðlind.“

visir.is Lengri útgáfa af greininni er á Vísí.



LÍFIÐ ER ÞITT FERÐALAG

Gerðu lífið einstakara með Volvo V40 Cross Country

Þú upplifir ævintýri í V40 Cross Country. Hann er aflmikill, stórglæsilegur og veghæðin er mikil. Útlitið er nú orðið enn einbeittara með nýju grilli, nýjum Þórshamar LED framljósum og 17" Keid álfelgum.

Verð frá 4.590.000 kr.

**KOMDU OG SKOÐAÐU
NÝJAN VOLVO V40 CROSS COUNTRY
Í BRIMBORG**

MADE BY SWEDEN
VOLVOCARS.IS



Við hugsum öðruvísi. Menning Svíþjóðar og loftslag hefur mótað okkur. Kannski er það ástæðan fyrir því að fólk hefur alltaf skipt okkur mestu máli. Alveg frá árinu 1927 hefur útgangspunktur okkar verið fólk. Við höfum fundið upp nýjungar sem gera Volvo bíla meðal þeirra öruggustu í heimi með þægindum sem gera aksturinn áhyggjulausan. Við höfum einnig gert þá betri fyrir umhverfið. Framtíðarsýn okkar er að frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi með framúrskarandi öryggi, skandinavískum lúxus og sparneytni. Volvo á Íslandi - Brimborg.


Stjórnvöld á

**Við fjölmennum kannski ekki á öll mótmæli
en við mætum á kjörstað og vitum
hvar við setjum x-ið á kjörseðilinn.
Við erum 41.633 atkvæði.**



Síðasta séns!

Á fundum sem undirritaður átti með forystumönnum stjórnarflokkanna í upphafi kjörtímabilsins var því lofað að málefni aldraðra yrðu sett á oddinn. Það loforð var svikið. Viðlíka loforð hafa stjórnvöld gefið á opinberum vettvangi og einnig svikið. Nú er svo komið að ítrekaðar vanefndir á fyrirheitum um eðlilegar og sanngjarnar kjarabætur, eru orðnar að örgustu móðgun við 41.633 eldri borgara þessa lands sem margir hverjir njóta ekki sjálfsagðra þæginda eins og einkasalernis.



Eins og sést á Gallup-könnun* sem ég lét gera dagana 13.–27. september, brenna kjaramál, heilbrigðismál og húsnæðismál helst á Íslendingum 67 ára og eldri. Stjórnvöld mættu átta sig á því að þó það fari ekki mikið fyrir eldri borgurum í fjölmennum mótmælum við Austurvöll, þá nýtir enginn þjóðfélagshópur sinn kosningarétt betur.

Hér fyrir neðan má sjá fimm algengar kröfur sem fram komu í svörum þátttakenda. Nú er síðasta tækifærið fyrir stjórnvöld að mæta kröfum aldraðra og þar með sýna að þeir flokkar sem nú sitja í ríkisstjórn eigi atkvæði okkar skilið þegar við fjölmennum þrúðbúin á kjörstaði þann 29. október næstkomandi.

Kröfur eldri borgara:

- 300 þúsund króna lágmarkslífeyrir
- Afnám tekjutengingar á lífeyri
- Allir eldri borgarar skulu hafa möguleika á húsnæði og þjónustu við hæfi
- Betri aðgangur að heilsugæslu og heimahjúkrun
- Fjölgun hjúkrunarheimila og frí heilsugæsla

Helgi Vilhjálmsson, íslenskur ríkisborgari

*Könnunin var gerð dagana 13.–27. september. Niðurstöður eru byggðar á svörum 620 Íslendinga, 67 ára og eldri. Spurt var: Að þínu mati, hvaða málefni skipta mestu máli fyrir eldri borgara í komandi Alþingiskosningum? Eldri borgarar voru beðnir um að nefna þrjú atriði.

Myntráð í tíma tekið



Hafliði Helgason
hafliði@frettabladid.is

Framtíðarskipan gjaldmiðlamála hlýtur að vera eitt meginverkefni þeirra sem hafa hug á að leiða þjóðina til hagsældar til framtíðar. Hliðarafurðir gjaldmiðlaumræðunnar eru raunar áberandi í umræðu stjórnmalanna svo sem vaxtakjör og verðtrygging. Minna fer fyrir kjarnanum sjálfum.

Það verður því að teljast fagnaðarefni að nýr stjórnmalaflokkur, Viðreisn, setji fram ígrundaðar tilögur í þessum efnunum. Í samtali við Fréttablaðið lýsti Þorsteinn Víglundsson, frambjóðandi Viðreisnar, helstu áhrifum af myntráði sem felur í sér að gengi krónunnar yrði fest við gengi annars gjaldmiðils.

Hugmyndin er í sjálfu sér ekki ný af nálinni, en allrar skoðunar verð. Krónan var til ársins 2002 tengd myntkörfu helstu viðskiptamynta með vikmörkum sem Seðlabankinn varði. Sú tenging var rofin með snöggu falli krónunnar 2002 og verðbólgu í kjölfarið. Réttilega er bent á að munur slíks fyrirkomulags og núverandi tillagna er að tenging við eina mynt er gagnsæra fyrirkomulag.

Í kjölfarið var krónan sett á flot og verðbólgu-markmið sett í haftalaus umhverfi. Sú tilraun endaði 2008 með falli gjaldmiðilsins og verðbólgu-skoti sem var allan tímann líkleg niðurstaða óháð falli bankanna.

Vænta má að heppilegasta tenging við einstakan gjaldmiðil væri tenging við helstu viðskiptamynt okkar, evruna, eða hugsanlega afleiðu hennar, dönsku krónuna, sem er fest með vikmörkum við gengi evrunnar.


Ekkert gjaldmiðlafyrirkomulag er án galla. Myntráð eins og Viðreisn leggur til gerir í raun sömu kröfur til hagstjórnar og upptaka evru sem er einungis möguleg með inngöngu í Evrópusambandið. Við upptöku evru væri Seðlabanki Evrópu skjól, en myntráðið krefst myndarlegs gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands til að verja gengið ef þær aðstæður skapast að að því sé sótt.

Með agaðri hagstjórn og skynsamlegri stefnu í kjaramálum, líkt og unnið er að með SALEK-samkomulagi verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, myndi slíkt fyrirkomulag leiða til þess að hagsveiflur færðust nær því sem gerist í helstu viðskiptalöndum og vaxtakjör myndu færast nær því sem þar gerist. Það myndi jafna samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, viðhalda stöðugleika og bæta kjör almennings til lengri tíma. Þetta eru mikilvægir kostir.

Stöðugleiki og farsæll vöxtur hagkerfisins og samþæringlegt lagaumhverfi við nágrannalönd er líklegasta leiðin til að leiða til langtíma hagsældar og stuðla að því að ungt og velmenntað fólk velji sér framtíðarþáttu og starfsvettvang á landinu.

Framtíðarskipan gjaldmiðilsins er því mikilvægt mál og gera verður þá kröfu í kosningaráttunni að framboðin tali skýrt um hvert þau vilji stefna í því efni.

Halldór



Ekkert gjaldmiðlafyrirkomulag er án galla. Myntráð eins og Viðreisn leggur til gerir í raun sömu kröfur til hagstjórnar og upptaka evru sem er einungis möguleg með inngöngu í Evrópusambandið.

Frá degi til dags

Fyrir opnum tjöldum Framsóknarflokkurinn hefur síðustu áratugin verið þekktur fyrir það að afgreiða innanflokks-átök innan flokksins í lokuðum bakherbergjum. Því er aldeilis ekki að heilsa þessa dagana þar sem skyldingar flokksmanna eru fyrir opnum tjöldum í netheimum. Segja má að allur skítugur þvottur Framsóknarflokksins sé úti á snúrur fyrir allra augum. Takast menn svo harkalega á innan flokksins í beinni útsendingu landsmanna að einstaklingar sem mesta andúð hafa á pólitík eru nú farnir að poppa fyrir flokksþingingum um helgina. Segja má að síðustu vendingar skjóti Leiðarljósi, Nágrönnun og Glæstum vonum ref fyrir rass.

Samfélagsábyrgðin „Hagnaður Arion banka á fyrri helming ársins 2016 nam 9,8 milljörðum króna,“ er fyrsta setning fréttatilkynningar bankans þann 31. ágúst síðastliðinn. „Afkoma bankans á fyrstu sex mánuðum ársins er undir væntingum. Grunnrekstur bankans gekk engu að síður ágætlega á tímabilinu,“ sagði Höskuldur Ólafsson, bankastjóri bankans, við þetta tækifæri. Fjóruti og sex var sagt upp hjá Arion banka í vikunni. Sjöttu prósent þeirra eru konur, sumar hverjar með þriggja áratuga starfsaldur í bankanum. Þetta eru virkilega sorgleg tíðindi af fyrirtæki sem græðir tíu þúsund milljónir á 180 dögum. En sjálf-sagt launar kálfurinn ekki ofeldið. sveinn@frettabladid.is

Grunnþörf allra



Almar Guðmundsson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Öruggt húsnæði er grunnþörf allra, bæði yngri og eldri kynslóða. Húsnæði er jafnframt ein af verðmætustu eignum okkar og þar liggja skuldir heimilanna. Frá árinu 2009 hefur fjöldi fullgerðra íbúða verið langt undir þörf markaðarins. Skortur er á ýmsum tegundum húsnæðis og þá sérstaklega á litlum ódýrum íbúðum. Á hverjum tíma þurfa yfir 3.000 íbúðir að vera í byggingu til að árlega verði lokið við byggingu a.m.k. 1.500 íbúða sem nauðsynlegt er til að mæta grunnþörfum. Þrátt fyrir uppgang í byggingariðnaði erum við enn nokkuð fjarri því. Afleiðingin er húsnæðisskortur og hækkandi verð.

Mikilvægt er að stjórnvöld skapi svigrúm fyrir mismunandi þarfir þannig að fólk hafi val um húsnæði. Byggingareglugerð og deiliskipulagskröfur þurfa að vera sveigjanlegar til að gera mögulegt að byggja ódýrari íbúðir. Flókið regluverk eykur byggingarkostnað og það þrýstir upp húsnæðisverði. Án þess að slá af kröfum um öryggi og gæði gætu stjórnvöld einfaldað regluverkið til mikilla muna sem gæfi þá færi á að lækka íbúðarverð.

Á síðustu árum hafa um og yfir 30 prósent af nýju húsnæði verið í útjafri byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er vaxandi áhersla á þéttingu byggðar og mikill meirihluti byggingarverkefna á næstu misserum verður inni í miðju þéttbýli. Það kann að hafa ýmsa kosti í för með sér. Það vinnur hins vegar gegn hinu mikilvæga markmiði um að lækka byggingarkostnað enda er mun ódýrara að byggja uppi í jafri byggðar.

Af skiljanlegum ástæðum verða líklega fá mál sem verða kjósendur jafn mikil og húsnæðismál. En bygging íbúðarhúsnæðis er líka mikilvægt hagsmunamál fyrir byggingariðnaðinn. Byggingariðnaður og mannvirkjagerð er veigamikil atvinnugrein í landinu og drifkraftur fjárfestinga og efnahagsumsvifa. Að jafnaði hafa hátt í 12 þúsund manns starfað í byggingariðnaði síðustu ár en sveiflur hafa verið miklar, ekki síst vegna mikilla breytinga í íbúðarbyggingum. Það er hagur okkar allra að húsnæðismálin fái veglegan sess í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar því við þurfum öll á húsnæði að halda.



Mikilvægt er að stjórnvöld skapi svigrúm fyrir mismunandi þarfir þannig að fólk hafi val um húsnæði.

CREDIT SUISSE

CS Investment Funds 2
(previously Credit Suisse SICAV One (Lux))
(the "Company")
Investment Company with Variable Capital
5, rue Jean Monnet, L-2180 Luxembourg
R.C.S. Luxembourg B 124.019

We are pleased to invite the shareholders to attend the

ORDINARY GENERAL MEETING

of shareholders (the "OGM") which will be held at the registered office of the Company, 5, rue Jean Monnet, L-2180 Luxembourg, Grand Duchy of Luxembourg, on Tuesday, 11 October 2016 at 11.00 a.m. CET with the following agenda:

1. Approval of the report of the board of directors to the OGM
2. Approval of the report of the authorised independent auditor
3. Approval of the audited annual report as at 31 May 2016
4. Allocation of the net results
5. Discharge to the board of directors
6. Appointment of the board of directors
7. Appointment of the authorised independent auditor

Resolutions on the agenda may be passed without quorum, by a simple majority of the shares present or represented at the meeting.

In case you should wish to attend the OGM personally, you are kindly invited to inform the management company Credit Suisse Fund Management S.A., 7 calendar days prior to the OGM either by phone at +352 43 61 61 1, by fax at +352 43 61 61 402 or by e-mail at list.luxsfmcorporate@credit-suisse.com.

In order to attend the meeting, shareholders are required to block their shares at the depository 3 calendar days prior to the meeting and to provide the registered office of the Company with the related certificate, stating that these shares remain blocked until the end of the OGM.

Shareholders who cannot attend personally the meeting may vote by proxy forms which are available at the registered office of the Company. In order to be taken in consideration, the proxies duly completed and signed must be received at the registered office of the Company at least 3 calendar days prior to the OGM.

Each share of whatever class and regardless of the net asset value per share within its class held on the day of the OGM, is entitled to one vote, subject to limitations imposed by law. Shareholders holding only share fractions are not entitled to vote on the items on the agenda.

Shareholders are hereby informed that the report of the authorised independent auditor, the report of the board of directors and the latest annual report may be obtained upon request, free of charge, at the registered office of the Company.

The Board of Directors

Að borða eftir heimsálfum

Í DAG



Bergur Ebbs

Hver ert þú? Því er auðsvarað. Þú ert það sem þú borðar. Þú ert seríosið sem þú fékkst þér í morgun. Þú ert hafrarnir og mjólkín. Þú ert allur pakkin. Þú ert vinna grafisku hönnuðanna sem settu skálina á gulan bakgrunninn. Þú ert hugsun markaðsfræðinganna sem ákváðu að hafa jarðarber á pakkingunum þó að það sé ekki að finna í innihaldslýsingunni. Þú ert kaupmaðurinn sem seldi þér varninginn. Þú ert bensínið á bílnum sem þurfti að brenna til að keyra í búðina. Þú ert það sem þú borðar.

Það sem þú borðar eru hugsanir þínar. Það sem þú borðar eru tilfinningar þínar. Það sem þú borðar er sjálfsmynd þín. Það sem þú borðar er upplifun þín og reynsla. Það sem þú borðar er lífsstíll. Upplifun. Lífsstíll. Reynsla. Vitund. Þroski. Þú getur ekki leyft þér að borða hugsunarlaust. Þá er tilvist þín ekki rétt skráð í bækurnar. Þá ertu ekki til.

Ekki borða eigin menningu

Þú þarft að hafa stefnu. Þú þarft að hafa stíl. Þú getur ekki borðað upp úr gulur seríós-pakka. Þá ertu gulur kassi. Lítil kassi á lækjarbakka. Lítil kassi og dinga-linga-ling. Þú ert ekki plebbi. Þú tekur málin í eigin hendur. Þú átt líf. Þú ert með lífsstíl. Þú ert það sem þú borðar og þú ákveður hvað þú borðar og hvernig. Allur heimurinn er þín ostra.

Ég legg til að þú, kærri lesandi, kynnir þér það nýjasta í þessum málum. Nú eru að koma fram veigamiklar kenningar, upprunnar í Oregon í Bandaríkjunum. Þær ganga út á að til að stuðla að sem jafnastrí næringarupplifun líkamans sé best að borða mat frá öllum heimsálfum. Eins og allir vita er fjölbreytileiki og ófgaleysi það sem bæði hugur og líkami þarfnast og þess vegna er mikilvægt að kemma gresjur allra landsvæða til að ná sem mestri fjölbreytni fyrir musterid sem er líkami þinn. En maður gerir þetta ekki hvernig sem er. Þú þarft að ganga skipulega til verks og fylgja strangri áætlun til að ná að komast yfir allan heiminn. Líkami þinn á ekki skilið neitt minna en allan heiminn.

Framfarir í gæðavottun

Vesturlandabúar eiga að skipta almanaksári sínu upp í jöfn tímabil sem hvert gengur út á að borða aðeins mat frá tiltekinni heimsálfu. Eina heimsálfan sem leyfilegt er að undanskilja er heimsálfan sem þú býrð í. Það er heimóttarlegt að vilja troða eigin menningarsvæði inn í þá matarupplifun sem vitund þín á svo sannarlega skilið. Auk þess er það frekt gagnvart fátækari og reynsluminni íbúum þessa heims. Fyrir þig gengur verkefnið út á að borða mat frá öllum heimsálfum að Evrópu undanskilinni. Þá standa eftir sex heimsálfur: Afríka, Asía, Ástralía, Norður-Ameríka, Suður-Ameríka og Suðurskautslandið. Sem er frábær tala því mánuðirnir í árinu eru tólf og því skal hverri heimsálfu vera úthlutadur tveir mánuðir.

Þetta gengur þannig fyrir sig að í mánuðunum sem tileinkaðir eru Afríku skaltu aðeins borða mat sem er frá Afríku. Það er ekki nóg að uppskriftin sé frá Afríku heldur þarf allt hráefnið ásamt hefðinni að baki matnum að vera upprunnið þaðan. Sem betur fer hefur á undanförunum árum orðið mikil þróun í gæðavottunarmálum þannig að nú er ekki lengur erfitt að fá Afríku-vottaðan mat. Það sama á reyndar við um allar hinar heimsálfurnar. Þetta fyrirkomulag er frábært. Ekki bara

fyrir líkamann – sem mun sannarlega blómstra. Heldur líka fyrir íbúa fátækari heimsálfa eins og Afríku og Asíu. Það mun lyfta þeim upp að vita að þú takir þátt í þessu átaki. Það er ekki til meiri hluttekning fyrir örlögum íbúa ákveðins landsvæðis en að fylla sjálfan sig upp af því sem sprettur af jörð þess. Að borða eftir heimsálfum er ekki síður fyrir hug en líkama. Það er sannkallaður heildarpakki og lífsstíll með keimsterku upplifunarivafi.

Átakið hefst á Suðurskautslandinu

Samkvæmt hinni ófrávikjanlegu hugmyndafræði skal hefja átakið

(sem er reyndar ekki átak heldur lífsstíll) á Suðurskautslandinu. Það er vegna þess að Suðurskautslandið er fremst í stafrófinu á ensku (Antarctica) en reyndar það síðasta í stafrófinu meðal heimsálfa á okkar tungumáli. Það er samt hið besta mál enda í samræmi við þá reglu Herrans að þeir síðustu verða fyrstir og þeir fyrstu síðastir. Að þessu leyti má segja að náð Drottins lýsi yfir átakanu. Þau ykkar sem ekki eruð kristin getið látið nægja að fara með ædruleysisbænina. Það geta nefnilega allir borðað eftir heimsálfum, óháð aldri, kyni, kynþætti, kynheigð eða trúar- og/

eða kynupplifun. Það eiga allir að borða eftir heimsálfum og það eiga allir að byrja á Suðurskautslandinu.

Á Suðurskautslandinu er engan mat að finna. Það eru ekki heldur neinar uppskriftir upprunnar frá Suðurskautslandinu. Þetta hefur verið vottað. Það er því ekki hægt að borða neitt fyrstu tvo mánuðina. Það er einnig mikilvægt að drekka ekkert í þeim mánuði sem helgaður er Suðurskautslandinu. Á Suðurskautslandinu fer hitastigið sjaldan yfir frostmark og þess vegna er þar ekkert vatn að finna í fljóttandi formi. Mundu líka að sú athöfn að bræða snjó er ekki í sam-

ræmi við heimspeki átaksins.

Mestu áhrif átaksins (sem er upplifun, lífsstíll og heimspeki-stefna en ekki átak) er að finna strax í byrjun. Þegar líkaminn missir allan mátt og deyr er hann minntur á brigðulleika tilverunnar og ósanngirni kosmósins.

Mundu svo að þetta er lífsstíll með hámarks upplifun. Og muna að brosa. Maður notar færri vöðva til að mynda bros heldur en fylusvip. Lífið er leikur. Að leika er upplifun. Upplifun er lífsstíll. Lífsstíll er stíll lífsins, leikandi létt dauðans alvara, sönn sjálfupplifun. Gangi þér vel!

UPPHITUN FÖSTUDAG 21:00 SPORT

KÖRFUBOLTA

KVÖLD

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

DOMINO'S KÖRFUBOLTAKVÖLD

SPORT

Domino's-deildin fer á fulla ferð í október og Stöð 2 Sport er með besta sætið. Kjartan Atli og félagar ætla að hita upp fyrir tímabilið og verða í beinni frá KEX hosteli föstudagskvöldið 30. september kl. 21:00.

365.is | Sími 1817

365



Bæði kvenna- og karlalíð Fylkis munu standa í ströngu um helgina. Hér eru Hulda Hrund Arnarsdóttir og Ragnar Bragi Sveinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM/EYÞÓR

Vonumst eftir góðri afmælisgjöf

Fylkir gæti fallið úr Pepsídeild kvenna í dag og úr Pepsídeild karla á morgun. Félagið fagnar hálftrar aldar afmæli sínu á næsta ári og gæti þá verið komið á byrjunarreit með bæði meistaraflokksliðin sín.

FÓTBOLTI „Ég ætla svo sannarlega að vona að það verði afmælisgjöf okkar að bæði lið okkar spili í Pepsídeildum á 50 ára afmæli félagsins,“ segir Ásgeir Ásgeirsson, formaður knattspyrnu- deildar Fylkis, við íþróttadeild 365.

Sumarið hefur verið erfitt fyrir Árbæinga og helgin sem er fram undan gæti verið ein sú örlogaríkasta í sögu félagsins. Bæði karla- og kvennalið félagsins eru í harðri fallbaráttu í sínum deildum og gætu fallið – kvennaliðið í dag og karlalíðið á morgun.

Fylkir var stofnað 1967 og fagnar því hálftrar aldar afmæli sínu á næsta ári. Ásgeir viðurkennir að það yrði erfitt að sætta sig við þá niðurstöðu. „Staða liðanna er okkur mikil vonbrigði. Þetta er stór klúbbur og öll aðstaða til fyrirmyndar,“ segir hann.

Ungur þjálfari missti klefann

Stjórn knattspyrnu deildar ákvað að skipta um þjálfara í kvennaliðinu og vék Eiður Benedikt Eiríksson, 24 ára þjálfari, til hliðar. Ráðningin vakti athygli síðastliðið haust enda óvenjulegt að þjálfari liðs í efstu deild sé svo ungur.

„Við höfum verið ihaldssamir með þjálfarana okkar á undanförunum árum og helst ekki viljað breyta á miðju tímabili. En það var mat manna að hann væri búinn að missa klefann og ef til vill mætti spyrja sig að því hvort þessi breyting hefði mátt koma fyrir,“ segir Ásgeir.

Í karlalíðinu er Hermann Hreiðarsson, sem tók við af Ásmundi Arnarsyni á miðju síðasta tímabili, enn við stjórnvölinn í karlalíðinu. Hann nýtur enn trausts stjórnarinnar.

„Við töldum að staða hans væri sterk enda hefur hann haldið vel utan um sinn leikmannahóp,“ segir Ásgeir. Besti árangur kvennaliðs Fylkis er

Kvennalið Fylkis

Hvernig er staðan?

Fylkir er í 7. sæti af 10 liðum með þrettán stig. Selfoss og KR eru með tólf og ÍA er fallið með átta stig.

Hvaða leikir skipta máli?

Fylkir - Selfoss
ÍA - KR

Hvað getur gerst?

Fylkir bjargar sæti sínu með stigi í dag. Liðið fellur aðeins með tapi ef KR tapar fyrir ÍA.

Hvað segir fyrirliðinn?

„Það er miklu betra að þetta sé í okkar höndum. Við þurfum bara að treysta á okkur sjálfar. Við förum bara með eitt markmið í þennan leik og það er að vinna,“ sagði Ruth Þórðar Þórðardóttir.

Hún segir að liðið hafi farið af stað í vor með miklar væntingar en margt hafi breyst síðan þá.

„Í byrjun tímabils vorum við með mjög góðan hóp en við höfum lent í miklum aföllum; mikið af meidslum og útlendingarnir stöðu ekki undir væntingum og fóru svo. Ungar stelpur, úr 2. og 3. flokki, hafa fengið tækifæri og eru að stiga sín fyrstu skref í meistara-flokki. Það er vonandi jákvætt fyrir framtíðina,“ sagði Ruth.

Karalíð Fylkis

Hvernig er staðan?

Fylkir er næstneðst með nitján stig, tveimur á eftir Víkingi Ólafsvík og þremur á eftir ÍBV. Þróttur er fallinn með fjórtán stig.

Hvaða leikir skipta máli?

KR - Fylkir
Stjarnan - Víkingur Ó
FH - ÍBV

Hvað getur gerst?

Fylkir verður að vinna KR til að bjarga sæti sínu og treysta á að Víkingur Ólafsvík tapi eða geri jafntefli í sínum leik. Staða ÍBV er mjög sterk enda með talsvert betri markatölu en Fylkir.

Hvað segir fyrirliðinn?

„Það er ekkert þægilegt að þurfa að treysta á aðra. Við þurfum bara að gera okkar og vona að það verði nóg. Við ætlum að leggja allt í þennan leik,“ sagði Ásgeir Börkur Ásgeirsson.

Hann viðurkennir að það hafi komið honum á óvart hversu illa hefur gengið í sumar.

„Við erum með betra lið en taflan segir til um. En við höfum verið sjálfum okkur verstir og það er spurning hvort við eigum meira skilið.“

5. sæti í efstu deild. Liðið hafnaði í sjötta sætinu í fyrra og komst þar að auki í undanúrslit bikarkeppninnar þrjú ár í röð, frá 2013 til 2015. Nú átti liðið að taka næsta skref undir stjórn þjálfarans unga og blanda sér í toppbaráttuna.

Lengi í miðjumóði

Karalíð Fylkis kom upp í efstu deild árið 2000 og náði strax öðru sæti, sem er enn þann dag í dag besti árangur þess frá upphafi. Fylkir lék þann leik eftir tveimur árum síðar en spilaði þá frá sér titlinum í þrylluleiknum fræga á Akranesi, er bikarinn fór yfir Faxaflóann og í Vesturbæinn.

En Árbæingar hafa náð að halda sér uppi í efstu deild og aðeins eitt lið hefur verið þar lengur án þess að falla. Það er KR, andstæðingur Fylkis á morgun. En Fylkismenn hafa oftar en ekki verið í miðjumóði, með örfáum undantekningum, á meðan lið eins og Breiðablik og Stjarnan hafa náð að byggja sig upp úr neðri deildunum og vinna stóra titla.

Stigin eru okkar laun

„Við töldum okkur vera með rétta hópinn, enda gekk okkur vel í vor. En það er líka alveg klárt að margir af okkar leikmönnum hafa ekki náð að standa undir væntingum,“ segir Ásgeir sem segir að það hafi verið erfitt að fylgjast með úr stúkunninni í sumar. „Hrikalega erfitt. Ég verð að vera hreinskilinn með það. Það er auðvelt að vera vitur eftir á en ég get þó fullyrst að allir hafa lagt mikla vinnu í verkefnið, allir stjórnarmenn og sjálfbóðaliðar. Enginn fær greitt fyrir það. Árangurinn og stigin eru okkar laun og það er sárt að hugsa til þess að uppskeran hefur ekki verið betri.“ eirikur@frettabladid.is

Nýjast

Evrópudeild UEFA, riðlakeppni

Fenerbache	1–0 Feyenoord
Man. Utd	1–0 Fenerbahce
Zlatan Ibrahimovic	69.
Astana	0–0 Young Boys
Olympiacos	0–1 APEL
Qabala	2–3 Mainz
Saint-Etienne	1–1 Anderlecht
Dundalk	1–0 Maccabi Tel A.
Viðar Örn Kjartansson	spilaði allan leikinn fyrir Maccabi Tel Aviv.
Zenit	5–0 AZ Alkmaar
Austria Vín	0–0 Viktoria Plzen
Roma	4–0 Astra Giurgiu
Bilbao	1–0 Rapid Vín
Arnór Ingvi Traustason	fór meiddur af velli á 72. mínútu.
Genk	3–1 Sassuolo
Ajax	1–0 Standard
Celta Vigo	2–0 Panathinaikos
Gent	2–0 Konyaspor
Shakhtar D.	2–0 Braga
Krasnodar	5–2 Nice
Schalke	3–1 Salzburg
Fiorentina	5–1 Qarabag
Slovan Lib.	1–2 PAOK
Hapoel Beer	0–0 Southampton.
Sparta Prag	3–1 Inter
FC Zürich	2–1 Osmanlispor
Steaua Búk.	1–1 Villareal

Olis-deild karla

ÍBV - Stjarnan 27-20

Mörk ÍBV: Theodor Sigurbjörnsson 8, Agnar Smári Jónsson 7, Kári Kristján Kristjánsson 5, Sigurbergur Sveinsson 3, Elliði Snær Viðarsson 2, Dagur Arnarsson 2, Darry Gylfason 1, Ágúst Emil Grétarsson 1, Friðrik Hólm Jónsson 1.

Mörk Stjornunnar: Starri Friðriksson 6, Andri Hjartar Grétarsson 4, Ari Pétursson 4, Ari Magnús Þorgeirsson 3, Dagur Snær Stefánsson 2, Guðmundur Guðmundsson 2, Brynjar Jökull Guðmundsson 1, Stefán Darri Þórsson 1.

Haukar - Fram 37-41

Mörk Hauka: Adam Haukur Baumruk 11, Janus Daði Smárason 8, Guðmundur Árni Ólafsson 6, Þórður Rafn Guðmundsson 3, Daniel Þór Ingason 3, Andri Heimir Friðriksson 2, Jón Þorbjörn Jóhannsson 2, Heimir Óli Heimisson 1, Hákon Daði Styrmisson 1.

Mörk Fram: Arnar Birkir Hálfðásson 13, Andri Þór Helgason 7, Þorgeir Bjarki Davíðsson 6, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 6, Bjartur Guðmundsson 4, Valdimar Sigurðsson 4, Sigurður Örn Þorsteinnsson 1.

Efri	Neðri		
Afturelding	8	Fram	5
Grótta	7	Selfoss	4
ÍBV	7	Valur	2
Stjarnan	6	Haukar	2
FH	5	Akureyri	0

UPPHAF OG ENDIR

Stöð 2 Sport verður með tvo stóra þætti á dagskrá í kvöld. Annars vegna kveðja Pepsímörk kvenna eftir fyrsta tímabili sitt í loftinu og þá hefst Domino's-körfubolta-kvöld með pompi og prakt í beinni útsendingu frá Kexi hosteli.

Í dag

12.30 Ryder Cup	Sport
15.50 Stjarnan - FH	Sport4
15.50 Selfoss - Fylkir	Sport5
18.30 Leipzig - Augsburg	Sport3
18.50 Everton - C. Palace	Sport
20.00 Pepsi-mörk kvenna	Sport
21.00 Körfuboltakvöld	Sport

16.00 Stjarnan - FH	Samsungv.
16.00 Fylkir - Selfoss	Flóridanav.
16.00 ÍBV - Þór/KA	Hásteinsv.
16.00 Valur - Breiðablik	Valsvöllur
16.00 ÍA - KR	Norðurálsvöllur

19.30 Fylkir - Fram Fylkishöllin

VIRKAR EKKI ÁN ÞESS AÐ SKAPA


Margrét Bjarnadóttir er fjölhæfur listamaður en hún kemur í fyrsta sinn fram á hvíta tjaldu í Eiðnum þar sem hún leikur eiginkonu Baltasars Kormáks. Hún segist alltaf þurfa að vera að skapa, annars líði henni illa.



MYND/ANTON BRINK

Lífsskili

OptiBac probiotics



”Lykilatriði er að taka inn góða góðgerla og þessir henta mér frábærlega. Ég mæli algjörlega með Optibac, Veita betri líðan og minnka óþægindi.“

Anna G. Steinsen
heilsuþjálfari, þjálfari,
fyrirlesari og jógakennari



www.facebook.com/optibaciceland

Fæst í apótekum og heilsuþúðum

Lilja Björk Hauksdóttir

liljabjork@365.is



Þegar Margrét Bjarnadóttir birtist á stóra tjaldinu á sýningu Eiðsins fór kliður um salinn og fólk hvískraði sín á milli um hver hún væri þessi fallega kona sem fer með hlutverk Sólveigar, eiginkonu aðalpersónunnar Finns sem Baltasar Kormákur leikur. Margrét er fjölhæfur listamaður en þetta var frumraun hennar sem kvikmyndaleikkona. Hún segir það hafa komið sér mjög á óvart að hún hafi verið kölluð í prufur fyrir hlutverkið. „Það eitt og sér kom mér á óvart, ég er ekki menntuð leikkona og er ekki einu sinni á skrá hjá neinum umbodsskrifstofum eða öðru slíku. Ég var aðallega forvitin að heyra dýralóginn sem ég átti að fara með í prufunni og fór þess vegna en þældi svo ekki neitt meira í þessu. Mér var svo boðið í aðra prufu og fékk að lokum hlutverkið. Ég þurfti ekki að hugsa mig um þegar tækifærið bauðst, ég er of forvitin til þess. Þegar svona glæný reynsla býðst þá stekki ég á hana, ég vissi líka að þetta var allt mikið fagfólk og að ég yrði í öruggum höndum.“

LEIÐ EKKI EINS OG AMATÖR

Margrét segir það hafa verið fyrst og fremst mjög gaman að leika í Eiðnum og að það hafi gengið áfallalaust fyrir sig. „Þetta var áhugaverð og dýrmæt reynsla og merkilegt að fylgjast með þessu ferli frá handriti til lokaútkomu og sjá hve mikið gerist og breytist á þessu tímabili. Þó að ég hafi farið með texta á sviði áður, ég nota mikið texta í verkum mínum en það er þá alltaf texti sem ég hef skrifað sjálf, þá hef ég aldrei áður leikið aðra persónu sem einhver annar hefur skrifað og ég hef þurft að skilja og hlúa að. Mér leið samt alltaf vel í tókum, það var gott að vinna með öllum og það lét enginn mér líða eins og ég væri einhver amatör og fyrir vikið var ég aldrei stressuð. Allir voru bara þarna að gera sitt besta og ég líka,“ lýsir Margrét.

Margir hefðu fundið fyrir pressu yfir því að leika á mótí þeim þekktu og reyndu leikurum sem eru í Eiðnum en Margrét segir það frekar hafa hjálpað henni. „Því betri sem mótleikarinn er því betri verður maður sjálfur. Ég lærði líka fljótt að það er ekki endilega gott að vera búin að negla það fyrir fram hvernig maður ætli að segja hina og þessa línuna því þá ertu kannski ekki í réttum takti við hina manneskjuna – mótleikarann. Það gengur einhvern veginn ekki að vera leikari og kontrólfrik. Það er skemmtilegra að hlusta á það sem hin manneskjan er að segja og bregðast við því, þá verður þetta svona dans á milli leikaranna.“

STÍFLUR LOSNUÐU Í LISTNÁMI

Dans er nokkuð sem Margrét hefur mikla reynslu af því hún stundaði hann frá barnæsku og þar til hún varð nítján ára. Fjórum árum síðar fór hún svo í danshöfundanám í listaháskóla í Hollandi. Hún segist hafa verið listhneigð frá því hún var lítil en að það hafi komið kuldatímabil á menntaskólaárunum þegar hún glímdi við kvíða og fólksfælni og lokaði á listina. „Þá þorði ég ekki að skapa og það mynduðust stíflur í mér. Um leið og ég fór í listnám þá losnaði hins vegar um allar stíflur, fælni og óþægindi. Og kvíðinn bara hvarf eins og dög fyrir sólu. Ég verð því alltaf að vera að skapa, annars virka ég bara ekki og líður illa.“

Dansstimpillinn loðir enn við Margréti þó hún hafi sjálf hætt að dansa fyrir sextán árum. Hún



Eftir framkomuna í Barbican Theatre þar sem Margrét flutti afhjúpanði mónólóg um leið og hún spilaði á trommusett í tengslum við yfirlitssýningu Ragnars Kjartanssonar.

“Ég er með einhvers konar syndróm þar sem ég þarf alltaf að vera að gera eitthvað sem ég kann ekki. Að spila á hljóðfæri sem ég kann ekki á eða setja mig í einhverjar óþægilegar, viðkvæmar aðstæður – eins og til dæmis að gefa út dagbækurnar mínar.

Margrét Bjarnadóttir

dansar þó af og til í sínum eigin verkum en vill ekki kalla sig dansara. Aðspurð telur hún að það sé líklega einfaldast að kalla sig listamann þar sem hún vinni í svo mörgum ólíkum listformum; sviðslistum, myndlist, skrifum og fleiru. „Ég er með einhvers konar syndróm þar sem ég þarf alltaf að vera að gera eitthvað sem ég kann ekki. Að spila á hljóðfæri sem ég kann ekki á eða setja mig í einhverjar óþægilegar, viðkvæmar aðstæður – eins og til dæmis að gefa út dagbækurnar mínar. Það er vegna þess að ég var alltaf að glíma við svo mikla fullkunnunarárættu þegar ég var yngri og það skapaði svo mikla fyrirstöðu og hömlur að ég gerði ekki neitt fyrir vikið. Í listnáminu fór ég markvisst að gera hluti sem ég kundi ekki bara til að komast yfir þessa hindrun í huganum og núna er ég bara í því að gera eitthvað sem ógrar mér, það myndar einhvern mótör fyrir mig,“ segir Margrét og brosir.

GÚGLAÐI HVERNIG Á AÐ LEIKA

Til merkis um fjölbreytni verkefna Margrétar má nefna að hún var að klára verkefni í Þjóðleikhúsinu þar sem hún sá um dans- og sviðshreyfingar fyrir Djóflaeyjuna. Núna er hún mest á vinnustofunni sinni að huga að dansverki sem hún er að fara að semja með Ragnari Kjartanssoni fyrir Íslenska dansflokkinn en einnig að skrifa en hún er í mastersnámi í ritlist. „Þegar mér var boðið í prufu fyrir Eiðinn þá var ég nýkomin til London þar sem ég ætlaði að vera í þrjá mánuði að skrifa lokaverkið í ritlist þannig að plönin breyttust, ég setti skrifin í salt og er að taka þau upp aftur.“

Nýjasta verk Margrétar þar sem hún kemur sjálf fram var í Barbican Theatre í London í júlí síðastliðnum, í tengslum við yfirlitssýningu Ragnars Kjartanssonar. Þar flutti hún fremur afhjúpanði mónólóg um leið og hún spilaði á trommusett, var eins konar „trommutrúbador“, eftir að hafa farið í nokkra trommutíma og æft sig sjálf. Það er í fullu samræmi við það, að þegar hún fór heim eftir annan tókudag Eiðsins gúglaði hún „how to act for the screen?“.

„Ég vissi ekki almennilega hvernig ég ætti að undirbúa mig fyrir tókur myndarinnar, svona fyrir utan að lesa handritið og pæla í karakternum mínum. Ég spurði nokkra leikara, vini mína, ráða en í raun vissi ég ekki almennilega að hverju ég ætti að spyrja. Það var ekki fyrr en ég byrjaði í tókum að allar spurningarnar vöknudu. Ég fór þá heim og gúglaði og fann eitthvert kennslumyndband frá 1980geitthvað með Michael Caine þar sem hann kennir ungum leikurum að leika fyrir framan kvikmyndatökuvél. Hann talaði meðal annars um að það væri varasamt að blikka augunum mikið, ég passaði mig sko heldur betur á því og er örugglega með geðveikislega störu alla myndina,“ segir hún í léttum dúr og skellihlær.

TENGGDI VIÐ SÓLVEIGU

En fyrst við erum komnar aftur að kvikmyndaleik, fannst þér auðvelt að setja þig í spor persónunnar Sólveigar í Eiðnum? „Já og nei. Þó að við séum að mörgu leyti mjög ólíkar – Sólveig myndi til dæmis aldrei gerast trommutrúbador, þá er eitt og annað sem ég gat tengt við Sólveigu úr mínu persónulega lífi eins og það að hún er fyrrverandi dansari og ég líka. Aldursmunur í sambandi er eitthvað sem ég þekki líka. Margir sem hafa ekki verið í þannig sambandi halda kannski að það hljóti að ríkja ójafnvægi, að eldri aðilinn sé einhvern veginn ráðandi. Ég veit af eigin reynslu að það er ekki þannig svo ég var ekki með neinar fyrirfram gefnar hugmyndir um að Sólveig hlyti að vera undirgefin eiginmanni sínum eða eitthvað slíkt. Þó að hún sé auðvitað aukapersóna í myndinni og Finnur, maðurinn hennar, sé hjartaskurd-læknir sem gengur vel í starfi og er mjög afgerandi þá gaf ég mér aldrei að hún væri veikari aðilinn.



Baltasar og Margrét í hlutverkum sínum sem Finnur og Sólveig í Eiðnum.

MYND/LILJA JÓNSDÓTTIR FYRIR RVK STUDIOS



Margrét með Heru Hilmarsson í frumsýningarpattí Eiðsins. Í myndinni leikur Margrét stjúp móður Heru.

Ég vissi hverjir hennar styrkleikar og veikleikar voru. Við Baltasar ræddum þeirra samband líka og styrkleikana og veikleikana í sambandinu. Ég vissi hvað það var sem hún kenndi honum og á hvaða sviðum hún var jafnvel þroskaðri en hann. Ég vona allavega að það skini í gegn að hún sé ekki einhver písl, mér finnst það mikilvægt. Það er hægt að sýna styrk og karakter í þögn og með augnatilliti og nærveru, það þarf ekki alltaf að sýna hann með orðum og ég reyndi að vinna með það.“

EIÐURINN VAR „GÓÐ ÞRUMA“

Margrét segist alveg geta hugsað sér að gera eitthvað tengt kvikmyndum aftur. „Þetta var forvitnilegt, skemmtilegt og lærdómsríkt á margan hátt. Ég gæti til dæmis alveg hugsað mér að skrifa fyrir bío einhvern tíma og þá yrði þetta ómetanleg reynsla að hafa. Og þó að ég gerði aldrei neitt sem tengist kvikmyndum aftur þá væri ég samt bara eins og þruma úr heiðskíru lofti. Góð þruma.“

Fylgdu okkur á facebook
– Lindex Iceland

fall
fashion
heroes

The Bell
Sleeve Top
Peysa,

3835,-

LINDEX

we make fashion feel good

Í HEITUM SAL Í KÖLDU VEÐRI

Harpa Ýr Ómarsdóttir kennir heimilisfræði og upplýsinga- og tæknimennt í grunnskóla auk þess sem hún þjálfar unglingstúlkur í líkamsræktarstöðinni Hress í Hafnarfirði. Sjálf stundar hún fjölbreytta hreyfingu á hverjum degi.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@365.is



Hvað æfir þú oft í viku? Það er mjög misjafnt eftir því hvaða árstími er en ég hreyfi mig daglega.

Hvernig hreyfingu stundar þú?

Ég fer í ræktina og lyfti og tek þolæfingar auk þess sem ég þjálfa hóptíma í Hress. Ég iðka einnig frísbíggj af kappi á sumrin. Tennis og snjóþretti eru einnig í miklu uppáhaldi hjá mér.

Hver eru markmið þín þegar kemur að æfingum?

Markmið mitt með æfingum er að stuðla að heilbrigðum lífsstíl auk þess sem mér líður miklu betur andlega ef ég hreyfi mig.

Hvaða tíma kennir þú?

Í dag er ég að þjálfa stúlkur á aldrinum 12-15 ára. Stúlkurnar fá að kynna ýmsum tímum sem standa til boða í Hress eins og tabata, warm fit, hjól activio, o.fl. Ég hef einnig verið að þjálfa warm fit sem eru tímar þar sem gerðar eru mótandi æfingar í heitum sal. Tíminn er blanda af æfingum úr Pilates, jóga, ballett og Jane Fonda æfingum með eigin líkamsþyngd auk þess sem gerðar eru teygjur. Tíminn endar svo með dásamlegri slökun.

Hvaða tímar eru skemmtilegastir?

Mér finnst warm fit og hot jóga vera skemmtilegustu tímarnir. Mér líður hvernig betur en í heitum sal í köldu íslensku veðri. Einnig finnst mér mjög gaman að mæta í krefjandi tíma eins og spinning en þess má geta að Hress hefur tekið upp nýtt kerfi sem nefnist hjól activio en það kerfi er notað af heimspæktu íþróttafólki og stuðlar að



SPURT
&
SVARAÐ

Skemmtilegustu tímarnir að mati Hörpu eru Warm fit og Hot Yoga enda segist henni hvernig líða betur en í heitum sal í köldu íslensku veðri. MYND/EYÞÓR

Markmiðið mitt með æfingum er að stuðla að heilbrigðum lífsstíl auk þess sem mér líður mikið betur andlega ef ég hreyfi mig.

Harpa Ýr Ómarsdóttir

bættum árangri og betra þoli.

Aðhyllist þú einhverja stefnu í mataræði? Nei, en ég reyni að velja ávallt hollari kostinn.

Hvernig er típiskur matseðill á mánudegi? Morgunmatur: Epli, stórt vatnsglas, vítamín og ein matskeið af hörfræjaolíu.

Millimál 1: Hafragrautur með rúsínum og kanil.

Hádegismatur: Sá matur sem er í boði í vinnunni auk salats.

Millimál 2: Avókadó og hrökkbrauð eða flatkaka með hummus.

Millimál 3: Tvö egg eða hafragrautur þegar ég fer á æfingar.

Kvöldmatur: Mjög mismunandi en ég reyni ávallt að setja saman matardiskinn minn með tilliti til ráðlegginga lýðheilsustöðvar s.s. magurt kjöt, kolvetni og grænmeti.

Ég drekk einnig mikið vatn yfir daginn eða um tvo lítra og forðast sæta drykki og gos. Ef nartþörfin kemur yfir daginn þá fæ ég mér oft hnetur eða möndlur.

Hvað finnst þér best að setja í boost? Ég elska að setja avó-

kadó, jarðarber, hindber, sítrónu, mangó, hörfræ og engifer auk smá heilsusafa.

Í hvernig fötum finnst þér best að æfa? Nike eru bestu æfingafötin.

Bestu íþróttaskórnir? Míminir uppáhaldsskór eru Nike Free Run.

Hvað er fram undan hjá þér? Ég lifi algjörlega í núinu og því er mjög erfitt að svara þeirri spurningu.


DRAUMAPARADÍS Í KARÍBAHAFI

Stöðugt fleiri ferðamenn frá Norðurlöndum velja „allt innifalið“ pakka þegar þeir ferðast til suðrænna sólarstranda. Vinsæll ferðamannastaður er Dóminíska lýðveldið í Karíbahafi en þar getur fólk sannarlega notið lúxuslífs. Hótelin, sem bjóða allt innifalið, sækja gesti sína á flugvöllinn við komu og aka þeim til baka við brottför. Mikið er lagt upp úr gestrisni og góðri þjónustu. Starfsmenn tala ensku og bjóða stöðugt fram aðstoð sína.

Með öllu inniföldu er hægt að nýta sér ýmsa afþreyingu sem er í boði án endurgjalds, hvort sem það er tennis eða eitthvað annað. Leiðbeinendur eru til staðar. Þá eru hótelin farin að leggja áherslu á að veita mjög persónulega þjónustu og ávarpa gesti sína með nafni. Á sumum hótélum tekur einkaþjónn á móti gestum. Hann lætur viðkomandi hafa símanúmerið sitt og er alltaf til taks.

Það er ýmislegt í boði á þessari fallegu eyju fyrir utan að njóta sólarinnar. Íbúar eru glaðlyndir og dansa gjarnan á ströndinni fyrir ferðamenn. Þeir eru ófeimnir við að sýna gleði sína. Samt er mjög einfalt að njóta kyrrðarinnar í fallegu umhverfi.

Veður í Dóminíska lýðveldinu er frábært á veturna þegar vetrarveðrið skellur á Norðurlandabúum. Þá mun verðlag vera sérstaklega hagstætt.



Það er hægt að njóta lífsins á ströndunum í Dóminíska lýðveldinu. Lúxushótel og mikil gestrisni eru einkennandi fyrir staðinn.

Dóminíska lýðveldið nær að mestu yfir eyjuna Hispaníólu en hluti hennar er Haítí, annað og fátækara land. Dóminíkar eru næststærsta þjóðin í Karíbahafi á eftir Kúbverjum. Höfuðborgin

heitir Santo Domingo. Íbúar eru spænskumælandi. Mikill ferðamannastraumur er til eyjarinnar árið um kring. Þar eru glæsileg hótél og flottir golfvöllir eru mikið aðdráttarfl.

YFIRHAFNIRNAR FRÁ BASLER ERU KOMNAR

Nýtt

ERUM KOMNAR MEÐ BUXUR FRÁ BRAX

BASLER BRAX

Parisartizkan

SKIPHOLTI 29B



20%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM BUXUM



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

VINSÆLT HREIÐUR Á GRANDAGARÐI

The Coooco's Nest við Grandagarð fagnaði þriggja ára afmæli í vikunni. Eigendurnir, hjónin Íris Ann Sigurðardóttir ljósmyndari og Lucas Keller matreiðslumaður, voru brautryðjendur á þessu svæði.

**Elin
Albertsdóttir**
elin@365.is



Íris segir að þau hafi dreymt um að setja upp lítinn fjölskyldustað í „grófu“ umhverfi sem væri að byggjast upp. „Lucas var búinn að keyra um þetta hverfi og fylgjast með því. Við heimsóttum Steinunni Sigurðardóttur fatahönnuð í einni verbúðinni og heilluðumst af húsnæðinu. Þetta var samt svolítið erfið ákvörðun. Eitt kvöldið löbbaðum við um svæðið og það var ekki einn bíll eða manneskja þarna á ferð. Við trúðum samt á þetta og það er magnað að fylgjast með breytingunni sem hefur orðið á Grandanum,“ segir Íris. „Það var ekki auðvelt að koma staðnum upp, virkilega áhugavert ferli. Mikil pappírsvinna og við þurftum alls kyns leyfi, þetta var flókið regluverk. Til dæmis urðum við að láta saga út hurð bakdyramegin sem við gerðum ekki ráð fyrir í upphafi. Maður var alltaf með hnút í maganum að bíða eftir hinum og þessum leyfum,“ rifjar Íris upp.

Þau voru ákveðin í að hafa stað-



Lucas hafði ákveðnar hugmyndir um hvernig veitingahús hann vildi reka. Verbúðirnar á Granda hentuðu fullkomlega og nú er The Coooco's Nest orðið þriggja ára. MYND/GVA

inn lítinn. „Við vildum hafa staðinn notalegan og höfum fengið frábærar móttökur. Eigum núna fullt af fastagæstum og erum mjög þakklát fyrir það. Í byrjun voru gestirnir flestir Íslendingar en það hefur verið að breytast með auknum fjölda ferða-

manna og uppbyggingu safna í nágrenninu.“

Lucas er ættaður frá Kaliforníu en lærði matargerð á Ítalíu. Maturinn er því að mestu ítalskur með áhrifum frá Kaliforníu. Íris starfar sem ljósmyndari og er með vinnu-



Bleikja á tvo vegu – pönnusteikt og tartar.

stofu skammt frá The Coooco's Nest ásamt fleiri listamönnum. Hún heldur meðal annars út netsíðunni Islanders.

„Þetta hefur verið skemmtilegur tími og við höfum verið sérstaklega heppin með starfsfólki,“ segir Íris en þau hjónin hafa eignast tvö börn á meðan á uppbyggingu hefur staðið.

Lucas gefur hér uppskriftir að tveimur vinsælum réttum. Sem myndlistarmaður leggur hann mikla áherslu á litasamsetningu á diskunum og fallega uppsetningu. Á veitingastaðnum er mikil áhersla á fjölbreytta matsæðla sem breytast frá degi til dags.

BLEIKJA Á TVO VEGU - PÖNNUSTEIKT & TARTAR*

Bleikja
Radísur
Chili-pipar
Sítróna
Salt
Pipar
Ólífuolía
Steinselja

Skerið bleikjuna í bita, af einum fiski færðu tvö flök og rest fer í tartar.

TARTAR:

Skerið fiskinn í litla kubba, setjið í skál og bætið við radísu, chili-pipar, steinselju, salti, pipar og vel af sítrónusafa, blandið varlega og bætið svo ólífuolíu við.

*tartar er hrár réttur.

PÖNNUSTEIKT:

Þurrkið vökvann af roðinu / steikið roðið í ólífuolíu á miðlungshita í ca 2-3 mín. Þar til að það er orðið stökkt, smá salt og pipar á hliðina sem snýr upp og hitið svo hinum megin örstutt

eða í um það bil 10 sek. og þá er það klárt.

Raspið sítrónubörk yfir allan réttinn, skreytið með radísu og bætið við salati.

SÍTRÓNU-BROKKÓLÍPASTA MEÐ CHILI-FLÖGUM

Heilheitispagettí
Brokkólí
Spínat
Ólífuolía
Salt
Pipar
Chili-flögur
Parmesan
Sítróna
Steinselja

Skerið toppinn af brokkólíinu. Skerið svo stilkinn neðst af en ekki henda honum, skerið hann líka í litla kubba og setjið til hliðar.

Sjóðið spergilkálið í söltu vatni í u.þ.b 3 mínútur og setjið svo í kalt vatn. Auðveldast er að nota töfrasprota til að blanda spergilkálinu og spínatinu saman (ein lúka á móti einum haus af spergilkáli).

Blandið þar til úr verður mjúk mús og bætið næst við salti og pipar eftir smekk og 1 matskeið af ólífuolíu, blandið svo aftur í nokkrar sekúndur.

Hitið pönnu með ólífuolíu, bætið brokkólíkubunnum úr stilknum út á og eldið í u.þ.b. 5 mínútur, bætið svo við chili-flögum, salti og pipar eftir smekk.

Bætið soðnu spagettíinu út á pönnuna með spergilkálinu og kreistið smá sítrónusafa út í.

Setjið á disk, stráið parmesan ofan á og smá sítrónuberki, njótið!



Sítrónu-brokkólípasta með chili-flögum.



NÚ KÓLNAR Í VEÐRI
ÚLPUR - KÁPUR - KJÓLAR



comma,
SMÁRALIND

Fyrirtækjagjafir

30. september 2016

KYNNINGARBLAÐ

Ger innflutningur ehf. | Ostabúðin
Esja Gæðafæði ehf. | Fyrirtækjagjafir.is



Jólagjafir til starfsmanna eru ein leið stjórnenda til að þakka fyrir vel unnin störf og efla andann á vinnustaðnum.



Höfðað til tryggðar og hollustu

Svala Guðmundsdóttir, dósent í mannauðsstjórnun við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, segir gjafir stjórnenda til starfsfólks leið til að þakka fyrir góð störf. Slík umbun höfði til tryggðar starfsmanna og hollustu við fyrirtækið og auki starfsánægju. Gjafir til starfsfólks segi einnig til um ímynd fyrirtækis út á við og menninguna innanhúss. Það sé hins vegar ekki einfalt að finna gjöf sem höfðar til allra.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Við sjáum að fyrirtæki og vinnustaðir eru að gefa ýmsar tegundir gjafa, það geta verið sumargjafir eða jólagjafir og mörg fyrirtæki gefa starfsaldurstengdar gjafir. Margir gefa brúðkaupsgjafir og enn aðrir gefa áramóttagjafir og súkkulaðiegg á páskum. Aðrir einblína minna á einstakar gjafir en þeim mun meira á sameiginlega viðburði fyrir heildina eins og jólahlaðborð, árshátíðir og slíkt. Tilgangurinn er að höfða til tryggðar starfsmanna, hollustu við fyrirtækið og að auka starfsánægju á vinnustaðnum. Það er verið að þakka góð störf,“ segir Svala Guðmundsdóttir, dósent í mannauðsstjórnun við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Menning og ímynd

Svala segir ekki einfalt að gera

hópi ólíkra einstaklinga til hæfis. Lesa þurfi í menninguna á vinnustaðnum svo gjöfin sé viðeigandi, í takt við þau skilaboð sem fyrirtækið vill senda og ímynd þess. Mörg fyrirtæki fari þá leið að leyfa starfsfólki að velja á milli gjafa og þá sé mannlífsflóran orðin fjölbreyttari í íslensku samfélagi.

„Það halda til dæmis ekki allir jól og ef gjöfin er matarkarfa þá á svínakjöt til dæmis ekki við í einhverjum trúarbrögðum. Ef margar grænmetisætur eru í starfsmannahópnum höfðar matarkarfa með kjöti ekki til allra. Það þarf að lesa vel í menninguna á vinnustaðnum og hvaða skilaboð er verið að senda,“ segir Svala. „Í bók Ari-önnu Huffington, eins stofnenda Huffington Post, segir frá því að í fyrirtækinu var meðal annars lögð áhersla á góðan svefn og að starfsfólk drægi línu milli vinnunnar og einkalífsins. Stjórnendur tóku upp á því að gefa náttföt. Í framhaldinu fór fólk að taka myndir af sér í

náttfötunum og deila sín á milli og það myndaðist ákveðin stemming á vinnustaðnum og skemmtilegheit. Skilaboðin voru þau að stjórnendur kynnu að meta það að starfsfólk hugaði að sjálfu sér líka.“


Hefð sem reiknað er með

„Ef starfsfólk fær gjöf eitt árið er eðlilegt að það búist við henni árið eftir og ef það fær ekkert verður það vonsvikið,“ segir Svala. „Við erum minnt á þetta í bíómyndum og sögum. Charles Dickens skrifaði Christmas Carol árið 1843, um Scrooge sem taldi bara peningana sína í fyrirtækinu og tímdi engu að deila með starfsfólki sínu. Að lokum gefur hann matargjöf. Myndin Christmas Vacation frá árinu 1989 með Chevy Chase í aðalhlutverki segir frá Clark Griswold, sem bíður og bíður eftir jólabónusnum og er þegar búinn að ráðstafa honum í sundlaug. Þá verða einnig til ákveðin viðmið. Fólk ber vinnustaðinn saman við önnur sambæri-

„Ef starfsfólk fær gjöf eitt árið er eðlilegt að það búist við henni árið eftir.“

leg fyrirtæki og hvað starfsfólk í svipaðri stöðu annars staðar fær,“ útskýrir Svala. Þá séu gjafir ólíkar eftir því hvort um opinberar stofnanir er að ræða eða almennan markað.

„Það gilda auðvitað ákveðnar reglur um notkun á almannafé en hins vegar má veita viðurkenningu fyrir gott starf í þágu ríkisins í einhverjum tilfellum. Algengar gjafir hjá opinbera markaðnum eru gjafakort, leikhúsmiðar, matarkörfur og sumir hafa gefið aukafrí-daga. Þá senda einhverjar stofnanir jólakort. Almenni markaðurinn er hins vegar allt annar handleggur og þar höfum við verið að sjá gjafir til starfsmanna hlaupa á hundruðum þúsunda.“



Svala Guðmundsdóttir, dósent í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands, segir ekki einfalt að gera stórum hópi ólíkra einstaklinga til hæfis. MYND/GVA

Gjafahugmyndir fyrir leynivini

Leynivinaleikir verða sífellt algengari á aðventunni og margir vinnustaðir taka þá upp í einhverri mynd. Það liggur misvel fyrir fólk að finna tækifærisgjafir en hér eru nokkrar hugmyndir sem koma vonandi að gagni.

■ Gefðu eitthvað gott í gogginn; konfekt, jólabrúðstykur, góðan ost, kex og sultu, gæðapylsu eða annað í þeim dúr.

■ Fylltu sætan jólabolla með nammi. Ekki er verra ef það er nammi sem þú veist að vininum þykir gott.

■ Finndu út hvaða merkingu nafn leynivinarins hefur og jafnvel fæðingardagur líka. Prentaðu út, rúllaðu upp og hnýttu með jólaslaufu.

■ Búðu til leynilegt netfang og sendu leynivininu brandara, jólalög, myndir, myndbönd og annað skemmtilegt.

■ Pakkaðu fallegum servíettum og kertum í sellófan og láttu færa leynivininu.

■ Gefðu vininum heimabakaðar smákökur í fallegu og eigulegu boxi.

■ Gefðu fallegt jólasक्रaut. Það er alltaf gaman að fá nýtt jólasक्रaut á tréð.

■ Gefðu jólabjór eða vínflösku.

■ Gefðu kakóbolla með sykarpúðum, gott take-away kaffi eða pakka af góðu tei – allt eftir smekk leynivinarins. Ef þú þekkir hann ekki vel er ráð að spyrja nánari samstarfsfélaga.

■ Gefðu hlýja vettlinga eða ullarsokka.

■ Ef leikurinn stendur yfir í nokkra daga er hægt að byggja upp ákveðið þema. Gefa til dæmis snyrtiveski fyrsta daginn, varalít næsta og naglakklakki þriðja. Nú eða raksápu, rakvél og rakakrem ef vinurinn er karl.



Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Við hjá Epal hjálpum þér að velja réttu gjöfina fyrir þig og þitt starfsfólk.

- Mikið úrval
- Góð verð
- Fagleg ráðgjöf
- Frí innpökkun

Epal hefur boðið upp á faglega þjónustu og gæða vörur í 40 ár

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

Nánari upplýsingar veitir Arna í síma 568 7733 eða: arna@epal.is



menu

LAKRIDS
BY JOHAN BÜLOW

normann
COPENHAGEN

Joseph
Joseph

ROSENDAHL

GEORG JENSEN

Glæsilegar sælkerakörfur fyrir jólin

Sælkerakörfurnar frá Ostabúðinni Skólavörðustíg eru fyrir löngu orðnar ómissandi hluti af jólahaldinu. Þær innihalda úrval af sælkeramat þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Ostabúðin rekur einnig vinsælan veitingastað sem hefur fengið frábærar viðtökur.

Ostabúðin á Skólavörðustíg er vel þekkt meðal sækera landsins en þar hefur Jóhann Jónsson, þekktur sem Jói, ráðið ríkjum í tæp sautján ár. Verslunin býður upp á glæsilegar sælkerakörfur fyrir jólin til einstaklinga og fyrirtækja, frábært úrval af ostum og öðrum sælkeramat úr versluninni og síðasta sumar stækkaði veitingastaðurinn um helming og er nú með opið fram á kvöld við miklar vinsældir.

Jói segir sælkerakörfurnar innihalda fjölbreyttar vörur og viðskiptavinir stjórni innihaldinu eftir eigin þörfum. „Algengt innihald í körfunum er blanda af innlendum og erlendum ostum ásamt góðu ostakexi sem við flytjum sjálf inn, við bjóðum upp á eigin framleiðslu af lifrarkæfu og paté sem nýtur mikilla vinsælda og heitreykta gæsabringan hefur fyrir löngu slegið í gegn. Ekki má gleyma frönsku súkkulaðikökunni okkar sem við bökum sjálf. Hún er massív og alltaf jafn vinsæl.“

Ostabúðin flytur inn Noble gæðakonfekt frá Belgíu og franskar ólífuvörur frá Oliviers & Co sem læðast oft ofan í körfurnar ásamt vel völdum pylsum, sultum og fleira góðgæti. „Margir fara líka þá leið að bæta við hamborgarhrygg eða rauðvinsflösku þannig að hér eru engar staðlaðar lausnir heldur bara það sem hver og einn vill.“

Vinsæll veitingastaður

Algengustu körfurnar kosta á bilinu 10.-20.000 krónur en þær stærstu fara gjarnan í talsvert hærri upphæðir. „Þessar sælkerakörfur eru



Hátíðarkarfa sem gleður hinn sanna sækera. MYND/GVA



Jói í Ostabúðinni með eina girnilega sælkerakörfu. MYND/GVA



Huggulegheitin eru allsráðandi á veitingastað Ostabúðarinnar.

mjög heppilegar gjafir því að fólk á meira og minna allt heima hjá sér í dag. Því er svo sniðugt að gefa sælkeramat fyrir jólin sem hægt er að njóta á adventunni og fram yfir áramót.“

Ostabúðin rekur einnig vinsælan veitingastað á sama stað sem stækkaði um helming fyrir rúmu ári. „Aðsóknin hefur verið mjög góð og við fáum virkilega góða dóma frá bæði Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Staðurinn er opin til 21 á kvöldin og þar bjóðum við upp á m.a. nokkra fiskrétti, lambakjöt, hrefnu, fiskisúpuna sívinsælu og margt fleira. Auk þess reukum við vinsæla veisluþjónustu þannig að það er nóg að gera hjá okkur og alltaf líf og fjór hér á Skólavörðustígnum.“

Nánari upplýsingar má finna á www.ostabudin.is.

Stefnir í 2007-stemningu aftur

Verslun hefur almennt aukist undanfarin ár og að sögn forstöðumanns Rannsóknaseturs verslunarinnar leikur enginn vafi á að það verði töluverður vöxtur í jólaversluninni nú í ár. Væntingar fólks hafa einnig aukist og býst það því ef til vill við veglegri jólagjöfum en áður.

Lilja Björk Hauksdóttir
liljabjork@365.is



Rannsóknasetur verslunarinnar, sem er við Háskólann á Bifröst, gefur á ári hverju út skýrslu þar sem spáð er um jólaverslunina. Auk þess metur nefnd á vegum setursins hvaða vara verður jólagjöf ársins. Enn er órlítið of snemma að spá um hver verður jólagjöf ársins í ár en Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar, segir það vera fyrst og fremst til gamans gert. „Þetta fer þannig fram að við byrjum á að fá mikinn fjölda hugmynda frá almenningi. Síðan er skipuð matsnefnd löggilts smekkfólks, fólks sem er með puttann á púlsinum, markaðsfólk, verslunarfólk, tískulöggur og fleiri. Þetta er vel samsettur hópur ungs fólks og eldra, bæði konur og karlar. Þau setjast niður með hugmyndirnar sem hafa borist og velja svo jólagjöf ársins, ýmist úr þeim hugmyndum eða þau koma sjálf með aðra hugmynd.“

Fellur að tíðarandanum

Forsendur valsins eru að varan sé vinsæl meðal notenda, hún sé ný af nálinni, seljist vel og falli vel að tíðarandanum. Jólagjöf ársins í fyrra var þráðlausir hátalarar eða heyrnartól og var ástæðan fyrir því sú að notkun snjall-



„Það er þó aðeins annað viðhorf í dag, það er kannski hægt að segja að það sé ekki alveg jafn mikið brúð og að fólk gefi meira eitthvað gagnlegt.“

Emil B. Karlsson



Aukning hefur verið í verslun undanfarin ár og segir Emil að enginn vafi leiki á að það verði töluverður vöxtur núna líka.

NORDIC PHOTO/GETTY

síma við spilun á afþreyingu hafði aukist til muna. Árið þar áður var jólagjöfin nytjalist og í hittedyftra lífsstílsbók. Spurður að því hvort fyrri nefndir hafi hitt í mark með mati á jólagjöf ársins segist Emil telja svo vera en erfitt sé að meta það sérstaklega. „Þetta hefur að minnsta kosti alltaf verið eitthvað sem fellur vel að tíðarandanum. Til dæmis var jólagjöf ársins rétt fyrir hrun gps-tæki og stuttu eftir það var lopapeysa gjöfin. Hugmyndin með þessu er að endurspeglar stemninguna í

þjóðfélaginu og það hefur tekist að mínu mati,“ segir hann.

Hafa verið sannspá

Rannsóknarsetur verslunarinnar birtir tölur um þróun í verslun allt árið og birtir svo spá um jólaverslunina yfirleitt í lok október. „Þessi spá okkar hefur verið nokkuð rétt undanfarin ár. Hún er gerð þannig að þróun verslunar í einstökum vöruflokkum það sem af er ári er skoðuð, út frá þeim tölum spáum við um hvernig þróunin verði áfram og

miðum líka við síðustu jóla,“ útskýrir Emil.

Hann segir að verslun hafi aukist undanfarin ár og að enginn vafi sé á að það verði töluverður vöxtur núna. „Allar tölur sem við sjáum núna eru upp á við og ekki síst í sérvöru. Það er úr alltaf minni sveiflu í nauðsynjavöru, við þurfum víst alltaf að borða, það er númer eitt, tvö og þrjú, en við sjáum samt töluverða aukningu líka í matvöruverslun. En það eru sérvörur eins og húsgögn og raftæki sem hafa verið mjög upp á við.“

Væntingarnar aukast

Emil segir einkaneyslu hafa aukist mjög mikið og þegar blaðamaður spyr hvort „2007-stemningin“ sé snúin aftur segir hann stefna hratt í það. „Við erum reyndar ekki komin þangað í öllum flokkum, raftækin eru til dæmis komin þangað en húsgögn ekki alveg. Kaupmáttaraukningin er mikil og samkvæmt væntingavísitölu Gallup eru væntingar miklar og það hefur svolítið að segja með kaup á gjöfum og öðru.“

Heldur þú þá að fólk búist við að fá veglegri gjafir frá vinnuveitendum sínum en það gerði sér væntingar um fyrir tíu árum? „Já, ég myndi segja það. Það er þó aðeins annað viðhorf í dag, það er kannski hægt að segja að það sé ekki alveg jafn mikið brúð og að fólk gefi meira eitthvað gagnlegt. Fólk horfir aðeins meira í það, ég held að hrúnið hafi kennt okkur það.“



FYRIRTÆKJAGJAFIR



LAUGAVEG 25 / LAUGAVEG 32 / KRINGLUNNI
S: 553-3003 / S:553-2002 / S:553-0500

Setjið kærleika í gjöfina

Sigríður Klingenberg segir nauðsynlegt að atvinnurekendur hugsi vel um starfsfólkið sitt og gefi því gjafir, hvort sem það er á stórafmælum eða jólum. Hún segir að vanda þurfi valið á gjöfinni og gott sé að hún sé nytsöm og komi að góðum notum.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Sigríður hefur sjálf verið gefin í jólagjafir fyrirtækja, það er að segja bækur hennar eða námskeið. Hún heldur líka þjónustunámskeið og fyrirlestra í fyrirtækjum. „Við þurfum að vera hamingjusöm þar sem við erum,“ segir hún. „Ef starfsfólkið er ekki ánægt í vinnunni þá er fyrirtækið ónýtt. Ég reyni að fá fólk til að sýna sitt besta til dæmis við afgreiðslustörf því það skiptir miklu máli. Jafnvel þótt viðskiptavinurinn sé fúll og leiðinlegur. Fyrirtækið er fjölskylda þar sem starfsmenn standa saman. Ef einhverjum líður illa í vinnunni er það hans að breyta því og finna út hvernig hægt sé að gera hlutina skemmtilega,“ segir Sígga Kling, eins og hún er kölluð.

„Ef fólk vill ná árangri þarf það að bera virðingu fyrir vinnunni sinni. Til að fyrirtækið nái árangri

þarf það að bera virðingu fyrir starfsmönnum. Svo veit ég að ferilskrá þegar sótt er um vinnu vex ungu fólki í augum. Er ekki betra að ræða beint við vinnuveitandann eins og áður var gert? Gráður skipta ekki alltaf máli,“ segir Sígga. „Svo er nauðsynlegt að hrista hópinn stundum saman og ná upp góðum starfsanda.“

Sígga bendir á að það skipti miklu máli að vinnuveitandi viti hvenær fólk á afmæli og bjóði til dæmis upp á köku í tilefni dagsins. „Gjafir þurfa ekki að vera dýrar heldur fremur táknrænar. Fyrir jólin er gott að gefa eitthvað nytsamt, matarkörfu eða peninga. Starfsmenn upplifa þá gjöf-

” Ef fólk vill ná árangri þarf það að bera virðingu fyrir vinnunni sinni. Til að fyrirtækið nái árangri þarf það að bera virðingu fyrir starfsmönnum.

Sigríður Klingenberg

” Gjafir þurfa ekki að vera dýrar heldur fremur táknrænar.

Sigríður Klingenberg

ina sem búbót. Ég man einu sinni eftir því að Sveinn bakari, sem þá var nokkuð þekktur, gaf starfsmönnum sínum mynd af sjálfum sér. Það er mjög myndin gjöf og sagan lifir en ég held að starfsmennirnir hefðu þegið eitthvað annað. Sveinn var reyndar mikill hómoristi.

Ég veit um annað dæmi þar sem starfsmenn fengu dýra og veglega jólagjöf eitt árið en næstu jól á eftir fengu þau mjög litla gjöf. Það urðu margir reiðir yfir því og mikil óánægja blossaði upp. Það borgar sig þess vegna að hafa gjafirnar alltaf svipaðar. Gjafir skipta máli og hafa áhrif á starfsandann. Vinnuveitendur ættu því að hugsa sig vel um áður en gjöfin er keypt og gera það með kærleika.“



Salt Eldhús býður fjölbreytt úrval matreiðslunámskeiða við allra hæfi

Gjafabréfin okkar eru tilvalin jólagjöf til starfsmanna. Þau fást í 4 verðflokkum:

- 12.900 kr - 14.900 kr

- 16.900 kr - 18.900 kr



Fyrsta flokks aðstaða og framúrskarandi kennarar

Kynntu þér málið á www.salteldhus.is sendu tölvupóst á info@salteldhus.is eða hringdu í síma 551-0171

Jólagjafir 2016



A4

Jólagjafirnar fyrir starfsfólkið og viðskiptavinini færðu hjá A4

Fyrirtækjasala A4 markast af góðri þjónustu og miklu úrvali af gæðavörum. Hafðu samband og fáðu okkur til aðstoða þig við að velja réttu gjöfina. Hjá Fyrirtækjasölu A4 starfar fólk með víðtæka þekkingu og áratuga reynslu á sviði heildarlausna á skrifstofuvörum.

Sams^onite



BASE HITS

Vinsælustu töskurnar frá Samsonite.
Fást í nokkrum mismunandi stærðum og litum.
4, hjól.
5 ára ábyrgð.



STREAMLIFE

Töskur sem slegið hafa í gegn fyrir einstaklega fágaða og glæsilega hönnun.
4 hjól sem snúast í 360°, TSA talnalás.
5 ára ábyrgð.



COSMOLITE

Fallegar og vandaðar töskur sem þola óvenjulega mikið álag. Fást í nokkrum mismunandi stærðum og litum.
4 hjól, TSA talnalás, skilrúm með renndum vasa.
10 ára ábyrgð.



* **Bloomingville**
EVER CHANGING HOMES

BLOOMINGVILLE GJAFAVARA

Nú fást þessar vönduðu gjafavörur hjá A4. Þetta heimspekta vörumerki hefur slegið í gegn og erum við sérlega ánægð af því úrvali sem við höfum að bjóða.




GJAFAKORT HJÁ A4
ER GJÖF SEM
HENTAR ÖLLUM



Fyrirtækjasala A4 er í síma 580 0000

jolagjafir@a4.is

www.a4.is

Sælkerakörfur í miklu úrvali

Esja Gæðafæði/Kjötbankinn í samvinnu við **Sælkerabúðina** býður úrval girnilegra matarkarfa til jóla- og tækifærisgjafa. Hægt er að sérvelja úrvalsmatvæli í körfurnar. Þorkell Þorkelsson, sölu- og markaðsstjóri Esju, segir að fersk kjötvara sé að sækja á í gjafakörfum í stað þess reyktu og saltaða.

„Í Sælkeraversluninni okkar á Bitruhálsi 2 svigna hillur undan kræsingum. Ásamt því að hafa staðlaðar körfur þá sníðum við einnig körfurnar eftir þörfum hvers og eins. Viðskiptavinir okkar geta pantað mismunandi samsetningar matvæla í gjafakörfurnar. Úrvals matvæli standa viðskiptavininum til boða og t.d. eru nautalundir og úrbeinuð lambalæri sem og hin margrómaða drottningarskinka afar vinsæl í körfurnar,“ segir Þorkell Þorkelsson, sölu- og markaðsstjóri Esju.

„Við verðum vör við auknar kröfur um ferskvöru í matarkörfunum. Það er minna um þessa klassísku jólarétti eins og hamborgarhrygg og hangikjöt, þó það haldi alltaf velli. Þessi breyting fylgir líklega yngri neytendum sem vilja minna saltað og reykt kjöt og velja þá heldur ferskt á jólaborðið. Í Sælkeraverslun okkar erum við einnig með grafnar og reyktar gæsabringur, andabringur og fjölbreytt úrval af annarri gjafavöru, svo sem ýmsar gerðir af sultum og súkkulaði, mikið magn innlendra og er-

lendra osta og fleira sem hægt er að velja í gjafakörfurnar eða á jólaborðið.

Gott er að panta gjafakörfurnar tímanlega, sérstaklega þegar um margar körfur er að ræða. Pantanir eru teknar niður í síma 567 6640 og á netfanginu sala@esja.is.

Esja og Kjötbankinn voru sameinuð í byrjun árs undir merkjum Esju Gæðafæðis. Hjá Esju Gæðafæði starfa margir fagmenn, bæði matreiðslumenn og kjötiðnaðarmenn, og svo fólk með langan starfsferil og viðtæka þekkingu. Við erum mjög ánægð með okkar starfsfólk en það er því að þakka að þessi sameining tókst eins vel og raun ber vitni. Þarna sameinuðust tvö stór og öflug fyrirtæki í kjötiðnaði undir sama þaki að Bitruhálsi 2 í Reykjavík. Fyrirtækið er hluti af Kaupfélagi Skagfirðinga ásamt sláturhúsunum á Hellu og Hvammstanga sem og á Sauðárkróki „Við sameininguna jókst vöruúrvalið til muna og viðskiptavinahópurinn stækkaði. Við ábyrgjumst hágæðavörur úr úrvals hráefni“ segir Þorkell.



„Í Sælkeraversluninni okkar á Bitruhálsi 2 svigna hillur undan kræsingum.“ Þorkell Þorkelsson, sölu- og markaðsstjóri Esju. MYND/ERNIR

Gjafir sem gleðja

Gleðileg jól

GERÐU VEL VIÐ ÞÁ SEM SKIPTA ÞIG MÁLI
Margar gerðir og stærðir



ESJA
GÆÐAFÆÐI

Gjafmilegar gjafir

GERÐU VEL VIÐ STARFSFÓLK OG VIÐSKIPTAVINI
Láttu okkur sjá um fyrirtækjagjafirnar - einfalt og þægilegt



Karfa nr. 1

Castello ananas-ostur,
Jóla Yrja,
Jóla gráðaostur,
Serrano hráskinka,
hindberjasulta,
belgískt gæðasúkkulaði,
Carr's kex,
karfa og skreyting
kr. 3.900



Karfa nr. 2

Camembert Royal,
Coeur de Lion - franskur Brie,
Jóla gráðaostur,
Castello svartur,
Trio Espanol hráskinka,
bláberjasulta, Carr's kex,
belgískt gæðasúkkulaði,
karfa og skreyting
kr. 4.900



Karfa nr. 3

Castello ananasostur,
Castello hvítur,
Coeur de Lion - franskur brie,
Castello Blue, Kolibrie geitaostur,
Serrano hráskinka,
bláberjasulta, Mini toasts,
Snillingur, belgískt gæðasúkkulaði,
karfa og skreyting
kr. 7.890



Kassi nr. 1

Jóla gráðaostur,
Kolibrie geitaostur,
Castello ananas-ostur,
Coeur de Lion - franskur brie,
Jóla Yrja, Crackers kex,
Camembert Royal, bláberjasulta,
Snillingur, pepperoni stubbar,
Tapas snack,
léttreyktur lambahryggur,
kalkúnabringa í salvíusmjöri,
gjafakassi
kr. 9.900



Íslensk karfa

Íslensk ostakarfa

Dalahringur,
bláberjasulta,
Urta Svartkex (Black Lava),
Jóla gráðaostur, Jóla Yrja,
Höfðingi blár,
Camembert,
Villisveppaostur,
Kastali hvítur,
karfa og skreyting
kr. 6.800



Kassi nr. 2

Jóla Yrja,
Coeur de Lion - franskur brie,
Castello ananas-ostur,
Castello Blue, franskur Camembert,
Castello Golden, Crackers kex,
Mini toasts, bláberjasulta,
innbakað sveitapaté,
pepperoni stubbar, Snillingur,
hamborgarhryggur, hangikjöt,
2 stk. belgískt gæðasúkkulaði,
gjafakassi
kr. 14.990



PANTIÐ TÍMANLEGA
síðasti þöntunardagur fyrir jól er föstudagurinn 9. des.

Körfurnar eru
innpakkaðar og tilbúnar til afhendingar.
Láttu okkur sjá um málið...


Mesti auður
hvers fyrirtækis
er starfsfólkið og
viðskiptavinirnir

Smáatriði sem skipta þó máli

Gjafir til starfsmanna eiga það til að verða svolítið einsleitar og ópersónulegar á að líta. Hér eru nokkur ráð til að poppa þær upp.

Þegar rétta starfsmannagjöfin er fundin tekur innpökkunin við. Í stórum fyrirtækjum er oft stuðst við aðkeypta þjónustu í þeim efnum enda mikið verk að pakka hundruðum gjafa inn. Þó útkoman úr því sé yfirleitt óaðfinnanleg geta gjafirnar orðið svolítið ópersónulegar á að líta. Auk þess eru þær jafnan allar nákvæmlega eins.

Flestum þykir gaman að fá pakka sem augljóslega hefur verið nostrað við enda ber það vott um hlýjan hug. Hvort sem einhver utanaðkomandi er fenginn í verk-ið eða stjórnendur taka það að sér eru hér nokkrar hugmyndir til að gera gjafirnar persónulegri og gleðilegri fyrir viðtakendur sem fá þær í hendur.



1. Þó pakkarnir séu að forminu til allir eins má leika sér með ólíka skrautborða, merkimiða eða pappír. Gætið þess þó að einn pappírinn sé ekki áberandi fallegri en annar. Það má til dæmis hafa allt í sömu litatönnum en breytilegt munstur. Þá geta merkimiðarnir verið eins að forminu til en með mismunandi myndum.

2. Pakkaskraut er alltaf skemmtilegt og ekki síst ef það hefur notagildi. Jólaskraut á tréð er tilvalið í þessu samhengi og er ekki síðra ef það er eftir íslenskan hönnuð eða hefur söfnunargildi.

3. Lítil askja með handgerðu konfektum eða ristuum möndlum er tilvalin með eða ofan á pakkann og eykur vafalaust ánægju viðtakandans.

4. Í stærri fyrirtækjum eru jólakortin gjarnan prentuð sérstaklega með staðlaðri áletrun til starfsmanna. Í slíkum tilfellum er þó mjög til bóta að forstjórinn eða framkvæmdastjórinn skrifi sjálfur undir. Það kunna flestir að meta það. Í smærri fyrirtækjum fer best á því að sá sem er í forsvari skrifi inn í kortið sjálfur.

5. Þá er ráð að gæta þess að kyngera ekki pakkana. Það er að segja að karlar fái bláan en konur rauðan svo dæmi sé nefnt. Fólk hefur ólíkar hugmyndir um kyn, er með ýmiss konar kynhneigð og getur tekið slíkt óstínt upp. Það þykir auk þess hreinlega gamaldags að ætla að ákveðnir litir höfði frekar til karla en kvenna og öfugt.



» Flestum þykir gaman að fá pakka sem augljóslega hefur verið nostrað við enda ber það vott um hlýjan hug.

Sérhæfir sig í fyrirtækjagjöfum

Ingibjörg Karlsdóttir fékk þá hugmynd fyrir jólin í fyrra að stofna fyrirtæki sem sérhæfir sig í fyrirtækjagjöfum. Ingibjörg býður fyrirtækjum og félagasamtökum heildarlausnir í umsjón gjafa, samsetningu þeirra, innpökkun og kortum.

Ingibjörg býr á Reyðarfirði og starfaði áður sem verkfræðingur hjá Alcoa Fjarðaáli. Hún ákvað að taka sér árs leyfi og stofnaði Fyrirtækjagjafir. Ingibjörg segist ekki vita til þess að annað fyrirtæki hér á landi sérhæfi sig í þessari þjónustu. „Ég set saman alls kyns gjafir og þarf ekki að einskorða mig við einn birgi. Gjafirnar eru fallega innpakkaðar og með persónulegu korti,“ segir hún. Þótt Ingibjörg sé búsett á Reyðarfirði þá starfar hún fyrir fyrirtæki um allt land.

„Ég hef alltaf haft mjög gaman af því að gefa gjafir og pakka þeim fallega inn. Ég hef mikinn áhuga á fallegum hlutum og er alger sælkeri þannig að þetta starf hentar mér mjög vel,“ segir Ingibjörg. „Markmiðið er að setja saman gjafir eftir óskum hvers og eins fyrirtækis og annaðhvort vinna eftir þeirra hugmyndum eða koma með tillögur fyrir hvert og eitt tilefni,“ segir hún. „Gjafir eru tilvalin leið til að sýna þakklæti eða samgleðjast áföngum í lífinu, það geta verið afmæli, barnsfæðingar, jólagjafir, starfslokagjafir eða viðurkenning fyrir vel unnin störf.“

Ingibjörg segir algengt að fyrirtæki gefi gjafakort í banka. „Það er alltaf góð hugmynd sem nýtist öllum, en það er enn

fallegra og persónulegra að afhenda það fallega inn pakkað með viðeigandi kveðju í korti. Það er þessi persónulega nálgun sem ég vil ná. Þegar þú færð gjöf er upplifunin það sem skiptir mestu máli og að alúðin sem lögð hafi verið í hana skili sér frá gefanda til þiggjanda.“

” Markmiðið er að setja saman gjafir eftir óskum hvers og eins fyrirtækis og annaðhvort vinna eftir þeirra hugmyndum eða koma með tillögur fyrir hvert og eitt tilefni.“

Ingibjörg Karlsdóttir



Ingibjörg Karlsdóttir rekur fyrirtækið Fyrirtækjagjafir og þjónar öllu landinu.

Ingibjörg segir að þjónusta hennar sé hagkvæm fyrir fyrirtæki. „Þjónustan sparar tíma og fyrirhöfn við gjafakaup og við leggjum mikið upp úr persónulegri og framúrskarandi þjónustu,“ segir hún. Nú þegar líða fer að hausti er gott að fara að huga að jólagjöfum. Fyrirtækjagjafir

léttu jólaundirbúninginn, við setjum saman gjöfina, pökkum henni inn og prentum kort.“

Fyrirtækjagjafir eru með heimasíðuna fyrirtækjagjafir.is og eru einnig á Facebook. Þá er hægt að ná í Ingibjörgu í síma 774 2080.

Gott að gefa, himneskt að þiggja

Það er afskaplega gaman að fá glæsilega gjafakörfu með góðgæti eins og ljúffengu súkkulaði til að gæða sér á eða bjóða öðrum.

Nýttu þér þessa einföldu og aðgengilegu aðferð til að minna á þig og færa gleði inn í tilveruna, t.d. hjá traustum viðskiptavinum eða góðu starfsfólki.

Sérmerkt sælgæti er einnig skemmtileg leið til að efla viðskiptatengsl, til að bjóða á fundum eða senda góðum viðskiptavinum.

Við útbúum gjafakörfur eftir þínum óskum, hafðu samband við þjónustuver Nóa Síriusar í síma 575 1800 eða sendu fyrirspurn á noi@noi.is



Gjafakörfur

Blanda af ýmsu sælgæti í fallegri gjafakörfu.



Konfektkassar

Nóa konfekt á ríkan sess í hugum Íslendinga og ekki að ástæðulausu.



Sérmerktar öskjur

Konfektöskjur Nóa Síriusar í sérmerktum umbúðum, t.d. með merki fyrirtækis eftir þínum óskum.



Öskjur



Sírius rjómasúkkulaði



1 kg konfekt



Pralín molar



Sírius pralín súkkulaði



Sírius súkkulaðirúsinur


NÓI SÍRÍUS



Ofurskipulagði starfsmaðurinn gæti metið að verðleikum þennan Pier1 bolla. Á bollanum er sex atriða minnislisti og honum fylgir sérstakur penni. Atriðin má svo þurrka út eftir að verkefni hafa verið unnin.



Margir kunna að meta ferðalög. Þá er gaman að geta merkt áfangastaðina inn á þetta fína hnattlíkan úr korki frá Uncommon Goods.



Vínunnendur leynast víða. Fin vínflaska veldur reyndar sjaldnast vonbrigðum.



Litríkar og sætar franskar makkarónur sem pakkað er inn í fallegar umbúðir hitta sækera í hjartastað.

Persónulegar starfsmannagjafir

Iðulega fá allir starfsmenn fyrirtækja sömu gjöfina. Það er skiljanlegt enda erfitt að gefa persónulegar gjafir í mannmörgum fyrirtækjum. Minni fyrirtæki með fáa starfsmenn hafa fremur tækifæri til að gefa persónulegar jólagjafir út frá áhugasviði viðkomandi. Á vefsíðunni businessinsider er að finna lista yfir skemmtilega öðruvísi starfsmannajólagjafir.



Því ekki að hressa upp á skrifborð starfsmanna með skemmtilegum aukahlutum á borð við þessa risaeðlu sem geymir minnismiða í kjafinum og blýanta á bakinu. Þessi eðla er frá ástralska merkinu Executive Concepts.



Þessi eyrnaskjól með innbyggðum heyrnar-tólum eru tilvalin fyrir skokkara sem elska að hlaupa í hvaða veðri sem er.

Bækur eru alltaf góð hugmynd.



Sumum finnst best að vinna með heyrnartól á höfðinu og hlusta á góða tónlist. Fyrir slíkan starfskraft væri áskrift að Spotify Premium upplögð gjöf.



Fjölmarginir elska að sprengja bóluplast. Þetta bóluplastsdagatal frá Uncommon Goods bætir því dálitilli gleði í lífið hvern dag.

Gefðu möguleika

Þú færð gjafakortið á þjónustuborði Smáralindar eða á smaralind.is



Gleðileg Óstajól

JÓLAGJÖF SÆLKERANS

Veldu milli sjö mismunandi karfa og bættu við annarri matvöru, víni eða gjafavöru. Við sjáum um pökkunina þér að kostnaðarlausu.

Frábær jólagjöf til viðskiptavina eða starfsmanna. Kíktu á ms.is - einfalt og fljótlegt.



Ljúfar og notalegar stundir í annríkinu

Vikurnar fyrir jólin voru oftast annasamur tími meðan **Sturla Böðvarsson** gegndi þingmennsku árin 1991-2009. Þó ríkti oft góður andi innan þingsins þar sem þingmenn og starfsfólk Alþingis reyndu að skapa góðar og notalegar stundir í öllu annríkinu.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Á meðan flestir landsmenn reyna að upplifa ljúfar gæðastundir á adventunni eru þingmenn yfirleitt önnur kafnir flestöll kvöld og helgar fyrir jólin. Þrátt fyrir það ríkir oft góður andi innan þingsins þar sem þingmenn og starfsfólk reyna að skapa ljúfar og notalegar stundir í annríkinu.

Það eru nokkur ár síðan Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi, lét af þingstörfum en hann sat á Alþingi árin 1991-2009 og gegndi m.a. stöðu samgönguráðherra og forseta Alþingis. Jólin hafa alltaf skipað stóran sess í lífi þeirra hjóna og fimm barna þeirra en þegar Sturla settist á þing 1991 breyttist margt vegna aðstæðna og langra vinnudaga.

„Fyrstu átta árin mín á þingi sat ég í fjárlaganefnd sem talsmaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður fjárlaganefndar. Þau ár öll voru miklar annir í fjárlaganefnd og langar fundarsetur fram að jólum vegna afgreiðslu fjárlaga. Minningin um þann tíma er samt ljúf vegna þess að hópurinn sem skipaði nefndina var samheldinn. Við áttum margar góðar stundir í húsakynnum fjárlaganefndar þar sem jólin höfðu vissulega áhrif



Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar og fyrrverandi þingmaður.

” Við áttum margar góðar stundir í húsakynnum fjárlaganefndar þar sem jólin höfðu vissulega áhrif.

Sturla Böðvarsson

og birtust með konfektum og ljúfum veigum að loknum löngum vinnudegi.“

Skemmtileg nánd

Andinn utan þingsalarins breyttist einnig mikið að sögn Sturlu og var þess gætt í þinghúsinu að helgi jóllanna birtist með skrauti og nota-



Vikurnar fyrir jól eru oftast mikill annatími fyrir þingmenn en þrátt fyrir það ríkir yfirleitt góður jólaandi innanhúss. MYND/GVA

legum stundum í matsalnum. „Þá var einnig eftirspurn eftir þingmönnum sem ræðumönnum á adventustundum í ýmsum kirkjum. Bónum um að mæta við messu og flytja adventuávarp var ekki hægt að neita og skapaði skemmtilega nánd við fólkið í kjördæminu.“



Sturla og Hallgerður með börnum sínum og barnabörnum heima í Stykkishólmi.

Á þessum tíma rak fjölskyldan tvö heimili og hélt jólin í Stykkishólmi og segir Sturla það hafa verið kapphlaup að undirbúa jólin með hann nánast óvirkan vegna anna í þinginu fyrstu tvö kjörtímabilin.

Afgreiðsla fjárlaga góð gjöf

Næstu tvö kjörtímabil sín gegndi Sturla stöðu samgönguráðherra. Þau ár voru með öðrum brag og hann hafði meira frelsi til að sinna fjölskyldunni í aðdraganda jóllanna. „Síðustu jólin mín á Alþingi var ég forseti Alþingis. Á allri jólaföstudunni og á milli hátíða 2008 er í minningunni sá tími sem fór í það verkefni að semja um lagafrumvarpið um rannsóknarnefnd Alþingis vegna bankahrunsins og velja þrjá fulltrúa í þá merkilegu rannsóknarnefnd. Því verki lauk ekki fyrr en á gamlársdag. En hvernig sem allt veltist þá tókst starfsfólki Alþingis að kalla fram góðar stundir á adventu.“

Spurður hvort og þá hvernig jólagjafir þingmenn fengu meðan hann var þingmaður viðurkennir Sturla að hann muni það ekki vel. „Helstu jólagjafirnar sem ég man eftir fólust í að ná fram málum við afgreiðslu fjárlaga. Slíkar gjafir nefnir maður auðvitað ekki fyrr en í æviminningunum því að þær eru allar tengdar hagsmunagæslu í þágu sjúkrastofnana, skóla eða samgöngubóta sem er talið kjördæmapot og því ekki til að hæla sér af að mati þeirra sem skilja ekki að það er eðli þingmennsku að vinna fyrir fólkið í landinu og oftast þvert á kjördæmi.“

Gott að komast heim

Sturla eyddi ekki löngum tíma í höfuðborginni eftir að þingstörfum lauk fyrir jólin heldur hélt strax heim til fjölskyldunnar í Stykkishólmi. „Í mínu tilviki var mikilvægast að komast heim í Stykkishólmi og mæta á alla þá jólatónleika sem hægt var að nálgast ásamt því að skrifa á og senda jólakort til ættingja, vina og samstarfsmanna. Við Hallgerður kona mín eigum flest jólakortin sem við höfum fengið á jólum eftir nærri fimmtíu ára hjúskap.“

Trékross stendur upp úr

Áður en Sturla tók sæti á þingi árið 1991 hafði hann starfað sem bæjarstjóri í Stykkishólmi árin 1974-1991. Þar kom hann m.a. á þeirri hefð að gefa starfsmönnum bæjarins jólakort og konfektikassa frá bæjarfélaginu. „Það var mitt hlutverk að aka um bæinn á aðfangadag með börnin mín sem hlupu með jólagjafirnar úr bílnum inn á heimili starfsmanna. Þar var þeim fagnað vel og þau sneru stundum til baka með gjafir. Þessa minnst börnin í dag sem gæðastunda.“

Þegar hann lítur til baka og rifjar upp þá fyrirtækjagjöf sem gladdi hann mest kemur strax upp í hugann gjöf sem hann fékk frá St. Franciskussystrum í Stykkishólmi sem stjórnarmaður í spítalanum, á fyrstu jölunum þeirra í Stykkishólmi. „Sú gjöf kom mér mest á óvart og gladdi mig mest. Það var fallegur trékross sem þrýðir heimili okkar og minnir okkur á kaþólsku nunnurnar sem settu svo mikinn svip á Stykkishólmi.“

Hafðu smá
😊 👧 ✨ 💖 **í dag**

ellen

Mánudaga – fimmtudaga kl. 17:40



Hér er Hulda (fyrir miðju) ásamt Ástrósu og Kötu í glæsilegum sýningarsal Ger að Bildshöfða 20. MYNDIR/GVA

Mikið úrval nytjahluta og skrautmuna

Heildverslunin Ger hefur starfað frá árinu 2010 og selur aðallega til hótela og gistingu. Starfsemin hefur gengið vel og hefur vöruúrvalið aukist jafnt og þétt. Fjöldi fyrirtækja leitar til Ger eftir starfsmannagjöfum enda kennir þar ýmissa grasa en verslunin er með öll vörumerki sem fást í Húsgagnahöllinni, Betra baki og Dorma.

„Í dag er starfsemin tvíþætt; annars vegar seljum við til hótela, gistingu og veitingastaða ásamt því að vinna mikið með arkitektum sem eru að hanna ýmis rými, íbúðir, hótél, veitingastaði og annað í þeim dúr. Hins vegar erum við endursöluaðilar þekkra og vandaðra vörumerkja,“ segir Hulda Rós Hákonardóttir, innkaupastjóri smávöru hjá Ger. Hún segir starfsemin ganga vel enda er mikill uppgangur í ferðageiranum og þjóðfélaginu öllu. „Við höfum þurft að stækka sýningarrýmið okkar og lagerinn og bæta við starfsfólki. Við gætum því ekki verið ánægðari.“

Samhliða góðu gengi hefur vöruúrvalið aukist til muna og þá mest í smávörunni. „Við getum boðið upp á nánast allt sem þarf til þess að standsetja hótél og veitingastaði. Við erum með rúm, lín, handklæði og allt sem þarf í hótélherbergi. Þá erum við með frábærlega vönduð matarstell, bæði þessi hefðbundnu hvítu postulínsstell og stell

í „rustic“ stíl sem eru svo vinsæl núna. Svo erum við með fullt af kertum, glervöru og aðra skrautmuni,“ segir Hulda.

Helsti styrkleiki heildsölnunnar er samvinnan við Húsgagnahöllina, Betra baki og Dorma en þau vörumerki sem við erum heildsöluaðilar fyrir eru Broste Copenhagen, Yankee Candle og Ester&Erik, sem eru frábærlega vönduð kerti. Þá erum við með Aerts, belgískt hótélvörumerki með frábærum matarstollum, glösom og borðbúnaði fyrir veitingarekstur, Pomax sem er belgískt lífsstílsmerki, Leonardo sem er þýskt glervörumerki og Joy Fragrances sem framleiðir skemmtilega ilmkarla í bílinn og fleira.

Aðspurð segir Hulda mikið um að fyrirtæki leiti í Ger við leit að jólagjöfum til starfsmanna. „Þetta er þriðja árið sem við gefum út bækling þar sem er að finna mikið af gjafavöru og svo hefur það reynst mikill styrkur að vera með allt vöruúrvalið í Húsgagnahöllinni, Betra baki og Dorma.“

Hulda segir starfsfólk Ger reyna að ráðleggja fyrirtækjum eftir bestu getu. „Oft þurfa gjafirnar að vera fyrir bæði kyn og henta öllum aldri. Sumir



Hvers kyns jólavara fæst í úrvali.



Í versluninni er mikið úrval af alls kyns glervöru sem er vinsæl í jólapakkann.

eru að leita að gjöfum með notagildi en aðrir vilja gefa skrautmuni. Hvort heldur sem er erum við uppfull af hugmyndum fyrir þá sem þurfa aðstoð og getum útbúið pakkana frá a-ö eftir óskum

viðskiptavina. Eins sjáum við um innþökkunina gegn vægu gjaldi ef þess er óskað.“

En hvaða gjöfum mælir þú með? „Það er svo margt sem kemur til greina



og hér ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Handklæðasettin okkar eru til dæmis góð gjöf en þau eru bæði falleg og hafa mikið notagildi. Þá koma fallegir bollar eða tesett alltaf að notum ásamt töff salatáhöldum. Eins eru þægilegir inniskór fyrir þreytta fætur góð gjöf. Fallegir kertastjaker eða vasar falla líka oft í kramið og því ekki að gefa skemmtilega ilmkarla í bílinn?“

Bæklingur Ger kemur út í næstu viku og verður sendur til allra fyrirtækja.

Verslunin er til húsa að Bildshöfða 20. Hún er opin alla virka daga frá 10-16. Allar nánari upplýsingar er að finna á ger.is og í síma 558-1111.



BITI FYRIR SAMSTARFSFÓLKID

Það er ekki amalegt að fá eitthvað gott með kaffinu á miðjum vinnudegi. Þeir sem vilja vinna sér inn vinsældir á vinnustaðnum geta hent í eins og eina lögun af biscotti.

2 bollar hveiti
1 1/2 tsk. lyftiduft
3/4 bolli sykurl
1/2 bolli ósaltað smjör við stofuhita
1 tsk. rifinn sítrónubörkur
1/4 tsk. salt
2 stór egg

3/4 bolli pistasíuhnetur, gróft hakkaðar
2/3 bolli þurrkuð trönuber
340 g súkkulaði (suðusúkkulaði eða hvítt súkkulaði)

Hitið ofninn í 180 gráður.
Setjið bökunarpappír á bökunarplötu. Blandið hveiti og lyftidufti í skál. Þeytið í annarri skál saman sykurl, smjör, sítrónubörkur og salt. Blandið einu í einu út í og þeytið. Bætið nú hveitiblöndunni saman við og hrærið þar til blandan er slétt. Bætið þá við hnetum og berjum.

Mótið deigið í 30 cm langa og 8 cm breiða lengju og setjið á bökunarpappírinn, bakið í um 40 mínútur og látið kólna í hálf tíma.

Setjið lengjuna á bretti og skerið í rúmlega sentimetra þykkar sneiðar. Raðið sneiðunum á bökunarplötuna og bakið í um 15 mínútur þar til sneiðarnar eru gullinbrúnar. Látið kólna.

Bræðið súkkulaðið, stingið biscotti-sneiðunum að hálfu ofan í það og raðið á bökunarpappír.

Heimild: Foodnetwork



Jólapartí vinnunnar

Möguleikarnir eru æði margir þegar kemur að veisluhöldum starfsmanna í kringum jólin. Það má ýmislegt gera á vinnustaðnum sjálfum, líkt og að halda ljótupeysudag eða hafa leynivinaleik. En jólaveisla er líka góð hugmynd, en hana má halda hvort sem er á skrifstofunni eða í sal úti í bæ. Í slíkri veislu er gott að byrja á að hrista hópinn saman, til dæmis með nokkrum leikjum.

Tvenn sannindi og ein lygi – Hver þátttakandi nefnir þrjár verstu jólagjafir sem hann hefur fengið, hins vegar eru tvær þeirra haugalygi. Aðrir eiga að geta upp á því hvað er lygi og hvað er sannleikur.

Hver er Sveinki? – Einn starfsmanna er fenginn til að klæða sig upp í jólasveinabúning, sprella lítillaga eða gefa gjafir. Aðrir eiga síðan að geta upp á því hver sé í búningnum.

Deilið minningum – Fáðið hvern starfsmann til að skrifa niður sína uppáhaldsjólaminningu. Miðana má síðan setja í skál og láta alla draga. Síðan er hægt að lesa upp söguna og geta sér til um eiganda minningarinnar.



Góðgirni í jólagjöf

Margar fjölskyldur eiga um sárt að binda um jólin og sjá ekki fram á að geta haldið jólin né keypt jólagjafir handa börnum sínum. Jól eru fjárfrekur tími og sárt til þess að vita að íslensk börn fari í jólaköttinn eða fá ekki notið jóllanna með jólagjöfum og jólatré.

Fyrirtæki eða samstarfsfélagar, sem vilja fanga sannan jólaanda, geta til dæmis haft samband við Hjálparstofnun kirkjunnar eða önnur góðgerðarfélag sem þekkja til fjölskyldna sem eiga í vanda. Skynsamlegt er að fá ráð hjá þessum félögum um hvers konar framlag komi sér best fyrir fjölskyldur. Starfsmenn sem efna til samskota til að gleðja aðra um jólin munu án efa upplifa jólin enn sterkar og með gleði í hjarta yfir því að hafa hjálpað öðrum.



Leikandi jólagjöf

Gjafakort í Þjóðleikhúsið gleður unga sem aldna, enda ávísun á upplifun og ævintýri.

Tilvalin gjöf fyrir fyrirtæki og hópa.

Kynntu þér málið á leikhusid.is eða í síma 551 1200

Töfrastund sem varðveitist





MJ
MARTA
JONSSON

ÍSLENSK HÖNNUN
HÁGÆÐA LEÐURSKÓR

MARTA JONSSON
LAUGAVEGI 51
s. 553 0816

AFMÆLISTILBOÐ DAGANA

30.09.2016-02.10.2016

25%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM

~~27.900~~ **20.925**



~~25.900~~ **19.425**



~~19.999~~ **14.999**



~~24.995~~ **18.746**



~~27.900~~ **20.925**



~~24.990~~ **18.743**



www.martajonsson.com

@martajonssonshoes

#martajonssonshoes

Póstsendum

ÓLAFUR ELÍASSON SÝNIR Í SEOUL

Ólafur Elíasson myndlistarmaður opnaði sýninguna *The parliament of possibilities* í Leeum, Samsung listasafninu, í Seoul nú í vikunni. Sýningin samanstendur af tuttugu og tveimur verkum, mörgum frá upphafi ferils Ólafs.

Ragnheiður
Tryggvadóttir
heida@365.is



Meðal verka á sýningu Ólafs Elíassonar, *The parliament of possibilities*, sem opnuð var í Leeum, Samsung listasafninu í Seoul í vikunni, er *Moss wall*, veggur þakinn íslenskum hreindýramosa, frá árinu 1994 og *Öfugur foss* (*Reversed waterfall*) frá árinu 1998. Þá eru einnig í bland glæný verk eins og *Rainbow assembly* en sýningin samanstendur af tuttugu og tveimur verkum.

Í fréttatilkynningu segir Ólafur Elíasson sýninguna fjalla um það hvernig heimurinn sé stöðugt að breytast og um tilfinningar okkar gagnvart þeim breytingum. „Þegar við sjáum hlutina sem samfelld ferli, sjáum við einn-



Ólafur Elíasson

“ Mig langar til þess að verk mín séu fólki hvatning til þess að vera þátttakendur í heiminum.

Ólafur Elíasson

ig möguleikana sem búa að baki. Þar með fáum við tækifæri til þess að semja við veruleikann og ákveða í sameiningu hvers konar heim við viljum byggja. Mig langar til þess að verk mín séu fólki hvatning til þess að vera þátttakendur í heiminum. Listaverkin virka eins og speglar, sem endurspeglar þær tilfinningar sem við eigum ósagðar og berum innra með okkur.“

Ólafur hefur útfært verk sín í ólíka miðla á ferlinum, sem skúlptúra, innsetningar, ljósmyndir og málverk svo eitthvað sé nefnt. Verkin vekja gjarnan spurningar varðandi náttúruna, vísindi og heimspeki. Áhorfandinn sjálfur leikur iðulega stórt hlutverk í verkum Ólafs og viðbrögð fólks bæta stöðugt við verkin og gefa þeim sífellt nýja merkingu.

Nánar á www.olafureliasson.net.




The shape of disappearing time, 2016.



An titils, steingólf, 2004.



Meteorological circles, 2016 MYNDIR/HYUNSOO KIM



The shape of disappearing time, 2016.

Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum

ENDAL AUS

SÍMTÖL & SMS

Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB	1 GB	5 GB	30 GB*
790 KR	1680 KR	2680 KR	2990 KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817

JS Watch co.
REYKJAVIK



KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR

FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI

Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úrana.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.



GILBERT
ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



BORGUN



Skemmtilegasta golfmót ársins!

30. september - 2. október



Golfstöðin



Sundbío nýtur mikilla vinsælda á RIFF en það fer fram á morgun, laugardag. MYND/RIFF

KVIKMYNDAVEISLA FRAM UNÐAN

RIFF kynir Þrettánda RIFF kvikmyndahátíðin hófst í gær í Reykjavík. Fjöldi spennandi kvikmynda og viðburða er á dagskrá næstu daga fyrir fólk á öllum aldri þar sem Pólland skipar sérstakan sess.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF hófst í gær og stendur yfir til 9. október. Þetta er þrettánda árið sem hátíðin er haldin en hún hefur unnið sér sess sem einn stærsti og fjölbreyttasti menningarviðburðurinn á Íslandi.

Fjölbreytt dagskrá er fram undan um helgina og næstu daga að sögn Gyða Lóu Ólafsdóttur, kynningarfulltrúa RIFF, sem segir Pólland skipa sérstakan sess á hátíðinni í ár. „Fjölmargar pólskar kvikmyndir verða sýndar um helgina af því tilefni. Þar má m.a. nefna splunkunýju verðlaunamyndirnar United States of Love, Last Family og All These Sleepless Nights. Auk þess sem við sýnum Dekalog, sem er röð tíu kvikmynda sem framleiddar voru fyrir pólska ríkissjónvarpið og leikstýrt af Krzysztof Kieslowski. Röðin þykir sérlega áhrifamikil og það er fágætt tækifæri að geta séð allar myndirnar í einu sem takast á við tilfinningalega vanlíðan fólks þegar eðlishvatir og siðgæði samfélagsins stangast á.“

Fjöldi pólskra gesta er kominn til landsins og í dag kl. 15 verður haldið málþing um pólskar kvikmyndir. „Þar munu m.a. kvikmyndgerðarmenn ræða nýjustu þróun í pólitíkinni en nýlega var lögleidd ritskoðun í landinu sem er mjög umdeild. Í kvöld kl. 21 verður partí með pólsku þema á Hlemmur Square þar sem flutt verða pólsk tónlistaratriði, boðið upp á pólskan bjór og aðrar kræsingar og eru allir velkomnir.“

Sundbío RIFF hefur notið mikilla vinsælda á síðustu hátíðum. Á morgun, laugardag, geta eldri gestir svamlað undir Frankenstein í Sundhöll Reykjavíkur kl. 20 og 22. „Fyrir yngri gesti bjóðum við upp á sýningar á Greppibarninu nokkrum sinnum yfir daginn. Einnig má benda fjölskyldufólki á Barnakvikmyndahátíðina sem fer fram í Norræna húsinu þessa helgi. Þar verður skemmtileg dagskrá fyrir yngstu aðdáendur RIFF og sérsök unglíngadagskrá í boði. Svo eru auðvitað kvikmyndasýningar hátíðarinnar í fullum gangi í Bíói Paradís og óhætt að fullyrða að það sé af nógu að taka þar.“

Után dagskrár helgarinnar verð-



Kvikmyndin Frankenstein verður sýnd í Sundhöll Reykjavíkur í kvöld. MYND/RIFF



Gyða Lóa Ólafsdóttir.

ur margt spennandi í boði í næstu viku að sögn Gyða Lóu. „Við erum með mjög flotta gesti á hátíðinni í ár. Þau Darren Aronofsky og Deepa Mehta eru heiðursgestirnir og þau verða bæði með meistaraspjall sem er opið öllum áhugasömum. Einnig svarar leikstjórinn og leikkonan Chloé Sevigny spurningum gesta eftir sýningu stuttmynda hennar Kitty í Bíói Paradís þann 6. október og sjálfsagt eru margir spennir að berja hana augum.“

Annars segir Gyða Lóa RIFF snúast auðvitað fyrst og fremst um

„Ég myndi segja að helstu viðburðirnir fælust í því að sökkva sér djúpt niður í bíósætið tilbúinn til þessa að njóta og fræðast. Ég veit allavega að það er það sem ég ætla að reyna að gera sem mest af í næstu viku.“

Gyða Lóa Ólafsdóttir

kvikmyndirnar og það séu ótrúlega margar spennandi og skemmtilegar myndir á dagskránni í ár. „Ég myndi segja að helstu viðburðirnir fælust í því að sökkva sér djúpt niður í bíósætið tilbúinn til þess að njóta og fræðast. Ég veit allavega að það er það sem ég ætla að reyna að gera sem mest af í næstu viku.“

Fjölbreytta dagskrá RIFF má finna á www.riff.is. Nýjustu fréttir og myndir frá RIFF má finna á Facebook, Twitter (@RIFF_Reykjavik) og Instagram (@reykjavikfilmfestival).

BÍLAR & FARARTÆKI



Nissan E-NV200, 10/2014, ek 5 þús km, verð 2.650 þús, (nývirði 4.690 þús), sjsk, hraðhleðslutengi.



Volvo V60 New D3 Buisness, 3/2015, ek 27 þús km, dísel, sjsk, ásett verð 4.550 þús, er á staðnum, raðnr 220679.

100 bílar ehf
Stekkjarkjarkki 4, 109 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð 10-18 virka daga & laugardaga 11-15
www.100bilar.is



FIAT Joint e31. Ágerð 2005, ekinn 44 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 3.590.000. Rnr.105386. Tilboðsverð 2.990.000. á staðnum.



CHEVROLET Spark. Ágerð 2013, ekinn 94 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.180.000. Rnr.107341. Á staðnum.



BMW 3 330i touring e90. Ágerð 2007, ekinn 104 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.262909. Á staðnum.

Bílasalan Planid
Korputorgi, Reykjavík
Sími: 517 0000
Opíð 10-18. Lau 12-16
www.planid.is



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



NISSAN Pulsar Acenta. Ágerð 2015, ekinn 57 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.890.000. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Rnr.222184.



MMC Asx intense - 4wd. Ágerð 2015, ekinn 34 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Seljandi skoðar skipti á ódýrari. Verð 4.390.000. Rnr.111476.



PONTIAC Firebird trans am. Ágerð 2001, ekinn 50 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð staðgreitt 2.500.000. Rnr.211028.

Höfðabílar
Fossháls 27/ Dragháls megin,
110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Ford transit húsbíll árg 2009, 6 manna, markísa, loftþúðafjörðun, bakkmyndavél, ek 96 þ km upptekin vél. Hausttilboð 3990 þ raðn 122522.

Ferðavagnamarkaður
Breiðhöfði, 110 Reykjavík
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

Bílar til sölu



Skoda Octavia 2006. Bensín. Sjálfsk. Verð 499þ. S. 6162597



Toyota Prius Hybrid 2009. Sjálfsk. S. 6162597

500-999 þús.



TILBOÐ 690 ÞÚS - 100% LÁN Í BOÐI

OPEL ASTRA ENJOY árg 2005 ek 136 þús, beinskiptur, sk.17, álfelgur. Ásett verð 890 þ tilboð 690 þús möguleiki á 100% láni í 36 mán, s.841 8955



SJÁLFSKIPTUR - TILBOÐ 690 ÞÚS!

OPEL VECTRA-C 2,2 árg 2005 ek.135 þús, sjálfskiptur, dráttarkrókur, sk.17 mjög góður bíll ásett verð 890 þús TILBOÐ 690 þús MÖGULEIKI Á 100% LÁNI s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.



BÍLAHÖLLIN

Bíldshöfða 5, 110 Reykjavík S. 567 4949

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18

Lau kl. 11-15 • Lokað sunnudaga.



TILBOÐSVERÐ 4.890.000.-
HYUNDAI Tucson comfort diesel.
Ágerð 2015, ekinn 39 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Ásett verð 5.290.000.- TILBOÐSVERÐ 4.890.000. Rnr.288431.



TILBOÐSVERÐ 2.090.000.-
KIA Rio lx 1.4 diesel.
Ágerð 2016, ekinn 36 P.KM, dísel, 6 girar. Ásett verð 2.290.000.- TILBOÐSVERÐ 2.090.000. Rnr.330301.



TILBOÐSVERÐ 2.690.000.-
KIA Ceed lx 1.4 new wagon diesel.
Ágerð 2015, ekinn 47 P.KM, dísel, 6 girar. Ásett verð 2.990.000.- TILBOÐSVERÐ 2.690.000. Rnr.288355.



TILBOÐSVERÐ 4.990.000.-
HONDA Cr-v elegance.
Ágerð 2016, ekinn 31 P.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 4.990.000. Rnr.288380.



TILBOÐSVERÐ 1.850.000.-
HYUNDAI i10 comfort.
Ágerð 2016, ekinn 27 P.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 1.850.000. Rnr.288418.



TILBOÐSVERÐ 490.000.-
TOYOTA Yaris sol 1300cc.
Ágerð 2005, ekinn 153 P.KM, bensín, 5 girar. Frábær skólabíll. TILBOÐSVERÐ 490.000.- Rnr.311741.



BMW X3 2.0 diesel.
Ágerð 2006, ekinn 139 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.190.000. Rnr.151486.



SKODA Octavia ambiente diesel.
Ágerð 2013, ekinn 149 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.288158.



TOYOTA Rav4 hybrid vx 4wd.
Ágerð 2016, ekinn 10 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.151648. Bíllinn stendur í salnum hjá okkur.



TOYOTA Rav4 gx plus diesel 4wd.
Ágerð 2015, ekinn 31 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.151625.



TOYOTA Land cruiser vx 150 series 33".
Ágerð 2016, ekinn 5 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.900.000. Rnr.151649. Bíllinn stendur í salnum hjá okkur.



KIA Sportage ex 4wd diesel.
Ágerð 2015, ekinn 46 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.151283.



Hafðu smá
😊💎💖 **í dag**

ellen
Mánudaga – fimmtudaga kl. 17:40

Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



ALLA DAGA Í OPINNI DAGSKRÁ 18:55

ALLA DAGA KL. 18:55
Í OPINNI DAGSKRÁ

ÍPRÓTTAFRÉTTIR

Öll helstu tilprifin og mörkin!
Skotheldur sportpakki sem þú færð bara í kvöldfréttum Stöðvar 2

Bókhald

Bókhald - Bókhald
Laun - skattframtöl.

Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

SMÍÐSKRAFTUR EHF. NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinnu, parketlagning og allt almennt viðhald.
Uppl. í s. 663 3944 Ingi
smidskraftur@gmail.com

JÁRNABINDINGAR
Get bætt við mig verkum. Uppl. sendist á: jarnagengid@gmail.com & 868 2442

Spádómar

661 3839 - SÍMASPÁ
Opið frá kl. 14 alla daga.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is




KEYPT & SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 782 8800


Hljóðfæri

HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL
HYUNDAI píanó til sölu (h:120cm b:150cm), ásamt bólstuðum leður stól. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291



HEILSA

Nudd



TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Húsnæði óskast

40 ára, reglusamur maður í fastri vinnu leitar að stúdíóíbúð á höfuðb. sv. s: 8614478
Verktakafyrirtæki óskar eftir íbúðum fyrir starfsmenn á Suðurnesjum. Leigutími 15/10-31/3 2017. Tryggar greiðslur. Uppl. í s. 840-0609

Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæðatimburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.
Upplýsingar hjá ghalldor@simnet.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.BUSLÓDAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!
á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

115 SECURITY

ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA
Skilyrði:
-Hreint sakavottorð
-Íslenskukunnátta
-20 ára lágmarksaldur
-Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is



MATREIÐSLUNEMI OG ÞJÓNUSTUFÓLK
Óskum eftir að ráða starfsfólk í sal. Kvöld og helgarvinnu einnig getum við bætt við okkur nema í matreiðslu. Umsóknir sendist á 3frakkar@3frakkar.is
Vantar vana pappalagningamenn eða byggingaverkamenn. Uppl. í s. 896 4947 & 869 6442. Hamraborg ehf

skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Leikir helgarinnar:

Laugardaginn 1. okt
11:20 Swansea City - Liverpool
13:50 Hull City - Chelsea

Sunnudaginn 2. okt
10:50 Man. United - Stoke City
13:05 Tottenham - Man. City
15:20 Burnley - Arsenal
16:40 Leicester City - Southampton

Hljómsveitin AMIGOS

Arnar Freyr, Jón Borgar, Jón Kjartan og Jóhann Ingvason spila um helgina.

Allir velkomnir

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn






HVAÐA ÁSKRIFTARPAKKI HENTAR ÞÉR?

Fjölskyldu pakinn	Skemmti pakinn	Sport pakinn	Stóri pakinn	Risa pakinn
	<p>Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365.</p> <p>Sjónvarp 365 appið</p>	<p>Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365.</p> <p>Sjónvarp 365 appið</p>	<p>Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365.</p> <p>Sjónvarp 365 appið</p>	<p> Sjónvarp 365 appið</p> <p><small>*Discovery Channel, Discovery World, ID Discovery, Animal Planet, Eurosport og Eurosport2 eru einungis í boði fyrir viðskiptavinum með myndlykil frá 365 eða Símanum.</small></p>
<p>3.290 kr. 110 kr. á dag</p>	<p>9.990 kr. 333 kr. á dag</p>	<p>14.990 kr. 500 kr. á dag</p>	<p>19.990 kr. 650 kr. á dag</p>	<p>22.990 kr. 766 kr. á dag</p>

PIPAKI, TBWA - SIA

FÁÐU INTERNET MEÐ ÁSKRIFTARPAKKANUM Á AÐEINS **1.000 KR.***

*Gildir með öllum pökkum nema Fjölskyldupakkanum.

365.is | Sími 1817

365

TÍMAMÓT

ÞETTA GERÐIST: 30. SEPTEMBER 1966

Íslenska sjónvarpið hóf útsendingar

Götur tæmdust á höfuðborgarsvæðinu fyrsta útsendingarkvöld íslenska sjónvarpsins þennan mánadag fyrir 50 árum. Það hófst klukkan 20 með ávarpi **Vilhjalms Þ. Gíslasonar** útvarpsstjóra. Næst á dagskrá var blaðamannafundur með Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra, spyrjendur voru Ólafur Hannibalsson og Andrés Kristjánsson, ásamt Eiði Guðnasyni sem stýrði umræðum. Fleiri atriði fylgdu á eftir svo sem kvikmynd eftir Ósvald Knudsen, lestur Halldórs Laxness úr



Paradísarheimt, skemmtiþáttur með Savannatrióinu og sakamálaþátturinn Dýrlingurinn.



Kristín Viðarsdóttir og Lára Aðalsteinsdóttir eru verkefnastjórar hjá Reykjavík bókmenntaborg og halda hér á borða með einkunnarorðum Lestrahátíðarinnar 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ólík verk sem sameina orð- og myndlist

Bókmenntaborgin Reykjavík fagnar fimm ára afmæli og því er Lestrahátíð októbermánaðar óvenju íburðarmikil. Orð- og myndlistarmenn prýða veggj víðsvegar um borgina.

„Við vildum hafa dagskrá Lestrahátíðar stóra þetta árið af því að Bókmenntaborgin er fimm ára. Fengum til dæmis fjórtán listamenn til að búa til verk úr orðum og myndum og velja þeim stað. Þeir unnu saman tveir og tveir og útkoman er sjö skemmtileg en ólík verk sem sameina orðlist og myndlist,“ lýsir Lára Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO.

Sem þátttakendur nefnir hún til dæmis Evu Rún Snorradóttur skáld og Björn Þór Björnsson, öðru nafni Bobby Breiðholt. „Þau eru bæði bornir og barnfæddir Breiðhyltingar og því var borðleggjandi að þau skreyttu vegg þar. Þau völdu vegg við Arnarbakka þar sem verslun Iceland er, listaverkið er óður til liðins tíma, þegar þar var líflegur og skemmtilegur verslunarkjarni.“

Eitt listaverkanna er af hafmeyju skreytt víðeigandi orðum. Þar mætast Jónas Reynir, skáld úr Fellabænum,

Við ákváðum að hafa setningarathöfnina klukkan 11 árdegis enda heitir listaverkið Morgunsárið er furðufugl.

og Lára Gardarsdóttir, myndlistarmaður úr Vesturbænum í Reykjavík.

„Óþægu listamennirnir okkar eru Atli Sigþórsson (Kött Grá Þje) og Ásta Fanney Sigurðardóttir sem ákváðu að gera ekki vegglistaverk heldur bíómynd sem verður sýnd í Bíói Paradís og á Hótel Marína. Þau eru samt að vinna með þemað orð og mynd og móta bíómynd í orðum og svo verður hún til í höfði þeirra sem hlustar á þau. Sem sagt gjörningur,“ lýsir Lára glettnislega.

Lestrahátíðin verður sett á morgun, laugardag, við verk Elíasar Knarrar og Elínar Eddu á Laugavegi 21. „Við ákváðum að hafa setningarathöfnina klukkan 11 árdegis enda heitir listaverkið Morg-

unsárið er furðufugl,“ segir Lára og tekur fram að líflegur októbermánuður sé fram undan í bókmenntaborginni, til dæmis margar smíðjur sem bæði börn og fullorðnir geti tekið þátt í. Hún bendir sérstaklega á myndasögumaraþon sem hefst 5. október í Borgarbókasafninu í Grófinni. „Við fáum listamenn frá Finnlandi, Svíþjóð og Noregi sem verða þar með höfundaspjall, smíðjur og skemmtilega sýningu. Þorri Hringsson, sem er meðal brautryðjenda í myndasögugerð hér á Íslandi, opnar sýningu þar 7. október og lýkur henni með smíðju 28. október fyrir unglunga sem vilja þreifa sig áfram í myndasögugerð.“

Einnig er að byrja ný sýning í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, með myndum Errós. Þemað er stríð og friður. „Erró vann mikið út frá fréttatextum og hans verk spretta mörg úr texta,“ segir Lára. „Þannig tengjum við á margan hátt myndlæsi og textalæsi á hátíðinni og hvernig það vinnur saman.“ gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,
Eyrun Nanna Einarsdóttir

lést aðfaranótt mánudagsins 26. september 2016. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Barnahjálp SP, UNICEF.

Kári Guðjón Hallgrímsson

Þór, Haraldur og Einar Helgi Kárasynir Einar Unnsteinsson Kári Esra Einarsson Hallgrímur Guðjónsson og aðrir aðstandendur.

Vigdís Esradóttir
Andrea Ósk Guðlaugsdóttir
Ragnheiður Haraldsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Margrét Anna Jónsdóttir

Vogatungu 45, Kópavogi, lést á Landspítalanum þriðjudaginn 27. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Gunnsteinn Sigurðsson
Þorgerður Ester Sigurðardóttir
Jón Grétar Sigurðsson
Anna Sigríður Sigurðardóttir

Dýrleif Egilsdóttir Einar Ólafsson Sveinbjörg Eggertsdóttir Guðni Einarsson barnabörn og barnabarnabörn.

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Maggy J. Ársælsdóttir

hjúkrunarheimilinu Sóltúni, lést á heimili sínu 18. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þökkum starfsfólki Sóltúns fyrir góð ár, vináttu og kærleik.

Hannes Guðmundsson
Magnús Guðmundsson
Nanna Guðmundsdóttir

Ingbjörg Halldórsdóttir Elin Jóna Þórsdóttir

barna- og barnabarnabörn.



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegs bróður okkar, mágs og frænda,
Halldórs Guðbrands Bárðarsonar

Hlévangi, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Hlévangs og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir hlýhug og frábæra umönnun.

Guðlaug Bárðardóttir Oliver Bárðarson og systkinabörn.

Ólafur Þ. Guðmundsson Halldóra Jóna Guðmundsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir og bróðir,
Gunnlaugur Árnason

frá Gnýstöðum á Vatnsnesi, sem andaðist á Hrafnistu í Reykjavík 14. sept sl. verður jarðsúnginn frá Grensáskirkju mánudaginn 3. okt. kl. 13. Jarðsett verður í Kópavogskirkjugarði.

Þeim sem vilja minnst hans er bent á Barnspítala Hringingsins eða Minningarsjóð Félags Alzheimer-sjúklinga.

Helga Berndsen Guðrún og fjölskylda Sólveig og fjölskylda



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Halldór Halldórsson

skipstjóri,

Ljósulind 10, Kópavogi,

lést 26. september síðastliðinn. Útförin fer fram í Lindakirkju mánudaginn 3. október kl. 15.00.

Björg Hafsteinsdóttir

Hafsteinn Halldór Ragnar Gunnar Ingi

Svava Friðþjófsdóttir Anna Sigríður Magnúsdóttir Jenný Rúnarsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.



Rafgeymar

Meðal
viðskiptavinna
Yuasa eru:



PSA PEUGEOT CITROËN

YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur





YUASA
stærsti
rafgeymaframleiðandi
í heiminum

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Föstudagur



Hæglætisveður í dag og lítilsháttar skúrir eða slydduél fyrir norðan. Rigning suðaustanlands, en áfram nokkuð bjart og falllegt veður suðvestan til. Hiti breytist lítið.

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6° ↖ 10	2° ↖ 7	4° ↖ 3
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
3° ↖ 3	6° ↖ 2	1° ↑ 6

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10° ↖ 12	5° ↖ 7	4° ↖ 3
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
6° ↖ 7	7° ← 12	3° ↖ 15

Prautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- eining
 - gangflötur
 - hár
 - veidarfæri
 - eldsneyti
 - safna saman
 - langintes
 - pot
 - skítur
 - af
 - gjaldmiðill
 - bannhelgi
- LÓDRÉTT**
- sams konar
 - í röð
 - dagatal
 - nögl
 - lúberja
 - mál
 - rénun
 - innyfla
 - einatt
 - í röð

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12			13	
	14			15
16		17		
18		19	20	
21				

LAUSN

LÁRÉTT: 2. stak, 6. hl. 8. ull, 9. net, 11. mó, 12. smala, 14. sláni, 16. or, 17. tað, 18. frá, 20. kr, 21. tabu. LÓDRÉTT: 1. einh, 3. tu, 4. almanak, 5. klo, 7. lemstra, 10. tal, 13. lát, 15. jöra, 16. of, 19. áb.

Skák Gunnar Björnsson

Ivkov átti leik gegn Dzuric í Júgó-slavíu árið 1983.

Hvítur á leik



1. Rg5! hxc5 (1...g6 2. Dxc6+) **2. Hh3 1-0.** Íslandsmót skákfélaga hófst í gær í fyrstu deild. Aðrar deildir hefjast í kvöld. www.skak.is: Íslandsmót skákfélaga.

Sudoku

LÉTT

	1		4	2	6	9	
							7
3	7	5	9		2		4
1	8	9		7	3	5	
	6	3					
7	9	1					8
	9			8	7		
6	5		3				
8	3	4					

MIDLUNGS

	8	3		9		1	
9		5		8			
	7		6	5		4	
7	9	4	2	6	5		
			7			5	4
		2		3		9	6
	1	9					2
					6		4
	2						9

ÞUNG

		2	9	1		4	3
		7	3				2
	3			6		9	
		2		8		5	
	5						
		9	1				6
5	3					7	
					9	6	8
8				7	4		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

2	5	6	3	1	8	7	4	9
4	7	1	2	9	6	5	8	3
8	9	3	4	5	7	1	2	6
9	1	7	6	3	4	2	5	8
5	8	4	7	2	9	6	3	1
3	6	2	1	8	5	9	7	4
6	4	5	8	7	1	3	9	2
7	2	8	9	6	3	4	1	5
1	3	9	5	4	2	8	6	7
4	5	7	3	2	8	1	6	9
8	9	2	1	7	6	4	3	5
1	3	6	9	4	5	8	2	7
6	8	5	7	3	1	2	9	4
7	1	4	8	9	2	3	5	6
9	2	3	5	6	4	7	1	8
5	6	8	4	1	3	9	7	2
3	4	9	2	5	7	6	8	1
2	7	1	6	8	9	5	4	3
5	3	6	1	4	7	2	8	9
1	7	8	9	6	2	5	4	3
8	1	4	7	2	6	9	3	5
4	6	1	5	7	8	3	9	2
3	8	7	2	1	9	6	5	4
9	2	5	6	3	4	8	7	1

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frøde Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

Atlagan að fréttaljósmyndinni

Gunnar V. Andrésson fréttaljósmyndari hefur starfað við fjölmiðla í hálfra öld. Gunnar gagnrýnir öfugþróun sem hann segir hafa orðið varðandi aðgang fjölmiðla að vettvangi fréttu.



Konur í Sádi-Arabíu
Konur í Sádi-Arabíu krefjast þess þúsundum saman að umsjónarvald karlmannna yfir konum verði aflagt.

Brjóta staðalmyndir

Hjónin **Lárus Lárusson** og **Sævar Jónsson** vinna saman og sitja báðir á lista Framsóknarflokksins. Þeir ryðja í burtu gömlum staðalmyndum.



Lifðu þig inn í Sjónvarp Símans Premium

með Heimilispakka Símans



Yfir 5.500 klukkustundir af heilum þáttaröðum þegar þér hentar. **Svona á sjónvarp að vera.**



Sjónvarp Símans Premium



Sjónvarp Símans Appið



Sjónvarpsþjónusta Símans



9 erlendar sjónvarpsstöðvar



Endalaus heimasími



Netið 250 GB



Spotify Premium

Heimilispakkinn

13.000 kr./mán.

Línugjald ekki innifalið. Verð frá 2.600 kr./mán.

Pantaðu Heimilispakkann í síma 800 7000 eða opnaðu Netspjall á siminn.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



598
kr. kg

Ali Grísabógur
Ferskur



Fulleldað
Aðeins að hita



498
kr. 330 g

Ali Snitzel og Gordon Bleu
Foreldað, 330 g



NÝBAKAÐ!

179
kr. stk.

Baguette
ca. 245g



498
kr. 200 g

Grana Padano
Ítalskur ostur, 200 g

100%
Íslenskt
ungnautakjöt



1.698
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Ferskt



259
kr. 1 l

Almond Dream
Möndlumjólk, 1 l



98
kr. stk.

Mars, Snickers,
Bounty eða Twix



69
kr. 400 g

Tómatar
400 g, 2 tegundir

**LAGT
VERÐ
ALLA DAGA**

Fljótlegt og gott í Bónus



98
kr. 330 ml

Florida safar
330 ml, 3 tegundir



259
kr. stk.

Bónus samloka
3 tegundir

**SÉRSKORIÐ
LAMBALÆRI**



1.398
kr. kg

Íslandslamb Lambalæri
Ferskt, kryddað, sérskorið





1.898
kr. kg

Kjörflugl Kjúklingabringur
Ferskar



739
kr. kg

Kjörflugl Kjúklingur
Ferskur, heill



GOTT VERÐ Í BÓNUS



1.998
kr. kg

Kjarnafæði Lambahryggur
Af nýslátruðu



898
kr. kg

Kjarnafæði Lambasúpukjöt
Af nýslátruðu

Af
nýslátruðu
2016



279
kr. kg

Kjarnafæði
Lambahjörtu og lambalifur
Af nýslátruðu



1.498
kr. kg

Kjarnafæði Lambalæri
Af nýslátruðu

**NÝ
UPPSKERA**



198
kr. kg

Íslenskar Kartöflur
Rauðar eða gullauga, í lausu



198
kr. kg

Rófur



398
kr. 500 g

Akursel Gulrætur
Lifrænar, 500 g

Þegar vandræðin verða að grísku drama

Hilmir Snær er í aðalhlutverki í leikritinu Horft frá brúnni eftir Arthur Miller sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Það fjallar um ítalska innflytjendur í New York, ástir og árekstra.

Horft frá brúnni, eftir Arthur Miller, hefur oft verið kallað eitt magnaðasta leikverk 20. aldar. Það verður frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld og Hilmir Snær Guðnason er þar í aðalhlutverki. Hann kveðst hafa séð verkið á sviði „ein-hvern tíma í gamla daga“ en ekki muna mikið eftir því. „Þetta er ansi góð saga,“ segir hann sannfærandi og lýsir henni í nokkrum orðum.

„Ég leik hafnarverkamanninn Eddie sem býr í New York með konu sinni og fósturdóttur og er af annarri kynslóð innflytjenda frá Ítalíu. Fósturdóttirin er systurdóttir konunnar hans og hann elur hana upp sem sína dóttur. Svo koma tveir ungir menn frá Ítalíu inn á heimilið og fá sér vinnu í borginni. Þeir eru ólöglegir innflytjendur. Í þessu ítalska samfélagi segja menn ekki hver til annars þótt þeir lifi ekki samkvæmt því sem lögin í landinu gera ráð fyrir.

En þegar annar aðkomumannanna verður ástfanginn af ungu stúlkunni á heimilinu kemur í ljós að Eddie stendur alls ekki á sama um það og að kannski elskar hann

ÞEGAR ANNAR AÐKOMUMANNANNA VERÐUR ÁSTFANGINN AF UNGU STÚLKUNNI Á HEIMILINU KEMUR Í LJÓS AÐ EDDIE STENDUR ALLS EKKI Á SAMA UM ÞAÐ

þessa stúlku meira en góðu hófi gegnir. Þá byrja vandræðin og þau verða að grísku drama.“

Þýðingin er eftir Sigurð Pálsson, leikstjóri er Stefan Metz og sviðsmyndin er í höndum Sean Mackaoui sem með notkun ljóss og skugga skapar anda film noir kvikmyndu eftirstríðsáranna. Hilmir Snær segir þó efnið falla vel að okkar tíma, enda sé mikið talað um ólöglega innflytjendur í dag.

„Horft frá brúnni er eitt af þessum vel skrifuðu klassísku leikritum sem á alltaf erindi til okkar annað slag-ið,“ segir hann og bætir við: „Sagan er góð og sýningin stutt, 100 mínútur án hlés. Fólk sest í sætin og stundin er liðin áður en varir.“

gun@frettabladid.is



„Þetta er eitt af þessum vel skrifuðu klassísku leikritum sem alltaf eiga erindi við okkur annað slag-ið,“ segir Hilmir Snær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

2 ljúffengir smurostar frá Ostahúsinu

SMUROSTAR

með íslenskum sveppum

með íslenskri papriku



Camerartica-hópurinn hefur verið áberandi í tónlistarlífinu frá stofnun 1992.

Starfsárið byrjar vel

TÓNLIST

Kammertónleikar

★★★★★

Camerartica flutti verk eftir Hasse, Fasch og Mendelssohn.

Norðurljós í Hörpu
Sunnudaginn 25. september

Kammermúsíklúbburinn hóf starfsárið sitt á sunnudaginn var. Að þessu sinni kom Camerartica fram, hópur sem hefur verið áberandi í tónlistarlífinu síðan hann var stofnaður árið 1992.

Á efnisskránni voru m.a. verk eftir tónskáld sem fæstir muna eftir í dag, en voru fræg á sínum tíma. Fyrra tónskáldið var Johann Adolf Hasse, fyrst og fremst þekktur sem óperutónskáld. Á tónleikunum voru fluttar eftir hann tvær tríósonötur. Tríósonata samanstendur af tveimur „einleikshljóðfærum“ og svokallaðri fylgiródd, þ.e. undirspili, sem er þá þriðja röddin; þaðan kemur orðið „trío.“ Þó eru a.m.k. tveir hljóðfæraleikarar sem ávallt mynda fylgiróddina, yfirleitt selló og semballeikari. Hér voru það Sigurður Halldórsson sem spilaði á selló og Halldór Bjarki Arnarson á sembal, en jafnframt kom Kristín Mjöll Jakobsdóttir fagottleikari við sögu. Einleikararnir voru annars vegar Peter Tompkins á óbó og Hildigunnur Halldórsdóttir á fiðlu, hins vegar Bryndís Pálsdóttir á fiðlu

og Eydís Franzdóttir á óbó. Flutningurinn var prýðilegur, rytmískur og lifandi, samspilið öruggt, túlkunin full af sjarmerandi innileika. Tónlistin rann ljúfflega niður.

Hitt tónskáldið sem vísað var til hér að ofan var Johann Friedrich Fasch. Á dagskránni var sónata í d-moll eftir hann sem nokkrir af ádurnefndum hljóðfæraleikurum fluttu. Einnig hér var leikurinn fallegur, óbóin tvö voru notalega samhljómandi, þó ólík væru. Leikur Peters var kraftmeiri og hvellari; Eydís var mýkri og passifari. Þegar þau spiluðu saman mynduðu þau sannfærandi heild þar sem mikil breidd í litbrigðum raddanna var áberandi. Leikur Kristínar Mjallar var auk þess ljóðrænn og hlýlegur og fylgiróddin pottþétt.

Eftir hlé var fluttur Strengjakvartett nr. 4 í e-moll eftir Mendelssohn. Þær Hildigunnur og Bryndís léku á fiðlur, Sigurður á selló og Svava Bernharðsdóttir á víólu. Leikurinn var afar glæsilegur. Hann var fingerður og fagaður, en samt fullur af rómantískum eldmóði sem fór tónlistinni einkar vel. Samspilið var mjög gott, styrkleikajafnvægið eins og best verður á kosið. Þetta var glæsileg byrjun á starfsári Kammermúsíklúbbsins. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Fantagóðir tónleikar með finum hljóðfæraleik og skemmtilegri tónlist.



MJÓLKIN GEFUR STYRK



Góðgerðarferurnar eru mættar á vakt!

D-vítamínbætt léttmjólk bregður sér tímabundið í nýjan búning. Markmiðið er að safna 15 milljónum króna fyrir Landspítalann til kaupa á búnaði sem auðveldar greiningu á brjóstakrabbameini og renna 30 kr. af hverri seldri fernu til þessa góða málefnis.



F&F



Ungbarnadagar
stærðir 0-24 mánaða

20%
afsláttur

af öllum ungbarnafatnaði
Dagana 22. sept. - 2. okt.

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

DAGSKRÁ

Föstudagur

STÖÐ 2

- 07.00 Simpson-fjölskyldan
- 07.20 Kalli kanina og félagar
- 07.40 Tommi og Jenni
- 08.05 Pretty little liars
- 08.50 The Middle
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.20 Restaurant Startup
- 11.00 Grand Designs: House of the Year
- 11.50 White Collar
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Julie & Julia
- 15.00 And So It Goes

Rómantísk gamanmynd sem fjallar um sjálfhverfan fasteignasala sem lendir í óþægilegri aðstöðu þegar sonur hans kemur óvænt í heimsókn til hans með dóttur sína og biður um pössun fyrir hana. Sá gamli vissi ekki af tilvist sonardóttur sinnar og veit ekki hvernig hann á að bregðast við enda hentar barnabarn ekki lífsstíl hans. Hann leitar því eftir aðstöðu hjá nágrannakonu sinni og fær hana til að aðstoða sig með stelpuna.

- 16.30 Chuck
- 17.15 Tommi og Jenni
- 17.40 Bold and the Beautiful
- 18.05 Nágrannar
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
- 18.55 Íþróttir Íþróttifrétta- menn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
- 19.05 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.

- 19.20 The X-Factor UK
 - 20.45 The X-Factor UK
 - 22.20 Maze Runner: The Scorch Trials
- Spenny mynd frá 2015 sem byggð er á bókum rithöfundarins James Dashner um Thomas sem vaknaði einn daginn algjörlega minnislaus um fortíð sína og var ásamt hóp af öðrum minnislausum strákuum staddur í miðju einhvers konar völundarhúss sem engin leið virtist út úr nema biða um leið bana.
- 00.35 Seal Team Eight: Behind Enemy Lines
 - 02.10 Dracula Untold
 - 03.40 Get on up Dramatísk ævisaga frá árinu 2014, en myndin er byggð á ótrúlegu lífshlaupi sálarkónigsins James Brown, og gefur innsýn í tónlistina, dansinn og tilfinningalíf tónlistarmannsins. Myndin rekur söguna af því hvernig Brown ólst upp í fátækt og hvernig hann varð að einum áhrifamesta manni tuttugustu aldarinnar.

STÖÐ 2 SPORT

- 08.30 UEFA Europa League
 - 10.10 UEFA Europa League
 - 11.50 Premier League World
 - 12.20 UEFA Europa League
 - 14.05 UEFA Europa League
 - 15.45 Pepsideild kvenna 2016 (Stjarnan - FH) Bein útsending
 - 18.00 NFL Gameday
 - 18.30 La Liga Report
 - 19.00 PL Match Pack
 - 19.30 Premier League Preview
- Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn, þjálfara liðanna og spáð í spilinn fyrir leikina fram undan.
- 20.00 Markaðspáttur Pepsideildar kvenna
 - 22.40 Evrópu deildarmörkin
 - 23.30 Þýski boltinn
 - 01.10 UFC Now
 - 01.55 Bundesliga Weekly
 - 05.55 Formúla - Æfing Bein útsending

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



FRÁBÆRT FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



THE X-FACTOR UK

Einn vinsælasti hæfileikabáttur í heimi og nú sitja þau Sharon Osbourne, Louis Walsh og Nicole Scherzinger ásamt Simon Cowell í dómara- sætunum og freista þess að finna næstu stórstjörnu Bretlands.



TVÖFALDUR ÞÁTTUR!



SPENNUMYND



MAZE RUNNER: THE SCORCH TRIALS

Eftir að hafa sloppið úr völundarhúsinu standa þau Thomas og félagar frammi fyrir nýjum áskorunum þegar þau þurfa að komast að því hvað vakir fyrir leiðtogum WCKD um leið og þau verða að sigrast á eyðilandinu þar sem hver ógnin á fætur annari biður þeirra.



ALL THE WAY

Mögnuð mynd með Bryan Cranston í aðalhlutverki um fyrsta ár Lyndons Johnsons eftir að hann tók við embætti forseta Bandaríkjanna eftir dauða JFK.



CODE OF A KILLER

Hörkuspenningandi breskir framhaldspættir, byggðir á sönnum atburðum, um Alec Jeffrey sem gerði tímamóta- uppgötvun í DNA-greiningu.



1. ÞÁTTUR AF 3

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

BÍÓSTÖÐIN

- 10.10 Eat Pray Love
- 12.30 Steel Magnolias
- 14.30 She's Funny That Way
- 16.05 Eat Pray Love
- 18.25 Steel Magnolias
- 20.25 She's Funny That Way
- 22.00 All The Way
- 00.15 The Gallows
- 01.35 Fifty Shades of Grey
- 03.40 All The Way

RÚV

- 09.30 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 09.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 10.00 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 10.15 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 10.30 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 10.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 11.00 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 11.15 Sækjast sér um líkir
- 11.45 Sókn í stöðutákn
- 12.15 Allt í hers höndum
- 12.50 Húsbændur og hjú
- 13.40 Onedin skipafélagið
- 14.30 Ættarsetrið
- 16.15 Já, ráðherra
- 16.50 Alþingiskosningar 2016: Málefnið
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lautarferð með köku
- 18.06 Pósturinn Páll
- 18.20 Lundaklettur
- 18.27 Drekar
- 18.50 Öldin hennar
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.45 RÚV á afmæli í dag
- 20.20 Útsvar - afmælisútgáfa
- 21.45 Fyrir framan annað fólk
- 23.20 Vonarstræti
- 01.25 Morse lögreglufultrúi
- 03.05 Sækjast sér um líkir
- 03.35 Sókn í stöðutákn
- 04.05 Allt í hers höndum
- 04.40 Húsbændur og hjú
- 05.30 Onedin skipafélagið
- 06.20 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Black-ish
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Biggest Loser
- 09.45 The Biggest Loser
- 10.30 Pepsi MAX tónlist
- 12.50 Dr. Phil
- 13.30 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
- 13.55 Girlfriends' Guide to Divorce
- 14.40 Jane the Virgin
- 15.25 The Millers
- 15.50 The Good Wife
- 16.35 The Tonight Show
- 17.15 The Late Late Show with James Corden
- 17.55 Dr. Phil
- 18.35 Everybody Loves Raymond
- 19.00 King of Queens
- 19.25 How I Met Your Mother
- 19.50 The Bachelor
- 21.20 The Bachelor
- 22.05 Under the Dome
- 22.50 The Tonight Show
- 23.30 Prison Break
- 00.15 Elementary
- 01.00 Quantico
- 01.45 Ray Donovan
- 02.30 Billions
- 03.15 Under the Dome
- 04.00 The Tonight Show
- 04.40 The Late Late Show with James Corden
- 05.20 Pepsi MAX tónlist

KRAKKASTÖÐIN

- 07.00 Könnuðurinn Dóra
- 07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 07.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 08.00 Áfram Diego, áfram!
- 08.24 Svampur Sveinsson
- 08.49 Lalli
- 08.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 09.00 Strumpanir
- 09.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 09.37 Stóri og Litli
- 09.49 Hvellur keppnisbill
- 10.00 Latibær
- 10.25 Brunabilarnir
- 10.47 Mæja býfluga
- 11.00 Könnuðurinn Dóra
- 11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 11.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 12.00 Áfram Diego, áfram!
- 12.24 Svampur Sveinsson
- 12.49 Lalli
- 12.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 13.00 Strumpanir
- 13.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 13.37 Stóri og Litli
- 13.49 Hvellur keppnisbill
- 14.00 Latibær
- 14.25 Brunabilarnir
- 14.47 Mæja býfluga
- 15.00 Könnuðurinn Dóra
- 15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 15.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 16.00 Áfram Diego, áfram!
- 16.24 Svampur Sveinsson
- 16.49 Lalli
- 16.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 17.00 Strumpanir
- 17.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 17.37 Stóri og Litli
- 17.49 Hvellur keppnisbill
- 18.00 Latibær
- 18.25 Brunabilarnir
- 18.47 Mæja býfluga
- 19.00 Maddit



Rasmus Klumpur og félagar kl. 08.55, 12.55 og 16.55

GOLFSTÖÐIN

- 08.00 Ryder Cup - Setning
- 09.05 Countdown to the Ryder Cup
- 09.30 Golfing World
- 10.20 PGA Tour - Highlights
- 11.15 Golfing World
- 12.05 Countdown to the Ryder Cup
- 12.30 Ryder Cup
- 23.30 Champions Tour Highlights

Framfaraflokkurinn X - N

**Stofnfundir Framfaraflokksins
verða á Nordica- Hilton á Suðurlandsbraut
laugardaginn 1. okt kl. 13:30 og sunnudaginn 2. okt. kl. 14:00.**

Þar mun formaður flokksins útskýra grunnstefnu flokksins og neðangreind atriði,
einnig munu verða 2 gestafyrirlesarar með stutt erindi:

Ellert Schram varaformaður eldri borgara í Reykjavík og
Ragnar Ögmundsson efnahags- og hagstjórnar sérfræðingur.

Allir hjartanlega velkomnir (veitingar á staðnum)

Flokkurinn hefur margar nýjar raunhæfar
hugmyndir til hagsbóta fyrir þjóðfélagið.

Flokkurinn stefnir að framboði í öllum kjördæmum.

**Ert þú hugsjónamanneskja með sterkar skoðanir á þjóðmálum?
Þá er þetta tækifæri til að taka þátt og móta stefnu nýs flokks.**

Formaðurinn mun kynna grunnhugmyndir flokksins þ.á.m.

- ✓ Virkt lýðræði (opin gátt inn á Alþingi).
- ✓ Mikla vaxtamöguleika í sjávarútvegi og hugmyndir sem enginn flokkur er að tala um.
- ✓ Mismunandi afbrigði hagvaxtar.
- ✓ Skilyrði til lækkunar útlánsvaxta bankanna.
- ✓ Þarfagreiningu í velferðarkerfinu.
- ✓ Samstarf ríkis og sveitarfélaga um byggingu 20-90 fm íbúða hugsanlega með aðkomu lífeyrissjóðanna.
- ✓ Öflugan skyldusparnað í gegnum lífeyrissjóðina og eftirgjöf á sköttum að hluta til, fyrir námsmenn og ungt fólk.
- ✓ Kostnaðarþátttaka fólks undir ákveðnum tekjumörkum í heilbrigðiskerfinu.



Sláðu í gegn í partíi helgarinnar

Fréttablaðið leit inn á æfingu hjá kvennalandsliðinu í hópfirmleikum og fékk þær til að kenna lesendum vel valdar fimleikabrellur. Hópurinn er á lokametrum undirbúnings fyrir Evrópumótið í hópfirmleikum sem fram fer í Slóveníu þann 12. október og er stefnan tekin á toppinn.

Evrópumótið leggst mjög vel í okkur allar, það er kominn mikill spenn-ingur í hópinn enda vorum við að klára æfingamót fyrir í þessari viku, og tími til að fara að byrja að pakka í töskur," segir Andrea Sif Pétursdóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins í hópfirmleikum, spurð út í Evrópumótið í hópfirmleikum sem fram fer í Maribor í næsta mánuði.

Kvennalandsliðið í fimleikum á harma að hefna frá því á Íslandi fyrir

tveimur árum, þegar þær gerðu sér lítið fyrir og unnu mótið. Undirbúningurinn hefur staðið yfir í margar vikur og óhætt að segja að stelpurnar séu vel tilbúnar í slaginn í ár.

„Það hefur gengið alveg eins og á að ganga, eins og staðan er núna erum við ekki með allt fullkomlega tilbúið enda á það að gerast úti í Slóveníu. Það er algjörleg á hreinu að við megum ekki toppa okkur of snemma," segir Andrea og bætir við að hópurinn vinni nú að því að finna þússa æfingar.

Ísland sendir tvö lið til keppni: Kvennalandslið og mix-lið en samhliða mótinu fer einnig fram Evrópumót unglunga og Ísland sendir einnig tvö lið til keppni þar. „Við förum út þann 10. október, með leigufugi þar sem stuðningsmenn koma með okkur í flugi. Það er alveg frábært að finna fyrir góðum stuðningi á svona stóru móti," segir Andrea.

Landsliðið hefur æft stíft undanfarið og konurnar hafa það fram yfir önnur lönd hversu oft þær

geta æft saman sem skiptir miklu máli þegar kemur að samheldni og stemmingu í hópnum.

„Liðsheildin og gleðin er alveg frábær og gerir ferlið allt mjög skemmtilegt, við höfum æft sem hópur síðan um miðjan júní og höfum það fram yfir hin liðin sem hittast í mesta lagi fimm sinnum fyrir stórmót eins og þetta," segir hún og bætir við að íþróttin fari vaxandi með hverju ári og áhuginn fyrir fimleikum hafi sjaldan verið meiri.

1 Byrja upp við vegg og klifra með fótunum um leið og þú færir hendurnar nær veggnum, muna að spenna kviðinn og þrýsta öxlum upp að eyrum.

1 Mikilvægt að vera búin að liðka nárann til með smá fótisveiflum til dæmis, því að við viljum ekki slíta neitt.

2 Sparka upp í handstöðu, spenna axlir og kvið. Hér er líka gott að hafa mjúkt undirlag eins og til dæmis gras ef maður skyldi detta. Ef þetta heppnast verður maður að enda með hendurnar upp og brosa.

3 Þetta skal svo endurtaka í allt að 30 sek. á dag svo að hægt sé að gera þetta með litilli fyrirhöfn í næsta partíi.

2 Síðan bara renna sér hægt niður.

LÆRDU AÐ GERA SKEMMTILEGAR FIMLEIKABRELLUR, SKREF FYRIR SKREF, OG VERTU SÁ SEM SLÆR Í GEGN Í PARTÍI HELGARINNAR.

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 22. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólnum.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel:
+354 512-5429
jonivar@365.is

Jóhann Waage
Sími/Tel:
+354 512-5439
johannwaage@365.is

Atli Bergmann
Sími/Tel:
+354 512-5457
atlib@365.is

Ólafur H. Hákonarson
Sími/Tel:
+354 512-5433
olafurh@365.is





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

F
A
N
T
A
S
Í
A

FIM **06** 19:30

FÖS **07** 19:30

LAU **08** 17:00

OKT

D
I
S
N
E
Y
S

BÍÓTÓNLEIKAR
MEÐ SINFÓNÍUNNI



TRYGGÐU
ÞÉR SÆTI
SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

©Disney

HEIMA UM JÓLIN

SALURINN Í KÓPAVOGI
17. DESEMBER KL. 21:00

Í fyrra komust færri að en vildu. Frábær kvöldstund með frábæru listafólki!

Fridrik Omar

SÉRSTAKUR GESTUR GUÐRÚN GUNNARS

HLJÓMSVEIT
Ingvar Alfredsson hljómborð
Jóhann Hjörleifsson trommur
Jóhann Ásmundsson bassi
Kristján Grétarsson gítar
Diddi Guðnason slagverk
Sigurður Flosason saxófónn
Ari Bragi Kárasón trompet

MIÐASALA HEFST
Í DAG 30. SEPTEMBER
KL. 10:00 Á TIX.IS
OG SALURINN.IS
MIÐAVERÐ 5990.

RIGG
VIÐBURÐIR



Sigrún Sig, Ósk Gunnarsdóttir og Þórunn Antonía Magnúsdóttir fara af stað með útvarpsþáttinn Þrjár í fötu í október.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þeirra tími kominn

Ósk Gunnarsdóttir, Þórunn Antonía Magnúsdóttir og Sigrún Sig munu stýra nýjum útvarpsþætti sem hefur göngu sína á FM957.

Útvarpsþátturinn Þrjár í fötu hefur göngu sína á FM957 þann 9. október. Þátturinn er merkilegur fyrir þær sakir að honum stýra þrjár stúlkur en slíkur útvarpsþáttur hefur ekki verið á dagskrá FM957 áður. Stjórnendur þáttarins eru þær Ósk Gunnarsdóttir, Þórunn Antonía Magnúsdóttir og Sigrún Sig.

„Útvarpsbransinn er karlmannsbransi, það er bara þannig. Ég var búin að hugsa það í meira en ár hvað það vantaði þátt á borð við þennan í íslenskt útvarp áður en ég lét loks til skaras skriða. Ég veit ekki til þess að það sé til íslenskur útvarpsþáttur sem er stýrt af þremur konum,“ útskýrir Ósk. Hún hefur starfað við útvarps- og sjónvarpsþáttagerð í mörg ár og er því reynsluboltinn í hópnum á þessu sviði. Hún segir að hún hafi ekki viljað gera þennan þátt með neinum nema Sigrúnu og Þórunni enda myndi þær gott og öflugt teymi.

„Það virðast enn vera svolitlir forðomar gagnvart konum í útvarpi. Sumir halda því fram að það sé óþægilegt að hlusta á kvenmannsraddir í útvarpi; að hátíðni stuði fólk og að við megum ekki hljóma of músarlegar,“ bætir Þórunn við.

Þetta er í fyrsta sinn sem Sigrún vinnur við útvarp. Hún starfar sem

ÞAD VIRÐAST ENN VERA SVOLITLIR FORÐOMAR GAGNVART KONUM Í ÚTVARPI. SUMIR HALDA ÞVI FRAM AÐ ÞAÐ SÉ ÓÞÆGILEGT AÐ HLUSTA Á KVENMANNSRADDIR Í ÚTVARPI; AÐ HÁTÍÐNI STUÐI FÓLK OG AÐ VIÐ MEGUM EKKI HLJÓMA OF MÚSARLEGAR.

förðunarfræðingur en hefur komið að sjónvarpsþáttagerð með kærasta sínum, grínistanum Steinda Jr. „Mér bauðst einu sinni að fara í útvarp, fyrir mörgum árum, en ég afþakkaði pent. Mín reynsla á þessu sviði tengist helst sjónvarpsþáttagerð. En nú er minn tími kominn,“ segir hún og hlær.

Þátturinn verður á dagskrá öll sunnudagskvöld milli 19 og 21 og segja stúlkurnar lítið mál að ætla að taka frá öll sunnudagskvöld í útsendingar. „Það er engin kvöld þegar maður er með vinkonum sínum í beinni,“ bendir Ósk á.

Þó að þættinum sé stýrt af konum eru hann ekki aðeins ætlaður konum; efnistökin verða fjölbreytt og áhugaverð, spilið verður góð tónlist og mikið verður gert

út á grínið. „Sigrún er náttúrulega alveg vandræðalega fyndin og skemmtileg. Ég kynntist því við gerð Steindans okkar,“ segir Þórunn og Ósk bætir við: „Þetta verður blanda af öllu. Við ætlum ekki að sitja þarna og tala bara um snyrtivörur og túrtappa, við munum fjalla um málefni líðandi stundar og eigum örugglega eftir að takast á um þau. Það verður mikið um grín, svo fáum við til okkar gesti og ætlum að vera duglegar að nýta samfélagsmiðla til að fá ábendingar frá hlustendum. Við viljum endilega vera í sem bestu sambandi við þá og að þeir fái tækifæri til að koma með sitt innlegg í þættina.“

Þórunn hefur áður starfað innan veggja 365 og var meðal annars dómari í þáttunum Ísland got talent og stjórnandi Íslenska listans. Hún segir áhugavert að vera snúin aftur til starfa fyrir fyrirtækið og hlakkar til verkefnisins. „Þótt starfslokin hafi kannski ekki verið sem best þá er enginn biturleiki í gangi. Þetta er þannig bransi, hræringarnar eru miklar og fólk kemur og fer,“ segir hún. „Og það var náttúrulega ég sem tók vinnuna hennar,“ skýtur Ósk inn í. „Já, fyrir utan það. Þannig að þú sérð það er enginn biturleiki í gangi,“ segir Þórunn og skellir upp úr. sara@frettabladid.is

Sýnir hversu elskaður Stefán Karl er

Þetta er mikið áfall fyrir Stefán Karl og hans fjölskyldu og á margan hátt líka „ökónómískt“ áfall, þess vegna langaði okkur að leggja þeim lið. Og það var eins og við manninn mælt, það vildu allir vera með og við vorum enga stund að fylla dagskrána fyrir kvöldið,“ segir Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri um styrktartónleika sem fram fara í Þjóðleikhúsinu á mánudag. Allur ágóði tónleikanna rennur til leikarans Stefáns Karls Stefánssonar og fjölskyldu hans, en Stefán Karl greindist nýverið með æxli í brishöfði. Áætlað er að Stefán Karl fari í flókna aðgerð á þriðjudag þar sem læknar munu reyna að fjarlægja meinið.

Dagskrá kvöldsins er glæsileg og á meðal þeirra er munu koma fram eru Stuðmenn, Nýdönsk, Laddi, Valgeir Guðjónsson, Selma Björnsdóttir, Salka Sól, Úlfur Úlfur og Edda Björgvinsdóttir, sem flest hafa starfað með Stefáni Karli. „Þetta sýnir bara hversu elskaður



Tónleikar til styrktar leikaranum Stefáni Karli Stefánssyni og fjölskyldu hans fara fram á mánudag. Stefán Karl greindist nýverið með æxli í brishöfði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hann er. Þetta er allt fólk sem hefur starfað með honum eða þekkir hann. Laddi er hans mikla fyrirmynd í leiklistinni og hann langaði mikið til að gleðja Stebba og leggja sitt af mörkum. Það var nokkur eftirspurn eftir að heyra mig syngja en því miður var búið að fylla alla dagskrána þegar sú ósk barst inn á borð, sem er mikið högg fyrir mig persónulega,“ segir Ari.

Að hans sögn hefur sala á miðum farið vel af stað og líklegt er að uppselt verði á viðburðinn. „Ég veit ekki hvort Stebbi mætir á tónleikana því hann fer í aðgerðina á þriðjudagsmorgni, en Steina, kona hans, ætlar að reyna að mæta. Ég vil bara fá hann í vinnu aftur sem allra fyrst. Það viljum við öll,“ segir leikhússtjórinn að lokum.

Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30 og hægt er að kaupa miða á heimasíðu Þjóðleikhússins. Þeim sem vilja leggja fjölskyldunni lið er bent á söfnunarreikninginn 0301-26-1909. – sm

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga Hjördis hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hakonarson olafurh@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021



Miðvikudag. 28. sept. - sunnud. 2. okt.
Opið virka daga 12-18:30
Laugard. og sunnudag 12-16

RISA

LAGERSALA

20-70%

28. sept. - 2. okt.

afsláttur af skiptidýnum,
eldri gerðum, útlitsgölluðum
dýnum, stillanlegum rúmum,
hvíldarstólum og sófum,
koddum, lökum o.fl. o.fl. o.fl.

Útlitsgölluð hvít handklæði 50x80cm kr. 400.-
Baðhandklæði 70x140cm kr. 1.000.-

Gömlu og góðu Jersey bómullarlökin
Stærðir í cm: 80 / 90 / 97 / 100 / 120 / 135 / 140 kr. 3000.-
Stærðir í cm: 153 cm / 160 cm kr. 4000.- Litur: Beige

Fyrstir koma fyrstir fá!

Eldri
Bodyprint
heilsukoddar
50% afsl.

Frábær tilboð í verslun
meðan á lagersölu stendur



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*

Svefn & heilsa



Fimm stjörnu verslun

Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30
laugardag 12:00 - 16:00

*3.5% lántökugjald

Bakpankar

Mariu Bjarnadóttur



Internetið man

Við fáum öll klæðskerasniðnar auglýsingar á internetinu. Við höfum látið fjölmörgum aðilum í té upplýsingar um staðsetningu, afmælisdag og hvaða lit við viljum helst á kaffivélinni sem hægt er að vinna með því að læka og deila myndinni, en við höfum líka samþykkt að aðilar eins og Facebook og Google fylgist með því á hvaða síður við förum og velji svo viðeigandi auglýsingar fyrir okkur út frá þeirri mynd sem netræpið gefur af okkur.

Þegar við skoðum draumafrisferð til Afríku en kaupum hana ekki (af því að það er ekki endalaus heimild á þessu vísakorti) heldur Facebook, í samstarfi við ferðaskrifstofuna, áfram að auglýsa hana fyrir okkur, þangað til við gefumst upp og splæsum bara á okkur.

Ég nota netið mikið. Kaupi nánast allt til heimilisins, fót og gjafir í gegnum netið og fæ sent heim. Sparar tíma og réttlætir að hanga í símanum fyrir framan sjónvarpið á kvöldin. Hvað? Ég er að kaupa í matinn hérna (og lesa innblásturstilvísanir á Instagram-síðunni hjá Britney Spears. Á laugardagskvöldi).

Þó að við séum að versla erum við gjaldmiðillinn. Allar upplýsingar um kauphegðun, áhugamál og hvaða tímstundir börnin stunda. Facebook er ekki ókeypis, sjáði til.

Ég vil bara biðja ykkur um að fara varlega. Núna, þegar þið eruð búin að gefa allar upplýsingar um ykkur, þarf miklu meira til að standa gegn því sem er verið að auglýsa. Því að það er verið að auglýsa nákvæmlega það sem þig langar í.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

365 Lækkðu verðið á GSM reikningum þínum

ENDALOUS

SÍMTÖL & SMS

Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB	1 GB
790 KR	1680 KR
5 GB	30 GB*
2680 KR	2990 KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817



TEMPUR®

Við höfum endurskapað heilsudýnuna. Aftur.
Rennilásinn er líklega það eina sem við endurhönnuðum ekki.

TEMPUR-DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
LÝKUR Á MORGUN
LAUGARDAG

Háþróað TEMPUR® efni

Precision™ Micro gormar

NÝJA TEMPUR® Hybrid heilsudýnan
Með því að sameina háþróaða TEMPUR® efnið og hina vönduðu Precision™ micro gorma aðlagar nýja TEMPUR® Hybrid heilsudýnan sig fullkomlega að líkamanum og bregst við hreyfingum þínum þannig að þú upplifir réttan stuðning og hámarksþægindi.

Til enn frekari þægindaauka er dýnan klædd QuickRefresh™ áklæði sem taka má af með rennilás og þvo.

TEMPUR® HYBRID HEILSUDÝNAN

Frumlegasta hönnun TEMPUR til þessa!



QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI

Rennilás gerir það afar einfalt er að taka QuickRefresh áklæðið af dýnunni og þvo.



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK